# Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

| | Tengiliður | Efni | Dags. bréfs | Sótt um kr. | Sótt um áður | Tillaga að styrk | Málsnúmer |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |
| 1 | Valgeir Sigurðsson | Breiðholt festival 2018 | 9.4.2018 | 500.000 | 500.000 kr árlega undanfarin ár | 500.000 | R18040183 |
| 2 | Hilda Karen Garðarsdóttir | Hestadagar 2018 | 9.4.2018 | 550.000 | Árleg úthlutun 2017 | 500.000 | R18040179 |
| 3 | Helgi Þór Gunnarsson | Fc Sækó - Geðveikur fótbolti | 9.4.2018 | 1.000.000 | 280.000 í fyrra | 500.000 | R18040184 |
| 4 | Stella Soffía Jóhannesdóttir hjá forlaginu | 111, ljósmyndabók með myndum eftir Spessa | ódags. | 500.000 | nei | 200.000 | R18040182 |
| 5 | Sigurþór Hallbjörnsson - Spessi | 111 Reykjavík - listasýning | ódags. | 600.000 | nei | 500.000 | R18040181 |
| 6 | Með oddi og eggi - Már Guðlaugsson | Hverfablað: Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir | 10.3.2018 | 500.000 | 400.000 undanfarin ár | 400.000 | R18040052 |
| 7 | Með oddi og eggi - Már Guðlaugsson | Hverfablað: Miðborg og Hlíðar | 10.3.2018 | 500.000 | 400.000 undanfarin ár | 400.000 | R18040051 |

# Matarhátíð alþýðunnar 2018

Umsókn um styrk úr borgarsjóði Reykjavíkurborgar

## Um Matarhátíð alþýðunnar

Íslensk matvælaframleiðsla er spennandi atvinnugrein sem státar af hágæða afurðum. Þessum tíðindum hafa verið gerð góð skil út frá sjónarhóli svínabænda á Matarhátíðinni *Reykjavík Bacon Festival* sem haldin var á Skólavörðustígnum í ágústmánuði á árunum 2011-2015. Hátíðin hefur fest sig í sessi og gestum fjölgað ár frá ári og áhugi annarra matvælaframleiðenda fyrir þátttöku er sífellst að aukist. Árið 2016 var því ákveðið að líta til fleiri þátta íslenskrar matvælaframleiðslu og var nafninu í framhaldinu breytt í *Matarhátíð alþýðunnar.* Skemmst er frá því að segja að breytingarnar mæltust vel fyrir og mættu um 50-60 þúsund gestir enda hátíðin haldin á besta tíma árs og er vinsæl meðal borgarbúa en með skýr tengsl við verðmætasköpun á landsbyggðinni. Vinsældirnar höfðu þó orðið til þess að hátíðin hálfpartinn sprengdi utan af sér og sást fljótlega að gera þyrfti breytingar til þess að halda henni áfram.

Hingað til hefur allt utanumhald og verkstýring verið á höndum "Baconbræðra" sem hafa verið frumkvöðlar að uppbyggingu hennar og gert allt í sjálfboðavinnu. Einhverjir styrkir hafa fengist til þess að kaupa að aðföng sem þarf auk skemmtiatriða en með mikilli fjölgun gesta ár frá ári er talin þörf á frekara fjármagni til að hátíðin haldi sessi. Ekki tókst að halda upp á hátíðina sumarið 2017 og því er mikill vilji fyrir því að svo verði árið 2018.

## Verðmætasköpun

Mikil tækifæri felast í þessari hátíð fyrir bændur og matvælaiðnaðinn til að sýna samstöðu og leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu hér á landi og kynna þær gæðavörur sem íslenskar landbúnaðarafurðir eru, þá sérstaklega í kjölfar umræðunnar um landbúnað á Íslandi á síðustu misserum. Á hátíð sem þessari er líka verið að tengja saman höfuðborgina og landsbyggðina sem er einstaklega mikilvægt fyrir bændur og þeirra framleiðslu.

Það væri mikill styrkur að fá hjálp frá Reykjavíkurborg til þess að kynna fjölbreytileika íslenskrar matvælaframleiðslu enn betur og á frumlegan og skemmtilegan hátt. Fyrirtæki í afurðageiranum geta auk þess nýtt hátíðina til að kynna nýjar vörulínur og vöruþróun og á sama tíma skapað skemmtilegt andrúmsloft í Reykjavík. Í tengslum við hátíðina væri möguleiki að hanna borða eða lógó sem aðilar sem koma að hátíðinni notað til að merkja vörur sínar til að auka sýnileika þeirra. Þá er hátíðin góð leið fyrir iðnaðinn að starfa saman í jákvæðu verkefni sem getur aukið samstöðu og leitt af sér fleiri verkefni.

Veitingastaðir í borginni og víðar yrðu með kynningar á matarréttum gerðum úr afurðum frá íslenskum matvælaframleiðendum og í staðinn fá veitingastaðirnir afurðir frá framleiðendum sem þeir geta nýtt á sínum stöðum til sölu. Fyrir tveimur árum heppnaðist þetta sérstaklega vel þar sem veitingarstaðirnir gerðu marga nýstárlega rétti úr íslenskum afurðum. Gestum gefst kostur á að kaupa ódýra matarmiða til þess að tryggja stýringu við tjöld veitingastaðanna og

einfalda ferlið til muna. Einnig eru uppi hugmyndir um að dreifa hátíðinni enn frekar um Reykjavík og gefa enn fleirum tækifæri til að taka þátt árið 2018. Til að mynda væri Grandi, Fógetatorgið, Hlemmur og fleiri staðir tilvaldnir til þess til að dreifa fjöldanum og hátíðinni um leið.

Mikil reynsla hefur skapast í þau 6 ár sem hátíðin hefur verið haldin og mikilvægt er að byggja á þeim grunni sem skapast hefur. Frumkvöðlarnir sem hafa komið þesari hátíð á þann stað sem hún er í dag eru mikilvægur þáttur í ímynd hennar og þess vegna mikilvægt að þeir haldi áfram að móta hugmyndir og kynna hátíðina með það að markmiði að ná fram enn skemmtilegri upplifun og andrúmslofti. Þeir hafa einstakt lag á að koma sér á framfæri og geta verið mikilvægir í allri hugmyndavinnu og kynningarmálum. Hingað til hafa þeir sem fyrr segir unnið allt í sjálfboðavinnu og allur hagnaður sem komið hefur af miðasölu runnið til góðgerðastarfs.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við hátíðina verði um 17-19 milljónir og þörfin fyrir hráefni, svo sem kjöt, fisk og grænmeti er 4-5 tonn sem mikilvægt er að lykilaðilar í matvælaframleiðslu aðstoði við að fjármagna. Með aðkomu og hjálp Reykjavíkurborgar má stækka þessa hátíð enn frekar og gera þannig íslenskum iðnaði hátt undir höfði á besta tíma í miðbæ Reykjavíkur og á sama tíma tengja viðburðinn við borgina. Íslenskur matvælaiðnaður hefur góða sögu að segja og viðburður á borð við *Matarhátíð alþýðunnar* er áhrifarík leið til að miðla þeim skilaboðum.

## Markmið hátíðarinnar

Eins og fyrr segir eru markmið hátíðarinnar margþætt. Til að mynda:

- Að efla mátt íslenskrar matvælaframleiðslu með því að kynna hana fyrir Íslendingum og ferðamönnum á skemmtilegan hátt í miðborg Reykjavíkur.
- Að virkja og hvetja veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu til að nýta ferskt íslensk hráefni og á sama tíma styrkja matvælaframleiðendur á Íslandi.
- Halda á lífi skemmtilegum viðburði í hjarta Reykjavíkur sem tekið er eftir.

## Verk- og tímaáætlun

Gert er ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra helgina í ágúst en það yrði ákveðið í samráði við Reykjavíkurborg og fundinn tími sem hentar öllum aðilum.

Skipulagning hátíðarinnar myndi byrja í febrúar/mars. Þá þarf að hafa samband við alla hlutaðeigandi aðila, kynna fyrir þeim fyrirkomulag hátíðarinnar og fá þá til samstarfs. Vinnan við hátíðina sjálfa hefst í lok júlí/byrjun ágúst. Undirbúningsvinnan felur í sér samskipti og samningagerð við birgja og veitingastaði og semja um það hvað veitingastaðirnir ætla að bjóða upp á. Hafa þarf samband við styrktaraðila helst í byrjun næsta árs eða í lok þessa árs svo þeir geti gert ráð fyrir hátíðinni í áætlunum sínum.

Til að taka þetta saman myndi starfsmaður vera í 100% stöðu við skipulagningu í einn mánuð en vinnan dreifist þó á nokkra mánuði. Reynslan sýnir að erfitt er að vinna að hátíðinni yfir sumarfrísmánuðina og á álagstímum hjá veitingastöðum. Vinnan myndi helst felast í tölvupóstsamskiptum, símhringingum og sameiginlegum fundum hlutaðeigandi aðila.

Botnlaus vinna tekur svo við síðustu daga fyrir hátíðina – að græja og gera.

**Væntanlegur árangur og ávinningur**
Vonast er til að hátíðin muni festa sig í sessi hérlendis og verða að árlegum atburði sem beðið er eftir. Einnig væri stór plús ef vel tækist til við að kynna hátíðina erlendis og þannig gera hana að eftirsóttum viðkomustað matgæðinga utan úr heimi.

Hátíð sem þessari fylgja miklir möguleikar hvað varðar framtíðarþróun og væri til að mynda hægt að halda minni útgáfu af Matarhátíð alþýðunnar á fleiri stöðum víðsvegar um landið en þó alltaf með svipuðum áherslum og markmiðum. Myndi það enn frekar gefa íslenskri matvælaframleiðslu byr undir báða vængi hvað varðar kynningu og fleira.

## Fjárhagsáætlun
Hér gefur að kynna helstu fjárhagstölur:

**Kostnaður**
- Laun starfsmanna: 1.600.000
- Markaðs- og kynningarmál: 2.210.000
- Hráefniskostnaður: 9.200.000
- Skemmtiatriði: 1.000.000
- Uppsetning hátíðar: 4.360.000
- Annar rekstrarkostnaður: 520.000 (Endurskoðun og annar kostnaður sem fellur til)

***Samtals: 18.890.000***

### Tekjur
- Seldir miðar: Hver matarmiði kostar 350kr.
  Á síðustu hátíð seldust rúmlega 9.100 miðar
  Tekjur af miðasölu um 3.200.000kr.
- Leiga á básum: Við leigjum bása fyrir veitingastaðina til afnota á Skólavörðustígnum.
- Styrkir frá samstarfsaðilum:
  Að síðustu hátíð stóðu SS, KS og MS. Á árum áður komu ALI og Stjörnugrís að hátíðinni sem styrktaraðilar og í ár ætlum við einnig að leitast eftir að fá annars konar matvælaframleiðendur með okkur, svo sem grænmeti og fisk.
  Heildarstyrkir til hátíðarinnar hafa numið hæst 2.500.000kr.

### Aðstandendur hátíðarinnar eru:
Árni Georgsson
Benedikt Ingi Tómasson
Björn Ófeigsson
Bogi Guðmundsson
Bolli Ófeigsson
Jóhann Jónsson
Jón Ólafur Sigurjónsson

Ragnar Ingólfsson
Sigfús Ólafsson
Þorbjörn Sigurbjörnsson

**Samstarfsaðilar:**
Aton – mun sjá um kynningar- og markaðsmál
Bændasamtökin
Garri
o.fl.

**Tengiliður vegna umsóknar:**

# Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

## Umsækjandi

| | |
|---|---|
| **Málsnúmer** | **P-2017-10-02-0332** |
| **Nafn umsækjanda** | Reykjavík Bacon Festival ehf. |
| **Kennitala** | 5008121170 |
| **Heimilisfang** | Þinghólsbraut 24 |
| **Netfang** | thorbjornsig@gmail.com |
| **Póstnúmer** | 200 |
| **Staður** | Kópavogur |
| **Símanúmer 1** | 6986797 |
| **Símanúmer 2** | 8477419 |
| **Nafn ábyrgðarmanns** | Þorbjörn Sigurbjörnsson |
| **Kennitala ábyrgðarmanns** | 2901784799 |
| **Heimilisfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Póstnúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Netfang ábyrgðaraðila** | - |
| **Símanúmer ábyrgðaraðila** | - |
| **Hlutverk ábyrgðaraðila** | Framkvæmdastjóri |
| **Banki** | 0526 |
| **Höfuðbók** | 26 |
| **Reikningsnúmer** | 005008 |

## Lýsing á verkefni

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis** | Matarhátíð alþýðunnar / Reykjavík Bacon Festival |

**Verkefnið í hnotskurn**
Matarhátíð í miðbæ Reykjavíkur. Fjölskylduhátíð sem haldin utandyra og sameinar matarframleiðendur landsins.

**Verkefnislýsing**
Sótt er um styrk frá Reykjavíkurborg til þess að kynna fjölbreytileika íslenskrar matvælaframleiðslu enn betur og á frumlegan og skemmtilegan hátt. Fyrirtæki í afurðageiranum geta auk þess nýtt hátíðina til að kynna nýjar vörulínur og vöruþróun og á sama tíma skapað skemmtilegt andrúmsloft í Reykjavík. Í tengslum við hátíðina væri möguleiki að hanna borða eða lógó sem aðilar sem koma að hátíðinni notað til að merkja vörur sínar til að auka sýnileika þeirra. Þá er hátíðin góð leið fyrir iðnaðinn að starfa saman í jákvæðu verkefni sem getur aukið samstöðu og leitt af sér fleiri verkefni. Um er að ræða eins dags hátíð og standa þarf straum af kostnaði við laun, markaðsmál, skemmtiatriði og uppsetningu hátíðarinnar.

| | |
|---|---|
| **Sótt er um verkefni á sviði** | Menningarmála |

**Markmið**
Markmið hátíðarinnar er að efla mátt íslenskrar matvælaframleiðslu með því að kynna hana fyrir Íslendingum og ferðamönnum á skemmtilegan hátt í miðborg Reykjavíkur. -Að virkja og hvetja veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu til að nýta ferskt íslensk hráefni og á sama tíma styrkja matvælaframleiðendur á Íslandi. -Halda á lífi skemmtilegum viðburði í hjarta Reykjavíkur sem tekið er eftir.

| | |
|---|---|
| **Hverjir hafa helst hag af** | Bæði kynin jafnt |

**styrknum?**

| | |
|---|---|
| **Hverjir munu vinna að verkefninu?** | Bæði kynin jafnt |
| **Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)** | Verkefnið hefur ekki ólík áhrif á kynin. |
| **Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?** | Engum er mismunað á hátíðinni og reynt að koma til móts við þarfir allra. |

**Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?**
Mikil tækifæri felast í þessari hátíð fyrir bændur og matvælaiðnaðinn til að sýna samstöðu og leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu hér á landi og kynna þær gæðavörur sem íslenskar landbúnaðarafurðir eru, þá sérstaklega í kjölfar umræðunnar um landbúnað á Íslandi á síðustu misserum. Á hátíð sem þessari er líka verið að tengja saman höfuðborgina og landsbyggðina sem er einstaklega mikilvægt fyrir bændur og þeirra framleiðslu.

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**
Gert er ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra helgina í ágúst en það yrði ákveðið í samráði við Reykjavíkurborg og fundinn tími sem hentar öllum aðilum. Undirbúningur hátíðar byrjar í febrúar. Vinna við hátíðina hefst í júlí.

## Verkþættir og fjármögnun

**Áætluð útgjöld**

**Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir**

| Áætluð útgjöld | Upphæð |
|---|---|
| Laun | 1600000 |
| Markaðsmál | 2210000 |
| Hráefniskostnaður | 9200000 |
| Skemmtiatriði | 1000000 |
| Uppsetning hátíðar | 4360500 |
| Annar rekstrarkostnaður | 520000 |

**Samtals** **18.890.500**

**Áætlaðar tekjur**

**Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir**

| Áætlaðar tekjur | Upphæð |
|---|---|
| Miðasala | 3000000 |
| Styrkir | 12000000 |
| - | - |

**Samtals** **15.000.000**

**Upphæð sem sótt er um:** -

**Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:**

| Fjármögnunaraðili | Upphæð |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | - |

| | |
|---|---|
| - | - |
| - | - |

Samtals
0

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?**

| Styrkveitandi | Upphæð |
|---|---|
| - | - |
| - | - |
| - | - |

| | |
|---|---|
| **Samtals** | **0** |

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?** | - |
| **Hefur umsækjandi áður fengið styrk úr borgarsjóði ? Ef svo er, hvenær og hver var upphæð styrksins/styrkjanna?** | - |
| **Annað sem umsækjandi vill taka fram** | - |



Breiðholt Festival
Frítt inn!
SELJA-
KIRKJA
Öldusels-
laug
Skúlptúr-
garðurinn
Vinnu-
smiðjan
Öldusels-
skóli
Vogasel
Breiðholtsbraut
Stoppistöð:
Mjódd
Ystasel
Ölduset
Skógarsel
Stoppistöð:
Íþróttamiðstöð / ÍR
Ystasel
Skógarsel
Reykjanesbraut
109 Reykjavík
Breiðholt Festival

# Sótt er um styrk til Borgarráðs fyrir Breiðholt Festival 2018

**Breiðholt Festival** sækir um styrk að upphæð 500.000 kr til Borgarráðs til að standa straum af hátíðinni 2018. Tengiliður: Valgeir Sigurðsson (**valgeir@greenhouse.is**)

**Um Breiðholt Festival:**
Breiðholt Festival er menningarhátíð sem beinir sjónum að þeirri listsköpun og menningarlífi sem fer fram í Breiðholti. Listamenn koma fram sem tengjast hverfinu með margvíslegum hætti og viðburðir hafa verið af ýmsum toga, allt frá tónleikum, myndlistarsýningum, opnum vinnusmiðjum, samfloti, fatahönnun, leiksýningum til innsetninga.

Hátíðin var stofnuð árið 2015 og hefur verið haldin árlega síðan þá (2015, 2016 og 2017). Á hátíðinni hefur komið fram fjöldinn allur af framúrskarandi listamönnum úr ólíkum áttum. Þar má nefna Nico Muhly, Sjón, Markéta Irglova, sóley, Cell 7, Lóa Hjálmtýsdóttir, Davíð Örn Halldórsson o.fl. Vinsamlegast sjáið myndir frá síðustu hátíðum á vefsíðu okkar www.breidholtfestival.com/myndir.html

Í ár stendur hátíðin á tímamótum, þar sem hefur verið ákveðið að hrista upp í dagskránni og prufukeyra samstarf við Listahátíð í Reykjavík í fyrsta sinn. Þetta er einnig í fyrsta sinn sem viðburðir teygja sig yfir í Efra-Breiðholt, en hingað til hefur hátíðin verið haldin í og við Seljadal.

Breiðholt Festival stendur á bak við þrjá aðalviðburði í ár;

1) *Baðaðu þig í bíómúsík*; tónlistarviðburður í Ölduselslaug
2) *Asparfell*, dansverk eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts
3) *111*, ljósmyndasýning Spessa í RÝMD

Vinsamlegast sjá nánari upplýsingar um viðburðina á bls. 3

**Markmið**
Eitt af yfirmarkmiðum hátíðarinnar er að vekja athygli á þeirri fjölbreyttu og frambærilegu listsköpun sem tengist hverfinu. Einnig viljum við stuðla að jákvæðri ímynd og uppbyggingu hverfisins og hvetja hverfisbúa til að koma út úr húsum sínum, kynnast og njóta menningar innan göngufæris í heimabyggð sinni.

**Um aðstandendur hátíðarinnar:**
Listrænir stjórnendur: Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson.
Kynningarfulltrúi: Selma Reynisdóttir.
Tæknistjóri: Francesco Fabris.
Grafísk hönnun: Bobby Breiðholt
Hátíðin er framleidd af Bedroom Community í góðu samstarfi við Hverfismiðstöð Breiðholts - og nú Listahátíð í Reykjavík.

**FJÁRHAGSÁÆTLUN**

KOSTNAÐARLIÐIR:

Laun listamanna: 700.000 kr
Laun skipuleggenda: 700.000 kr
Grafísk hönnun: 100.000 kr
Kynningarefni og auglýsingar: 150.000 kr
Ljósmyndari: 70.000 kr
Leiga á hljóðkerfi og tæknibúnaði: 200.000 kr
Akstur og skrifstofukostnaður: 50.000 kr
Annað: 100.000

ALLS: 2.000.070 kr

TEKJULIÐIR:

Hverfismiðstöð Breiðholts: 300.000 kr
Hverfisráð Breiðholts: 300.000 kr
**Borgarráð Reykjavíkur: 500.000 kr**
Listahátíð í Reykjavík: 700.000 kr
Eigið fé (Bedroom Community): 270.000 kr

ALLS: 2.000.070 kr

DAGSKRÁ BREIÐHOLT FESTIVAL 2018

**BAÐAÐU ÞIG Í BÍÓMÚSÍK!**
Laugardagurinn 9. júní í Ölduselslaug, kl 14 - 18

Breiðholt Festival býður gestum að fljóta um í Ölduselslaug og hlusta á tónlist sem streymir úr hátölurum undir vatnsyfirborðinu.

Tónverkin eiga það sameiginlegt að hafa verið samin fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti af íslenskum tónskáldum sem tengjast Breiðholti með ýmsum hætti. Flest verkanna hafa hlotið ýmsar tilnefningar og verðlaun, Pétur Ben hlaut Edduverðlaunin í ár fyrir tónlist sína við sjónvarpsþættina *Fanga* og Daníel Bjarnason hlaut Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlist sína við kvikmyndina *Undir trénu.*
Eftirfarandi tónlist verður hægt að fljóta um á hátíðinni:

Jóhann Jóhannsson og Hildur Ingveldardóttir-Guðnadóttir: *Mary Magdalena*
Múm: *Svanurinn*
Pétur Ben: *Fangar*
Daníel Bjarnason: *Undir Trénu*
Ben Frost: *Dark*

Eftir sundsprettinn er tilvalið að gæða sér á veitingum á alþjóðlega matarmarkaðnum sem verður á sundlaugarbakkanum og upplifa ýmsar óvæntar uppákomur.

**ASPARFELL - blokk partý**
**Dansverk eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts**
Laugardagurinn 9. júní í Asparfelli, kl 16

Þér er boðið í alvöru blokkarpartý! Íbúar blokkarinnar í Asparfelli 2-12 í Breiðholti ætla að bjóða gestum Listahátíðar í danspartý á heimilum sínum. Í íbúðum blokkarinnar býr fólk á öllum aldri, af mismunandi uppruna og kynjum, fjölskyldur, einstaklingar, vinir, pör og dýr. Húsráðendur ætla að opna íbúðir sínar og gestum er boðið að rápa á milli íbúða og taka þátt í alls konar partýum með fjölbreyttum gestgjöfum. Í sumum íbúðum verða partýin stór og með hárri tónlist, full af dansandi fólki á meðan önnur verða rólegri, fámenn og lágvær - og svo allt þar á milli. Húsráðendur hanna sinn heimavöll og stjórna sínu partýi.
Nágrannar ætla að sameina krafta sína og fólk sem kannski hittist ekki oft í daglegu lífi ætlar að fagna samfélaginu sínu og hverju öðru – þó það sé bara rétt á meðan á blokkarpartýinu stendur. Gestir Listahátíðar munu dansa með húsráðendum Asparfells, heyra sögur þeirra og kynnast daglegu lífi þeirra. Þannig verðum við öll betri nágrannar hvers annars.

**111: Ljósmyndasýningu Spessa í RÝMD**
Laugardagurinn 9. júní í Rýmd, kl 15

Breiðholtið og stoltir íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í nýrri röð ljósmynda Spessa sem sýndar eru í galleríinu Rýmd í Völvufelli. Portrettmyndir Spessa úr 111 bera það með sér að hann hefur komist í nálægð við alls konar fólk sem byggir Breiðholtið. Hann gætir þess að halda hæfilegri fjarlægð af virðingu við viðfangsefnið. Hér er á ferðinni örsaga kynslóða í hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni.

„Í portrettmyndum Spessa er engu líkara en viðfangsefnið, umhverfið og væntingar ljósmyndarans renni saman í eina órofa heild. Hann veit að hverju hann leitar en er ekki alveg öruggur um hvað hann fær. Eftirvæntingin skilar sér í einhvers konar undarlega settlegri óvissustemningu." E.G.

## LISTRÆNIR STJÓRNENDUR HÁTÍÐARINNAR:

**Valgeir Sigurðsson** hefur starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið í Breiðholti frá árinu 1997 og hefur unnið náið þar með ýmsum virtum og framsæknum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Meðal þeirra eru Will Oldham, Feist, Kronos Quartet, CocoRosie, Ane Brun og Camille. Valgeir stofnaði hljómplötuútgáfuna Bedroom Community árið 2006, hann hefur verið listrænn stjórnandi þar frá upphafi og stjórnað upptökum á öllum plötum útgáfunnar. Auk þess að starfa sem upptökustjóri, hefur Valgeir samið eigin tónlist sem og verk fyrir aðra flytjendur, leikhús, sjónvarp og dansverk.

**Sigríður Sunna Reynisdóttir** stofnaði leikhópinn VaVaVoom í félagi við Söru Martí árið 2011, en bækistöðvar hópsins hafa verið til húsa í Vogaseli frá 2012. VaVaVoom hefur framleitt sýningarnar *Hands Up!* (2011) sem hlaut Tallinn Treff Festival verðlaunin, *Nýjustu fréttir* (2012) sem hlaut tilnefningu fyrir Sprota ársins og Tónlist ársins á Grímunni 2012 og nú síðast *WIDE SLUMBER* sem var frumsýnd á Listahátíð í Reykjavík í lok maí 2014. Sunna var einnig listrænn stjórnandi alþjóðlegu brúðuleikhúshátíðarinnar B I P Festival árið 2011 og hefur fjölbreytta reynslu af störfum sem framleiðandi, verkefnastjóri og kynningarfulltrúi. Hún hefur starfað mestmegnis við leikmynda- og búningahönnun síðustu ár.

## FRAMLEIÐANDI HÁTÍÐARINNAR:

**Bedroom Community** plötuútgáfan var stofnuð af Valgeiri Sigurðssyni árið 2006 í félagi við Ben Frost og Nico Muhly, síðar bættust í hópinn Sam Amidon, Daníel Bjarnason, Puzzle Muteson, Paul Corley, Nadia Sirota, James McVinnie og Jodie Landau. Þetta alþjóðlega samfélag listamanna á sér höfuðstöðvar í hljóðverinu Gróðurhúsinu í Breiðholti en hefur teygt anga sína um víða veröld.

Plötuútgáfa lýsir í raun aðeins broti af starfsemi Bedroom Community, en hún hefur staðið á bak fjölda listviðburða hér heima og erlendis. Þeirra á meðal má nefna tónleikhúsverkið *Wide Slumber* sem var frumsýnt á Listahátíð í Reykjavík 2014 í samstarfi við VaVaVoom Theatre, tónleikaröðina The Whale Watching Tour sem ferðaðist um Evrópu 2011-2012 og heimildarmyndin *Everything, Everywhere, All the Time*. Útgáfan fagnaði 10 ára afmæli sínu árið 2016 með hátíðardagskrá í Eldborg með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Iceland Airwaves.

iðburðir



ın Árný Karlsdóttir
gjafi á Open Mic-
KÍTON á Café
berg í kvöld. Bæði
ır og óþekktar
arkonur í KÍTON
ıpp á Open Mic-
ım.

rðir →4



# Mikil gróska í Breiðholti

Menningarhátíðin Breiðholt Festival verður haldin í þriðja sinn á sunnudag. Þar verður mikið um tónlistarviðburði í bland við fatahönnun, dans og leiklist. Boðið verður upp á úti- og matarmarkað og eru íbúar hverfisins hvattir til að koma og kynnast nágrönnunum. →2





Hátíðarhöldin fara fram í Seljadal og þá aðallega við Skúlptúrgarð Hallsteins Sigurðssonar í Ystaseli 37, sem er á bak við Ölduselsskóla. Aðrir hátíðarstaðir eru Ölduselslaug, Gróðurhúsið hljóðver Seljakirkja. Fjöldi fólks stendur að baki hátíðinni. Valgeir er hér lengst til hægri. MYNDIR: ERNIR

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Breiðholt Festival er menningarhátíð sem gerir listamönnum sem tengjast Breiðholti og þeirri listsköpun sem þar fer fram hátt undir höfði. Hún verður haldin sunnudaginn 11. júní næstkomandi, í þriðja sinn. Hátíðarhöldin fara fram í Seljadal og þá aðallega við Skúlptúrgarð Hallsteins Sigurðssonar í Ystaseli 37, sem er á bak við Ölduselsskóla. Aðrir hátíðarstaðir eru Ölduselslaug, Gróðurhúsið hljóðver og Seljakirkja.

Hugmyndin að hátíðinni kviknaði hjá hjónunum Valgeiri Sigurðssyni tónlistarmanni og Sigríði Sunnu Reynisdóttur leikhúslistakonu en þau reka hljóðverið Gróðurhúsið og útgáfufyrirtækið Bedroom Comunity sem hvort tveggja er starfrækt í Breiðholti. Þau hafa síðan fengið til liðs við sig fjölda annarra sem standa að baki hátíðinni.

Aðspurður segir Valgeir listamennina sem koma fram á hátíðinni tengjast Breiðholti með einum eða öðrum hætti. „Þetta er ýmist fólk sem býr eða hefur búið í hverfinu, hefur unnið hér eða á ljósar og óljósar tengingar við hverfið." Hann segir hugmyndina að leyfa fólki að kynnast því sem er að gerast og gerjast í hverfinu. „Markmiðið er ekki síður að fá fólk til að koma út úr húsunum sínum því þó hér búi margt fólk vantar kaffihús og aðra samkomustaði. Þetta er okkar viðleitni til að bæta úr því."

Hátíðin í ár er að hluta helguð Gróðurhúsinu en það á tuttugu ára starfsafmæli í ár. Hluti listamannanna sem koma fram hafa tekið upp í hljóðverinu. Má þar nefna Óskarsverðlaunahafann Markétu Irglovu sem hlaut Óskarinn fyrir lagið Falling Slowly í myndinni Once árið 2008. Það sama á við um hljómsveitina aYia. Aðrir sem stíga á svið eru Sóley, Ólöf Arnalds, Batucada, RuGl og Marteinn Sindri svo dæmi séu nefnd. Þá verður einleikurinn Hún pabbi, sem var sýndur í Borgarleikhúsinu í vetur, settur á svið auk þess sem boðið verður upp á tískureif, dansnámskeið, samflot í vatni og ýmislegt fleira.

„Þá ætlum við að vera með úti- og matarmarkað til að fagna fjölmenningunni í hverfinu og geta gestir smakkað á réttum frá hinum ýmsu þjóðlöndum en íbúar hverfisins eru eins og flestir vita frá öllum heimshornum," segir Valgeir.

Hann segir hátíðina fyrir alla fjölskylduna. „Hún var haldin á sunnudegi í fyrra og ætlum við að gera slíkt hið sama í ár. Það verður myndlistarsmiðja fyrir börn í tengslum við innsetningu Ninnu Þórarinsdóttur Safn ímyndunar og furðuhluta og við hvetjum fólk til að hafa með sér sundföt og njóta fjölbreyttra viðburða í Ölduselslau

Að sögn Valgeirs tekur einur nokkrar mínútur að ganga á m staða á hátíðarsvæðinu. Allt ef göngustígum og fjarri bílaumf „Þetta er gróið svæði sem kem fólki alltaf jafn mikið á óvart o um að gera að nýta betur."

Hann hvetur Breiðholtsbúa að koma og hitta nágrannana segir hátíðina þó ekki síður so erlendum gestum og af fólki ne úr bæ og að allir séu velkomni

Hátíðin hefst klukkan 13 og stendur til 19. Aðgangur er ók en það þarf að skrá sig sérstakl á nokkra viðburði. Allar nánar upplýsingar er að finna á breid festival.com og á Facebook und breidholtfestival.

Menntaskólinn í Kópavogi - #mklífið



# Vissu ekki að Breiðholtið gæti verið svona gott

**Breiðholt Festival fer fram um helgina og er dagskrá af fjölbreyttum toga. Sunnudagsblaðið ræðir við þrjá listamenn sem koma munu fram um hátíðina, þeirra listræna framlag og tengsl þeirra við hverfið.**

Matthías Tryggvi Haraldsson mth@mbl.is

g hef alltaf litið svo á að við eig-
um að spila fyrir alla, unga
sem aldna. Við eigum ekki að
ra lerkgíaða og framsækna tónlist
r einhvern ákveðinn hóp heldur
a hana á borð fyrir hvern sem er
efa alls konar fólki tækifæri til að
lifa eitthvað brjálað um hábjartan
. Þannig eigum við að rúlla," segir
stín Björk Kristjánsdóttir, einn
ra listamanna sem fram koma á
hátíðinni Breiðholt Festival á
rgun, sunnudag. Blaðamaður hafði
gið veður af fjölbreyttri dagskrá
ðarinnar og ákvað að banka á dyr
ðdetöðvarnna, Gróðurhúsið hljóð-
, en það er útgáfan Bedroom
mmunity sem stendur að hátíðinni
r þar til húsa.
Eins og ég sé Bedroom Comm-
y er það ótrúlega mikilvægur
mur fyrir ævintýragjaða tónlist.
er alveg sérstakur galdur í þess-
félagsskap og svo vel valin pall-
af tónlist að hún hefur haft mjög



Þau Kristín, Herm...
gervill og Lóa teng...
Breiðholtinu öll m...
einhverjum hætti.

Morgunblaði...

djúpstæð áhrif á íslenskt tónlistarlandslag og þótt víðar væri leitað," segir Kristín.

## Eins og Astrid Lindgren í sovéskum ólátagarði

„Það er mikill gæðastimpill yfir þessu nafni," bætir Lóa Hjálmtýsdóttir við, annar listamaður sem sunnudagsblaðið ræddi við. Verður hún með teikningar og texta til sýnis á hátíðinni, sem færa munu gesti „inn og út úr Breiðholti á sautján blaðsíðum, eins konar sjálfsævisögulegan formála."

Lóa er Breiðhyltingur í húð og hár, alin upp í Hólunum, og hefur jafnlegt mispjafnt að segja af æsku sinni, eins og sjá má á teikningum hennar.

„Maður er loksins orðinn ófeiminn við að skarta uppruna sínum, ekki eins og áður fyrr. Maður sagðist gjarna vera utan af landi.

Ég held að þetta sé að hluta til komið frá mömmu minni, þessi neikvæða sýn mín á hverfið. Ég ólst upp við að þetta sé ömurlegt. Þó átti ég æðislega vini. Æskuminningarnar eru pínu eins og ég sé alin upp í ólátagarði, eins og Astrid Lindgren ef hún hefði alist upp í Sovétríkjunum," lýsir hún með tilþrifum. „Þegar maður varð fimmtán ára fór bærinn svo að kalla til manns, en við fluttumst þá niður í bæ þótt ég væri ennþá í skóla í Breiðholti. Ég varð einhvers konar brú fyrir unglinga úr Breiðholti til miðbæjarins. Þegar unglingafylleri hófst í árganginum var ég ekkert peð lengur," segir hún.

„Ef maður vill þykjast vera töff, ef maður vill hafa það sem kallast á ensku „street credit", þá er Breiðholtið mjög góður bakgrunnur. Þetta er gulldebetkort upp á það að gera."

Kristín gekk um tíð í skól
hverfinu og tekur undir orð L
„Þegar ég bjó og gekk í skóla
hverfinu var það frekar hart
hverfi fyrir barn að alast upp
hvessir brúnirnar að alast up
Breiðholti."

Spurð að því hvort Breiðhy
muni tengja við teikningar og
hennar betur en aðrir svarar

„Örugglega ekki. Ég veit e
sinni hvað Breiðhyltingur er.
hverfið er allt annað en Fella
til dæmis. Loftmyndin af Selj
inu er tilfinnanlegri en af Fell

# For The Love Of Breiðholt: A Free Festival In Reykjavík 109



Published August 8, 2016

Breiðholt, just a ten-minute drive from downtown Reykjavík, is perhaps not an area often associated with culture. But as is often the case in Iceland, there's more going on than meets the eye. One of the biggest suburbs of Reykjavík, with a population of over 20,000, Breiðholt also boasts the city's largest immigrant population, and a history of artistic residents. The neighbourhood is home to the NÝLÓ gallery, the Gerðuberg cultural centre, and Valgeir Sigurðsson's Greenhouse recording studio, home of the Bedroom Community label.

It's from this musical family that the Breiðholt Festival sprang, headed up by Valgeir and his wife Sigríður Sunna Reynisdóttir. The 2015 debut edition was a convivial event, with a market, art, food stands, and, of course, music performances taking place in the studio and the surrounding area, including a pool, a sculpture studio and a grassy park.

"We had the idea one year prior to the first festival," says Sigríður. "We had a moment where we were shuffling gear into a van and driving it downtown for a show, as always. And we thought: 'Wouldn't it be nice if, just for once, everyone came here?' We do have a house full of equipment, after all..."

**The 109 set**

The festival focuses on artists with a connection to Breiðholt, whether personal, or through working with Greenhouse. "We include a lot of people who grew up here, then went on to live downtown, like the illustrator Lóa," says Sigríður. "On Facebook, we have the artists talking about their connections and favourite places here. For example, Jófríður's connection, apart from recording here, was that she used to see a dentist here. Funny little stories come out of this."



Last year, festival-goers got the very special opportunity of seeing Nico Muhly perform piano works to a tiny audience, who sat on rugs in one of the studio rooms. "This year, Daniel Bjarnason will play," says Sigríður. "It's a rare opportunity to see him play a prepared piano and some electronics. And Pascal Pinon will play on an old piano—one of only four of its kind, and made by an Icelander."

This year, as well as the pool and sculpture garden, the festival will also use some other buildings in the area for living room shows. "There are more houses like ours that were built around artists, to use as workshops, but also as family homes," says Valgeir. "Some are now apartments, but we wanted to get access to those spaces that remain, and show people what's going on." Sigríður continues: "These houses were built as a way of getting more culture into the suburbs, and not just 101. We wanted to re-invoke that."

Sigriður thinks things are looking bright for Breiðholt. "A lot of people are getting tired of downtown, and relocating," she says. "There's been a lot of power to the 109 atmosphere lately. So it was really easy to get this festival on its feet. The local council was great. And people just wanted to help."

# Mikið af óvenjulegum stöðum í Breiðholtinu

Stefán Þór Hjartarson skrifar 3. ágúst 2016 09:30



Hátíðin Breiðholt Festival verður haldin í annað sinn sunnudaginn 14. ágúst klukkan eitt og stendur yfir allan daginn. Á hátíðinni koma fram ýmsir listamenn af öllum sviðum listsköpunar. Í boði verða tónleikar þar sem spila til dæmis Hermigervill, Pascal Pinion og Daníel Bjarnason – það verður hægt að hlýða á kóra og myndlist verður til sýnis, vinnustofur og alls kyns aðrir viðburðir hér og þar um svæðið. Hátíðin mun fara fram í og við skúlptúragarð Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara, en Hallsteinn sjálfur verður með opna vinnustofu á svæðinu þar sem verða til sýnis smærri verk eftir hann.

„Við prufukeyrðum þetta í júní í fyrra. Það gekk bara vonum framar, við fengum geggjað veður, fína umfjöllun og góða mætingu – þannig að við höldum ótrauð áfram," segir Sigríður Sunna Reynisdóttir, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar.

*En af hverju Breiðholtið og hvernig varð þessi hugmynd um festival þar til?*

„Við Valgeir Sigurðsson, sem erum listrænir stjórnendur hátíðarinnar, vorum einfaldlega í göngutúr um Breiðholtið, okkar heimahverfi, og allt í einu fórum við að horfa á það með gests augum og áttuðum okkur á því að hér væri allt til alls til að halda góða hátíð – eins og skemmtilegir og óvenjulegir staðir.

Við erum líka bæði listamenn, ég í leikhúsi og hann í tónlist, og erum því mikið í því að fara niður í bæ með allan okkar búnað til að taka þátt í viðburðum þar og við bara ákváðum að snúa því við og fá fólk hingað. Svo eru líka persónulegar ástæður – við vildum fá fólkið út úr húsunum sínum og til að kynnast nágrönnum, vekja smá líf í hverfinu svo að mannlífið sé ekki svona aðskilið – annars vegar í miðbænum og hins vegar sé það með hálfgerðum svefnbæjarbrag hér í úthverfunum. Síðan fórum við líka að skoða hvað það er mikið af listafólki og hvað það kemur mikil menning úr hverfinu – flestir lykillistamennirnir sem koma fram hafa alist hér upp, búa enn þá í Breiðholti eða hafa unnið hér. Allir listamennirnir hafa tengingu, ólíka þó, við Breiðholt.

Á Facebook-síðu hátíðarinnar erum við að kynna listamennina einn í einu þar sem þeir segja frá tengingu sinni við hverfið og frá uppáhaldsstöðunum sínum – sem varpar nýju ljósi á hverfið. Til dæmis verður Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, tónlistar- og myndlistarkona, með teikningar tengdar Breiðholti og sjálfsævisöguleg skrif sem líka tengjast hverfinu en hún ólst upp hérna í Breiðholti og lærði myndlist í FB.

Ragnheiður Maísól Sturludóttir verður með opna vinnustofu þar sem fólk getur komið við, þar verður svona lítið Breiðholt sem á að rísa úr pappa og heitir Smáholt. Það verður alveg tilvalið fyrir fjölskyldur og vini að eyða smá tíma hjá henni þarna. Það mun lítil Breiðholtskirkja rísa úr pappa, blokkir og önnur mannvirki sem fólk þekkir úr hverfinu.

Við viljum endilega hvetja fólk til að koma með sundföt því að það verður opið í Ölduselslaug sem er yfirleitt ekki opin almenningi, hún er notuð til sundkennslu í hverfinu. Það verða viðburðir þar, það verður hægt að hlusta á hljóðinnsetningu ofan í vatninu, það verður hljómsveit, sundlaugar-zumba og ýmislegt annað þarna ofan í."

Eins og áður sagði hefst hátíðin klukkan eitt á sunnudaginn 14. ágúst og er frítt að taka þátt í öllum viðburðum hennar.



ætlað að höfða til fólks á öllum aldri sem hefur áhuga á mannlífi í sinni breiðustu mynd, segir Valgeir Sigurðsson, listrænn stjórnandi hátíðarinnar.

# SKAPANDI HVERFI

**HVERFISHÁTÍÐ** *Fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir alla aldurshópa á Breiðholt Festival á morgun en dagskráin teygir sig yfir Seljahverfið.*

Menningarhátíðin Breiðholt Festival fer fram á morgun laugardag í Seljahverfinu í Breiðholti. Þar verður boðið upp á fjölda skemmtilegra viðburða fyrir fólk á öllum aldri og er aðgangur ókeypis.

Það eru hjónin Valgeir Sigurðsson og Sigríður Sunna Reynisdóttir, sem reka saman plötuútgáfuna og listamannasamfélagið Bedroom Community, sem eiga heiðurinn af hátíðinni.

Valgeir segir þau bæði hafa verið iðin við að búa til tónlist og leikhús í hverfinu auk þess sem nokkrir nágranna þeirra séu myndlistarmenn. „Við þekkjum mikið af listafólki sem tengist Breiðholtinu á einn eða annan hátt og okkur fannst tilvalið að fólk gæti líka komið og séð það og heyrt á heimavelli. Ólíkt öðrum sérviskulegri listviðburðum sem við höfum staðið fyrir hingað til er Breiðholt Festival ætlað að höfða til fólks á öllum aldri sem hefur áhuga á mannlífi í sinni breiðustu mynd."

Dagskráin er afar fjölbreytt að sögn Valgeirs og mjög fjölskylduvæn. „Við bjóðum upp á útimarkaði, útileiki í Skúlptúrgarði, hljómsveitarbúðir á vegum Stelpur rokka, dansnámskeið DFM Company fyrir alla fjölskylduna, gerð útilistaverks með dönsku myndlistarteymi, upplestur, plötusnúða í Ölduselslaug, ljósmyndasýningu, jóðlara, lúðrasveit, slagverksgjörning, stofutónleika í Gróðurhúsinu og svo tónleikadagskrá um kvöldið þar sem listamenn á borð við Ben Frost, Kira Kira og Samaris koma fram."

Dagskrá hátíðarinnar teygir sig yfir gróið svæði í hjarta Seljahverfisins, þar á meðal Vogasel, Skúlptúrgarðinn í Ystaseli, Alaskadalinn, Ölduselslaug og félagsmiðstöðina Hólmasel. „Það er stutt á milli þessara staða og tekur bara um 5-10 mínútur að ganga á milli þeirra eftir göngustígum, fjarri bílaumferð."



**STELPUROKK** Boðið verður upp á hljómsveitarbúðir á vegum Stelpur rokka.

Mikil orka og kraftur hefur alltaf einkennt Breiðholtið að sögn Valgeirs sem birtist meðal annars í fjölbreyttri listsköpun íbúa þess. „Hér var mikil gróska þegar hverfið var að byggjast upp á sínum tíma. Breiðholtið er ungt, stórt og fjölmennt hverfi sem auk þess státar af því að hér eru hlutfallslega flestir innflytjendur. Þannig að mannlífið hér er fjölbreytt og skemmtilegt sem skilar sér svo örugglega í skapandi fólki."

Þjónustumiðstöð Breiðholts og Hverfisráð Breiðholts hafa veitt Bedroom Community dyggan stuðning við skipulagningu og undirbúning Breiðholt Festival.

## DAGSKRÁ

Nánari upplýsingar og dagskrá má nálgast á www.breidholtfestival.com og hægt er að fylgjast með okkur á Facebook-síðunni www.facebook.com/breidholt.festival

Arctic Star
BYLGJAN



**BREIÐHYLTINGAR BJÓÐA Í PARTÍ** Hluti hóps listamanna og skipuleggjenda í höggmyndagarði Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara en þar munu Breiðhyltingar sýna listir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ

# Færa fjörið aftur heim í hverfið

**Breiðholt festival er í dag þar sem boðið verður upp á listadagskrá, smiðjur og götumarkað. Breiðhyltingar eru kallaðir heim og munu troða upp.**

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is

Hugmyndin var að færa listamenn úr Breiðholti aftur heim í Breiðholtið," segir Valgeir Sigurðsson, einn skipuleggjenda Breiðholt festivals. „Okkur langaði líka að lífga upp á hverfið og þar sem það koma margir listamenn og framkvæmdafólk af þessu svæði er gaman að hóa í alla aftur. Sjón verður þeirra á meðal en hann var hluti af Medúsahópnum sem spratt upp úr Breiðholtinu þegar hverfið var að byggjast upp."

Valgeir segir lítið af uppákomum í hverfinu og að hugmyndin hafi komið þegar hann var í göngutúr í dalnum þar sem festivalið er haldið, það er á grónu svæði í hjarta Seljahverfisins í námunda við gamla bæjarstæði Breiðholts sem hverfið dregur nafn sitt af.

„Þetta er tilvalið til að sjá framan í nágrannana og setja jákvæðan fókus á Breiðholtið en það er ekki endilega í allra hugum spennandi heim að sækja. Við viljum leiðrétta þann misskilning."

Valgeir og listamenn sem koma fram á hátíðinni hafa staðið fyrir fullt af tónleikum og uppákomum í miðbæ Reykjavíkur. „Við höfum alltaf verið að dröslast niður í bæ þannig að þetta er viðleitni til að gera þetta heima í héraði."

Á hátíðinni verður sem fyrr segir dagskrá með Breiðhyltingum, einnig verður dans- og tónlistarsmiðja í boði og markaður með sölubásum. Hátíðin endar með tónleikum þar sem Ben Frost, Kira Kira og Samaris koma meðal annars fram.

**Hvað?** Breiðholt Festival
**Hvar?** Gróðurhúsinu – Vogaseli 9, Hólmaseli, Ölduselslaug, Skúlptúrgarðinum í Seljahverfi
**Hvenær?** Í dag klukkan 13-22
**Aðgangur ókeypis**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
7. tbl. 23. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

# Breiðholt Festival

Breiðholt Festival verður haldið öðru sinni í Seljahverfi í næsta mánuði. Að hátíðinni stendur ungt og hugmyndaríkt fólk sem hefur komið sér fyrir á friðsælum stað í byggðinni og unnið að listum og menningu – ekki bara á heimavísu heldur mikið fremur á heimsvísu. Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður hefur starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið í Breiðholti í vel á annan áratug og hljómplötuútgáfuna Bedroom Community frá árinu árið 2006. Sigríður Sunna Reynisdóttir brúðuleikhús- og sviðslistamaður starfrækir síðan VaVaVoom leikhúsið í Vogaselinu.

Með Breiðholt Festival vilja þau í fyrsta lagi kynna þá starfsemi sem fram fer í Vogaselinu og miðla Breiðhyltingum og öðrum af því sem þau eru að fást við. En einnig að miðla þeirri sköpun og þeim styrk sem Breiðhyltingar eiga. Þau vilja ná til sem festra innfæddra sem nýbúa að þessu leyti en Breiðholtið er eitt öflugasta fjölmennigarsvæði Reykjavíkur.

Það er von að sem flestir leggi leið sína í Vogaselið, gamla Alaskadalinn og nærliggjandi svæði þar sem viðburðir Breiðholt Festival munu fara fram þann 14. ágúst næst komandi.





Lúðrasveit leikur á göngu á Breiðholt Festival á liðnu ári.

# Hvað er að gerast á Breiðholt Festival

**Margra áhugaverðra viðburða mun gæta á Breiðholt Festival en eins og gefur að skilja var ekki búið að ganga frá öllum endum þegar Breiðholtsblaðið fór í prentun. Af atburðum sem má nefna er Aqua-zumba fyrir alla fjölskylduna, myndlistarsmiðjur, matarmarkaðir, stofutónleikar og myndlistarsýningar.**

Af sérstökum viðburðum sem verða í boði má m.a. geta um hljóðinnsetningu Paul Corley í Ölduselslaug, píanótónleika með Daníel Bjarnasyni, myndlistarsýningu á teikningum Lóu Hjálmtýsdóttur og Höllu Birgisdóttur úr Breiðholti, stofutónleika með Pascal Pinon, ljósmyndasýningu Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur í Ölduselslaug, tónleika með Hermigervli auk þess sem kórarnir Kórus og Gerðubergskórinn syngja.

Hátíðin er framleidd af Bedroom Community útgáfunni í nánu samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts og Hverfismiðstöð Breiðholts.

Hátíðarteymið er skipað eftirfarandi aðilum. Listrænir stjórnendur eru Sigríður Sunna Reynisdóttir og Valgeir Sigurðsson. Framkvæmdarstjóri er Megan Horan.

Tæknistjóri er Paul Evans, grafíska hönnun annast Bobby Breiðholt og viðburðarstjóri er Selma Reynisdóttir.

Hægt er að fylgjast með nýjustu fréttum af hátíðinni á Facebook síðunni www.facebook.com/breidholt.festival og á vefsíðunni www.breidholtfestival.com



S. Björn Blöndal formaður borgarráðs setur Breiðholt Festival á liðnu ári. Með honum er Nichole Ligt Mosty formaður Hverfisráðs Breiðholts.



Hljóðinnsetning í Ölduselslaug.

**www.facebook.com/breidholt.festival**
**www.breidholtfestival.com**

# Seljahverfið í nýju ljósi

## Listahátíðin Breiðholt Festival haldin í „Alaska-dalnum“ 13. júní

**Helgi Snær Sigurðsson**
helgisnaer@mbl.is

Hljómplötuútgáfan Bedroom Community stendur fyrir nýrri listahátíð, Breiðholt Festival, sem haldin verður í hjarta Seljahverfis 13. júní nk. og aðgangur að henni verður ókeypis. Boðið verður upp á tónleika, listasmiðjur, markaði, hljóðinnsetningu, útileiki, upplestur, gjörninga o.fl. og hafa nokkrir listamenn staðfest þátttöku sína og þeir ekki af verri endanum: Hljómsveitin Samaris, Ben Frost með Valgeiri Sigurðssyni, Kiru Kiru, Jófríði Ákadóttur o.fl., Nico Muhly, Sjón, stelpur úr rokkbúðunum Stelpur rokka!, DFM Company, Lúðrasveit Breiðholts og Árbæjar, Gunnar Jónsson Collider, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir og Davíð Örn Halldórsson.



**Sigríður Sunna Reynisdóttir**

Á hátíðinni verður listamönnum sem alist hafa upp í Breiðholti, búa þar og/eða starfa, gert hátt undir höfði og segir í tilkynningu frá skipuleggjendum að von þeirra sé að „fólk flykkist í Breiðholt og sjái hverfið í nýju ljósi“.

Sigríður Sunna Reynisdóttir er ein skipuleggjenda hátíðarinnar og rekur Bedroom Community með eiginmanni sínum, Valgeiri Sigurðssyni. Hún segir hátíðina hafa verið í bígerð frá því í fyrrahaust. Þau Valgeir hafi verið í göngutúr í hverfinu og fengið í honum hugmyndina að hátíðinni. „Það kom okkur skemmtilega á óvart hvað það er flott og fjölbreytt flóra af listamönnum sem hafa annaðhvort alist upp hérna eða vinna hérna í dag og okkur fannst tilefni til að benda öðrum á það,“ segir Sigríður.

Spurð að því hvar hátíðin muni fara fram segir Sigríður að hún verði haldin á svæði sem margir þekki sem „Alaska-dalinn gamla“ og kenndur er við gróðrarstöðina Alaska sem var eitt sinn í hverfinu. „Þetta teygir sig nálægt gamla bæjarstæðinu, Breiðholtsbænum sjálfum, það er nýbúið að gera upplýsingaskilti um hann og við sáum það í fyrrnefndum göngutúr. Það kom okkur skemmtilega á óvart því við vissum ekki að þessi bær sem hverfið heitir eftir hefði verið hérna, við héldum að hann hefði verið ofar í hverfinu,“ segir Sigríður. Viðburðir verði m.a. haldnir í Ölduselslaug, þar verði hljóðinnsetningar og gjörningar, við Hólmaselstjörn, í skúlptúrgarðinum við Ystasel og heima hjá þeim Valgeiri, í Vogaseli, þar sem þau reka einnig hljóðverið Gróðurhúsið og útgáfufyrirtækið Bedroom Community. „Þetta er svona lítill radíus hérna í Alaska-dalnum,“ útskýrir Sigríður en dagskrá hátíðarinnar með nákvæmum tíma- og staðsetningum viðburða verður kynnt síðar. Sigríður segir dagskrána byrja upp úr hádegi og upplagt að rölta milli staða enda allt í göngufæri. Dagskránni muni ljúka með útitónleikum.



Morgunblaðið/Styrmir Kári

**Í Breiðholti** Jófríður Ákadóttir er meðal þeirra listamanna sem koma fram á listahátíðinni Breiðholt Festival. Hér sést hún á náttúruverndartónleikunum Stopp, gætum garðsins, í fyrrasumar með hljómsveit sinni Samaris.

### Kvenkyns gítarleikari óskast

Verk tónlistarmannsins Ben Frost, „6 Guitars“, verður flutt á hátíðinni og stendur nú yfir leit að kvenkyns gítarleikara sem býr í póstnúmerinu 109 (þ.e. Bökkum, Seljum eða Stekkjum) til að taka þátt í flutningnum. „Þetta er ótrúlega spennandi verk sem flutt hefur verið víða um heim en það er talsvert langt síðan það var flutt síðast hér á Íslandi. Þetta verk er dálítil úthaldsþraut, þú þarft ekki endilega að vera „virtuoso“-gítarleikari en þú þarft að geta leikið stöðugt og af krafti á gítar í um 30 mínútur. Ben Frost stjórnar þessu sjálfur og það er þegar kominn fríður flokkur gítarleikara sem tengjast hverfinu, þ.e. Valgeir Sigurðsson, Kira Kira, Bergur úr Sudden Weather Change og Jófríður Ákadóttir úr Samaris og Dan Rejmer. Það vantar enn þá einn og okkur fannst tilvalið að bjóða þetta út, athuga hvort ekki leynist gítarleikari í hverfinu sem við vitum ekki af og vill vera með,“ segir Sigríður. Þeir sem vilja benda á vænlegan gítarleikara eða sækja um eru beðnir um að senda póst á bookings@bedroomcommunity.net.

En af hverju kvenkyns gítarleikari? „Hingað til hefur þetta verk oftar verið flutt af hópum gítarleikara þar sem karlar eru í miklum meirihluta og Ben langaði að stokka það upp. Það eru nánast jöfn kynjahlutföll núna, það eru komnar tvær konur og þrír karlar og okkur langaði að hafa þau hnífjöfn,“ segir Sigríður. Þá vilji hátíðarstjórar ennfremur rétta hlut kvenna í rokki og eigi því m.a. í samstarfi við rokkbúðir fyrir stelpur, Stelpur rokka!



# Óskir Breiðhyltinga rætast um helgina

## Mikilvægt að orða óskir sínar

Óskir Breiðhylting
eru jafn mismunand
og þeir eru margi

„Við gerðum gjörning á Breiðholt Festival í fyrra þar sem Breiðhyltingar skrifuðu óskir sínar á tauefni sem við strengdum á bönd. Þetta er hefð sem er upprunnin í Japan og okkur fannst falleg. Í ár gerum við ljósmyndaverk úr óskunum í samstarfi við Birki Brynjarsson ljósmyndara og endurtökum jafnframt gjörninginn með aðeins öðru sniði,“ segir Ragnheiður Harpa Leifsdóttir um verk sitt „Óskir Breiðhyltinga,“ sem verður hluti af dagskrá Breiðholt Festival á sunnudag.

Félagsmiðstöðvarnar Þróttheimar og Buskinn settu saman frábæra febrúar dagskrá og er þema mánaðarins FRÆÐSLU FEBRÚAR. Þróttheimar fengu styrk fyrir verkefnið sitt Eflandi unglingar árið 2017 sem fólst í að fræða ungmenni um allskonar málefni líðandi stundar. Ungmenni tóku þátt í vali á fræðsluefni og einnig var fjallað um málefni sem voru mikilvæg á þeim tíma. Til gamans má nefna að Þróttheimar fengu hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs fyrir þetta verkefni og er myndin af þeim Sunnevu og Hildi með verðlaunin.



Í febrúar og byrjun mars höfum fengið marga flotta fyrirlesara líkt og Siggu Dögg sem kemur með kynfræðslu og verða það tvö kynjaskipt kvöld. Helga Lind frá Druslugöngunni kemur, Beggi Ólafs knattspyrnumaður og masternemi í sálfræði verður með fræðslu um hugarfar og markmiðasetningu „Gerðu það sem þú getur ekki" og félagsmiðstöðvarstarfsmenn verða með fræðslu sem kallast „Rambó vs. Barbie" sem er um hlutverk kynjanna í samfélaginu. Einnig fáum við Sjúka ást með fræðslu en Sjúk ást er átak sem Stígamót eru með og með átakinu er vakin athygli ungmenna á einkennum heilbrigðra, óheilbrigðra og ofbeldisfullra sambanda.

Kíktu á bókasafnið í
**vetrarfríinu**

Það verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir krakka í Borgarbókasafninu í vetrarfríinu.



Kynntu þér dagskrána nánar á
borgarbokasafn.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS
Fylgstu með okkur á

NÝ FRIZZ VÖRULÍNA FRÁ REDKEN

Scala
HAIR & MAKEUP

REDKEN
5TH AVENUE NYC




Lágmúla 5 - 108 Reykjavík - Sími 553 1033 - www.scala.is

# Þorrablót Víkings







Mikil stemning var á þorrablóti Víkings sem haldið var í Víkinni föstudaginn 2. febrúar síðastliðinn. Uppselt var á skemmtunina en 8 ár eru síðan Víkingar héldu Þorrablót síðast.

Það var Barna- og unglingaráð f élagsins sem sá um skipulagið og tókst frábærlega til. Salurinn í Víkinni var glæsilega skreyttur en PROevents sá um að gera salinn huggulegan eins og á herra- og konukvöldunum síðustu ár. Þar skemmtu sér síðan 320 gestir frábærlega yfir mat og drykk og fjörugum skemmtiatriðum frá Sverri Sverrissyni sem var veislustjóri, Friðriki Dór, Herberti Guðmundssyni, Andra og Stefáni Jak og Sigga Hlö. Svo frábærlega tókst til að nú þegar hefur verið ákveðið að næsta Þorrablót Víkings verði haldið 1. febrúar 2019.

# 65 ára afmæli Kvenfélags Langholtskirkju

Kvenfélag Langholtssóknar verður með kökusölu sunnudaginn 11. mars, í tilefni 65 ára afmælis Kvenfélagsins en það var stofnað 12. mars 1953, og til að hita upp fyrir Listahátíðina „Sungið fyrir sætum" og selja miða. Kökusalan verður í anda fröken Hnallþóru, ráðskonu hjá Jóni Prímus í Kristnihaldi undir Jökli, bók Halldórs Laxness. Þar verður fjölmennt sætabrauð á boðstólnum enda eru konur í Kvenfélagi Langholtssóknar sammála fröken Hnallþóru um að ekkert undir 17 sortum sé boðlegt fyrir góða gesti.



# Vinsælt að fara á skauta í Laugardalnum



Skautahöllin í Laugardal er staðsett við Múlaveg 1, við hlið Húsdýra- og Fjölskyldugarðsins. Skauthöllin er daglega opin fyrir almenning og er mjög hentugt að halda þar uppá afmæli og fleiri merkisatburði. Almenningstímar hafa verið mjög vel sóttir í vetur, sérstaklega í kringum jól og áramót og vetrarfrí grunnskólanna.

Margir skólar og foreldrafélög skipuleggja árlega ferðir með nemendur á skauta til að brjóta upp skólastarfið og hrista hópinn saman. Hægt er að bóka tíma fyrir hópa í gegnum netfangið skautaholl@skautaholl.is.

Hjálmar og hjálpargrindur eru lánaðar án endurgjalds fyrir gesti og hægt er að leigja skauta gegn vægu gjaldi. Nánari upplýsingar um verð og opnunartíma má finna á skautaholl.is.




GÓLF-
MOTTUR
við innganginn
borga sig

CORAL®
Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

KJARAN
GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

Plötulopi • Léttlopi • Einband • Rennilásar • Tölur



Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19
Borgartúni 31
Sími 552 1890

Tölur • Rennilásar • Einband • Léttlopi • Plötulopi

Lágt lyfjaverð alla daga vikunnar í Suðurveri.

Opið: Mán. til fös. 08 - 20 Lau. 10 - 18 Sun. 13 - 18

FARMASiA

Suðurveri
Stigahlíð 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek



Full búð af nýjum vörum á frábæru verði

Það besta fyrir bílinn þinn!
Notum allra bestu lakk og vínilvarnir sem völ er á
Tilboð
Þvottur og teflonbón
20% afsláttur
gegn afhendingu þessarar auglýsingar
GÆÐABÓN
Ármúli 17a - 108 Reykjavík - S: 568 4310


Það var vel mætt á íbúafund í Laugardalshverfi

# Íbúafundur í Laugardalshverfi

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, bauð til opins íbúafundar í Laugalækjarskóla miðvikudaginn 7. febrúar um málefni Laugardals. Borgarstjóri fór yfir þjónustu borgarinnar, þróun, fyrirhugaðar framkvæmdir og aðra uppbyggingu innan borgarhlutans, Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkur, sagði frá Borgarlínu og hvernig hún mun bæta samgöngur í borginni og Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, sagði frá starfi með eldri borgurum og heimaþjónustu. Fundarstjóri var Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur og íbúi í Laugardal.

Vel var mætt á fundinn en yfir 100 manns komu og við fengum Heiðar Inga Svansson formann hverfisráðs og Lilju Sigrúnu Jónsdóttur formann Íbúasamtaka Laugardals til að segja okkur frá því helsta sem gerðist.

Mér fannst afar athyglisvert að sjá alla þessa uppbyggingu sem framundan er í ekki svo mjög fjarlægri framtíð í hverfinu, segir Heiðar Ingi, og hversu mikið íbúum muni fjölga. Öll þessi uppbygging kallar svo á ýmsa uppbyggingu innviða og styrkingu t.d. varðandi skóla- og leikskóla í hverfinu og m.a. er fyrirhugaður nýr leikskóli á Kirkjusandi. Vogabyggð sker sig auðvitað svolitið úr í þessu sambandi bæði landfræðilega og líka vegna þess hversu mikil uppbygging er þar fyrirhuguð en þar er núna gert ráð fyrir bæði nýjum skóla og leikskóla. Einnig er þessi uppbygging meiri í heild sinni heldur en maður gerir sér grein fyrir og athyglisvert var að sjá þetta svona samandregið t.d. hefur Heklureiturinn og Höfðatorg nú bæst við þessa upptalningu ásamt Kirkjusandi, Sigtúnsreitinum, Klettagörðum, áðurnefndri Vogabyggð og ekki má gleyma Skeifunni. Hverfið allt saman mun því breytast ansi hratt á næstu árum og erfitt er að gera sér alveg grein fyrir því hvaða áhrif þetta muni hafa á samgöngur, skóla og hverfisbrag. Óvissuþátturinn í því er auðvitað stæstur varðandi það hverskonar fólk byggir þessi nýju hverfi og hverfahluta t.d. hvað fjölskyldustærð, aldursamsetningu og efnahag varðar.

Stóru málin eða það sem hæst bar á fundinum, segir Lilja, var aðstaða til íþróttaiðkunar fyrir börn og ungmenni hverfisins, bæði á vegum skólanna og hjá Þrótti og Ármanni. Rætt var um að undirbúa þyrfti stækkun eða viðbætur við skóla og leikskóla hverfisins í ljósi uppbyggingaráforma við Kirkjusand og Vogabyggð, um skipulag og umgjörð Secret Solstice tónlistarhátíðarinnar, álag á íbúa hverfisins í tengslum við stóra viðburði í Laugardal og viðbragðsáætlanir borgarinnar vegna þeirra. Þá var einnig rætt um þjónustu við eldri borgara og einangrun þeirra sem búa einir. Það voru ræddar hugmyndir um uppbygginguí Laugardalnum bæði fyrir fótbolta og frjálsar íþróttir. Væntingar um að íþróttamannvirki hafi þjónustuhlutverk gagnvart nærsamfélaginu voru einnig ræddar og leiðir til að svo mætti verða.

Mesta umræðan í fyrirspurnum snerist um uppbyggingu íþróttaaðstöðu fyrir innanhúsíþróttir hjá Þrótti og Ármanni, segir Heiðar Ingi, og einnig fyrir íþróttakennslu í skólum hverfisins. Aðstöðuleysið er klárlega vandamál sem þarf að bregðast við, t.d. hefur aðstöðuleysi og afbókun þeirra tíma sem Þróttur fær í Laugardalshöllinni orðið þess valdandi að iðkendum í handbolta hefur fækkað til muna og svo er nú komið að í einhverjum tilfella hafa foreldrar neitað að greiða æfingagjöld vegna brottfalls á æfingatímum. Einnig er ekkert íþróttahús við Laugalækjarskóla og litla húsið við Laugarnesskóla svarar einungis þörfum allra yngstu nemendanna. Hugmyndir eru uppi um að byggja nýtt þróttahús á svæði Þróttar sem myndi leysa úr þessari þörf en skiptar skoðanir eru um það og jafnvel hvort eigi að byggja upp aðstöðu við skólana sjálfa. Einnig þarf að skoða betur hvort að möguleiki er á því að nýta Laugardalshöllina betur fyrir innanhúsíþróttir fyrir Þrótt og finna annarri starfssemi sem hún er leigð út fyrir annan stað t.d. landsfundi stjórnmálaflokka, tónleika, ráðstefnur osfrv.

Það var samhljómur varðandi þörf fyrir bætta íþróttaaðstöðu fyrir börn hverfisins, segir Lilja, þó fleiri en ein leið væri nefnd til lausnar á því. Þar var rætt um aðstöðuleysi Þróttar í þeim efnum með takmörkuðum aðgangi að íþróttahúsum sem eru á forræði annarra. Formaður Íbúasamtaka Laugardals minnti á í því samhengi að stjórn ÍL hafi ályktað um að þrýsta á að byggð væru íþróttahús við skóla hverfisins enda nýttust þau öllum börnum þess.

Umræður voru einnig um stóra viðburði í Laugardal og ánauð af nábýli við tónlistarhátíðina Secret Solstice var talin illa ásættanleg af sumum gestanna. Kynntar voru viðbragðsáætlanir fyrir hátíðina í ár til að auka líkur á farsælli framkvæmd. Spurt var beinlínis hvort borgin gæti rift samningi um hátíðina ef framkvæmd yrði ekki ásættanleg og því var svarað játandi.

Borgarstjóri kynnti líka athyglisverðar hugmyndir um endurgerð á gömlu höfuðstöðvum Íslandsbanka á Kirkjusandi, segir Heiðar Ingi, sem eitt sinn voru höfuðstöðvar útgerðarfélaganna Júpters og Mars. Þessi endurgerð yrði vísun í uppruna byggingarinnar sem er vel falin á bak við álklæðingu sem ráðist var í þegar húsið var einhverju sinni gert upp. Helsta samlíkingin við þessa uppbygginguog endurgerð er Marshall húsið út á Granda sem nýlega var aftur tekið í notkun eftir ansi umfangsmiklar endurbætur. Einnig er athyglisverð sú hugmynd að endurgera stúkuna við Laugardalslaug og finna henni nýtt framtíðarhlutverk t.d. sem menningar- eða félagssmiðstöð fyrir hverfið m.a. með bókasafni og að byggja upp ylströnd við Skarfaklett.

Það var samhljómur hjá íbúum hverfisins um að hlúa að mannlífi í hverfinu og að láta sig varða velferð nágranna, segir Lilja. Ef til vill má segja að einnig hafi verið samhljómur um að fara fram á tillitsemi af hálfu gesta sem fara um hverfið.

PRENTUN, LJÓSRITUN, SKÖNNUN, PLÖSTUN, BOÐSKORT, NAFNSPJÖLD OG TEIKNINGAPRENTUN
PRENTA
Borgartúni 24 • 105 Reykjavík • Sími 553 3200
prenta@prenta.is • www.prenta.is

35 ára
Gjafakort fyrir þá sem þér þykir vænt um
GRÍMSBÆ VIÐ BÚSTAÐAVEG
SÍMI 553 1262
ÁRSÓL
Snyrtivöruverslun
Snyrtistofa

Smur- og hjólbarðaþjónusta
Alhliða bílaviðgerðir og viðhald
SMURÞJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOÐ
Smurstöðin KLÖPP
VIÐ VEGMÚLA S. 553 0440
Opið kl. 8-18 virka daga

verðlistinn
Suðurlandsbraut 30 • 108 Reykjavík • 553 3755

# Er 70 ára bið eftir íþróttahúsi loks á enda?



Finnbogi Hilmarsson formaður Þróttar með höllina í baksýn.

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hélt íbúafund í Laugalækjarskóla í síðustu viku. Á fundinum kom fram mikil óánægja hjá íbúum við Laugardalinn með slæma aðstöðu Þróttar fyrir handbolta og blak, en tíðar niðurfellingar eru á æfingatímum félagsins í Laugardalshöll. En í hverju felst þetta vandamál ? Til svara er Finnbogi Hilmarsson, formaður Þróttar.**

*Það væri í sjálfu sér ekkert vandamál til staðar ef Laugardalshöllinn væri notuð eingöngu sem íþróttahús, en það er alls ekki þannig. Laugardalshöllinn er að vísu í eigu borgarinnar en rekin í nafni félags sem heitir Íþrótta og sýningarhöllin hf. og Reyjavíkurborg á helming í því. Markmið félagsins er útleiga á höllinni fyrir hina ýmsu viðburði t.d. tónleika, stóra fundi, sýningar o.s.frv. Einnig eru landsliðin okkar með höllina sem heimavöll og hún hýsir úrslitaleiki í handbolta, körfubolta, blaki o.s.frv. Öll þessi starfsemi hefur forgang á starf á vegum Þróttar, þannig að við víkjum alltaf úr húsinu þegar viðburður er í höllinni eða þegar landsleikir eru og æfingar fyrir þá og/ eða úrslitaleikir eða úrslitakeppnir sem oft taka fleiri en einn og fleiri en tvo daga.*

*Ástandið hefur verið sérlega slæmt síðustu ár og bitnað mjög illa á starfinu í bæði handbolta og blaki. Síðustu tvo vetur höfum við misst 30-35% allra æfingatíma í Laugardalshöllinni, eða m.ö.o., að jafnaði fellur ein af hverjum þremur æfingum niður. Að auki má nefna sem dæmi að síðustu æfingar í desember voru þann 20. desember og næst komumst við inn í höllina 16. janúar, eða 27 dögum síðar. Ekkert félag í Reykjavík býr við ástand eins og þetta. Núna í janúar féllu einnig fleiri æfingar niður vegna Reykjavíkurleikanna. Þetta bitnar hart á unglingastarfinu og sem dæmi var 4.fl. kvenna í handbolta lagður niður í heilu lagi sl. haust. Foreldrar eru eðlilega langþreyttir á ástandinu og innheimta æfingagjalda er skiljanlega mjög erfið.*

*Þetta er erfitt ástand og því miður eru öll íþróttahús í Reykjavík upptekinn frá morgni til kvölds og ekki hægt að finna neina tíma fyrir Þrótt í öðrum húsum, þrátt fyrir fögur fyrirheit þar um.*

*Við erum með öflugt lið í meistaraflokki karla í handbolta sem sett hefur stefnuna á Olís deildina. Þeir eiga að spila mjög mikilvægan heimaleik í toppbaráttunni gegn Akureyri 2. mars en þar sem höllin er upptekin þarf að spila leikinn á heimavelli Víkings. Liðið hefur að auki þurft að æfa í Hveragerði, þar sem ekki fást æfingatímar í Reykjavík. Það segir sig sjálft að mjög erfitt er að halda starfinu áfram ef ekki verður eitthvað að gert.*

*Staðan í blakinu er töluvert skárri þar sem félagið hefur einnig æfingatíma í íþróttahúsi MS og þar eru yngri flokkarnir. Hins vegar urðum við að leggja niður mjög sigursælt lið í meistaraflokki karla í blaki vegna aðstöðuleysis. Okkar efnilegu leikmenn völdu frekar að spila með liðum þar sem tryggt er að æfingar falla ekki niður í tíma og ótíma.*

**En hvað hefur félagið gert til að reyna að ná fram úrbótum? Þarf ekki félagið að hafa sitt eigið hús eins og öll önnur félög í Reykjavík ?**

*Það er rétt, við erum eina íþróttafélagið í Reykjavík sem ekki hefur íþróttahús til umráða. Sum félögin sem við erum að keppa við og/eða bera okkur saman við hafa jafnvel tvö hús. Við eigum í samtali við ÍBR og ÍTR nánast vikulega til að þrýsta á um breytingar. Að okkar mati er það fullreynt að rekstur á viðburðahúsi eins og Laugardalshöllinni er og hefðbundið starf íþrótta félags fer alls ekki saman. Félagið víkur alltaf fyrir viðburðum því þar liggja hagsmunir rekstrar Íþrótta og sýningarhallarinnar hf.*

*Við höfum gengið fyrir hvers manns dyr og rekið okkar erindi og fengið liðsinni víða, m.a. hefur stjórn ÍBR sent borgarstjóra ályktun þar sem bent er á að við þetta ástand verði ekki unað lengur. Þessi ályktun fór frá stjórninni 11. janúar en mér vitanlega hefur ekki borist svar frá borgarstjóranum.*

**Hvað vill Þróttur að gert verði í þessu máli.**

*Allir eru sammála um að núverandi staða sé vonlaus en því miður hefur ekki náðst sátt um nauðsynlegar úrbætur hvorki til lengri eða skemmri tíma. .*

*Haustið 2016 unnum við tillögu um nýtt íþróttahús fyrir Þrótt, sem jafnframt er hugsað sem kennsluhús fyrir skólana í hverfinu. Vinnuhópur hjá félaginu átti fjölda funda með aðilum m.a. frá Reykjavíkurborg, borgarfulltrúum, hagsmunaðilum í hverfinu, skólastjórum, hverfisráði o.fl. Í framhaldi var óskað eftir formlegum viðræðum við Reykjavíkurborg og fyrir tæpu ári skipaði borgarstjóri vinnuhóp þar sem átti að fjalla um nýtt íþróttahús fyrir Þrótt og umbætur fyrir Ármann líka en samstarfið við Ármenninga í þessu máli hefur verið mjög gott. Í hópnum voru, auk fulltrúa Þróttar og Ármanns, sviðsstjóri eignasviðs, sviðsstjóri íþrótta og tómstundasviðs, sviðsstjóri skóla og frístundasviðs, fulltrúi frá umhverfis og skipulagssviði auk þess sem samgöngustjóri o.fl. komu að vinnu hópsins. Hópurinn átti að skila af sér niðurstöðu í formi skýrslu í september sl. Drög skýrslunnar liggja fyrir en eftir er að leggja lokahönd á hana áður en hún verður kynnt opinberlega sem vonandi verður á allra næstu dögum.*

**Og hvert er þá framhaldið og næstu skref hjá félaginu?**

*Eins og ég nefndi geri ég ráð fyrir að skýrsla vinnuhópsins liggi fyrir á allra næstu dögum og að þar komi fram fyrirætlanir borgarinnar um næstu skref. Það er alveg ljóst að núverandi ástand gengur ekki lengur og ráða þarf strax fram úr þeim bráða vanda sem félagið á við að glíma ef ekki á illa að fara. Við stöndum frammi fyrir þeirri raunverulegu hættu að handbolti og blak kunni að leggjast af hjá Þrótti ef ekkert verður að gert og við trúum því ekki að sú niðurstaða hugnist nokkrum manni. Við þurfum strax að hefjast handa við að leysa aðstöðumál félagsins og frá okkar sjónarhóli er lausnin í raun tvíþætt, til skemmri tíma þarf að tryggja fullnægjandi aðgang að Laugardalshöllinni en til lengri tíma verðum við að fá okkar eigið hús. Það er okkar draumur og við höfum sannast sagna verið ansi þolinmóðir Þróttarar, eftir því að hann rætist. Á næsta ári verður félagið 70 ára og það er nokkuð langur biðtími eftir þokkalegri aðstöðu í inniíþróttum.*



Æfingar í Laugardalshöll innan um tæknibúnað tíu dögum fyrir væntanlega tónleika.

Vissir þú að við bjóðum upp á **lyfjaskömmtun?**

- Ekkert **skömmtunargjald**
- Inniheldur öll lyf og bætiefni eftir þínum þörfum
- Aðstoðum við endurnýjun á lyfseðlum
- Ókeypis heimsendingar til nágranna*
- Veitum aðstoð við að færa lyfjaskömmtun til Borgar Apóteks

**Kynntu þér lyfjaskömmtun hjá næsta starfsmanni**

*Hafið samband við starfsfólk fyrir nánari upplýsingar



Borgar Apótek

ÍT ferðir

BOBBY CHARLTON SOCCER AND SPORTS ACADEMY – BCSS ACADEMY

**Byrjaðu eins og David Beckham og Jóhann Berg**

**Knattspyrnuskóli Bobby Charlton**
30. júlí til 6. ágúst 2018
Verð aðeins kr. 225.000 (m.v. gengi ISK vs. GBP 8. feb. 2018)

**Innifalið í verði:**
Flug til MAN, flugv.skattar, flugv.akstur, hótelgisting, fullt fæði (þrjár máltíðir),
Bobby Charlton skólinn, skoðunarferð á leikvang.
Tívolíferð og íslensk fararstjórn.
Sjá upplýsingar á www.itferdir.is og www.bcssa.co.uk

**ÍT ferðir – sími 588 9900 – hopar@itferdir.is**



# Fermingartilboð á studio myndatöku







SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670


# Þankar Jónu Rúnu



**Vorið**

Mig langar til að ræða vorið. Það er einkennilegt hvernig veðrið hefur verið í vetur, það hefur gengið upp og niður, og heldur farið niður á við undanfarið. Slíkt getur stundum truflað okkur en einstaka sinnum hefur veðrið glatt okkur líka. Sólin er að haldast lengur á lofti með hverjum deginum og gott að staldra við gluggann og láta sér líða vel og dreyma um að vorið sé að koma og sumarið í kjölfarið, blómin að spretta, grasið að gróa og jafnvel ferðalög framundan. Allt sem getur glatt okkur og gefið okkur trú á aukinn tilgang þess sem er framundan og skemmtilegt, er alveg nauðsynlegt svona í stormasömum febrúarmánuði.

Þessa stundina er töluvert mikið um vandræðagang varðandi flensuna. Ég hef verið svo óheppin að fá minn skammt af henni, og sjúkrahúsin hafa líka fengið hlutdeild í henni. Þegar ég skrifa þetta hefur hún tekið sinn toll af tilveru okkar margra, og er það miður, en vonandi gengur hún fljótt yfir.

**Ellilífeyrisþega á þing?**

Enn þurfa ellilífeyrisþegar og öryrkjar að berjast fyrir tilverurétti sínum og er ég mjög ósátt við það því að tilvera þeirra hefur í raun ekkert breyst, peningar vaxa ekki á trjánum og enda síst í vösum þessa fólks sem hvað minnst má sín í þjóðfélaginu. Það hefur sýnt sig um allan heim að það fólk sem hefur haft mest áhrif á tilveru okkar í dag, er eldra fólkið sem lagði grunninn að því sem við göngum að sem vísu, og því er til skammar að það fái svona lítið fé til að framfleyta sér. Eins er þeim sem hafa misst heilsuna og vinnugetu, gert ómögulegt að framfleyta sér nema með aðstoð. Síðan skil ég ekki þá hugmynd þingmanna að vilja að 16 ára börn fái kosningarétt. Ættum við ekki að fá ellilífeyrisþegana á þing til að stöðva svona framkvæmdir og leyfa börnunum að vera börn dálítið lengur? Börn hafa upp til hópa lítinn áhuga á þessum sjúka heimi stjórnmála og það ætti að halda þeim frjálsum frá þessum einkennilega kosningaveruleika sem við Íslendingar búum við.

**Drungalegur janúar**

Ef maður lítur í kringum sig og hugsar um janúarmánuð, þá verður manni eiginlega orðavant þegar hugsað er um fráfall nokkurra drengja. Af hverju sviptu nokkrir piltar sig lífinu svona skyndilega? Er þetta tilviljun eða faraldur? Þegar ég lít meira en sextíu ár aftur í tímann og kíki á mitt uppeldi, þá eru ákveðnir hlutir mér hugstæðir sem gætu komið að gagni við nærveru við ungt fólk í dag, og gæti ef til vill dregið úr líkum á að ungt fólk væri að svipta sig lífinu. Ég var ásamt systkinum mínum, alin upp við mikinn kærleika þar sem að við vorum föðmuð, látin fara með bænir, látin lesa, farið með okkur í göngutúra, talað við okkur, eldaður góður matur handa okkur og svo margt annað. Við áttum ekki mikið af fötum, dóti eða efnislegum hlutum, í samanburði við það sem ungt fólk á í dag, en við áttum nærveru fullorðinna, á allt annarri forsendu en viðgengst gjarnan í dag. Það er lögð svo mikil áhersla á kapphlaup við vindinn, og það er ekki af því að það þurfi að vera þannig. Í mörgum tilvikum er þetta kapphlaup eftir peningum ekki af því að fólk sækist eftir því, heldur að kröfur nútímans eru svo óheyrilegar og samanburður við aðra óþægilegur. Allir vilja fara í utanlandsferðir, eiga stór hús og falleg föt, og margt af þessu er í raun tilgangslaust og einskis virði. Vonandi stefnir þetta land í að verða alvöru velferðarsamfélag þar sem hlúð er að börnum og ungmennum og fólk verður samstillt í að fylgjast með þeim og vaka yfir þeim.

*Jóna Rúna Kvaran, www.jonaruna.com*



*Í hel trega eilífðra tára*
*í tilveru genginna orða.*
*Fugl heljar í fánýti sára*
*er flaug á væng í roða*
*rósar í engladal fráfalls,*
*Herra kærleika blessar.*

*Fall í fang heljar í kæru*
*ofin ástúð í nánd þinna.*
*Félagi farinn í dal hinna,*
*á fund Paradísa væru vina,*
*rós lifir í engladal Guðs,*
*Jesú horfir í hlýju á þig.*

*Frá í ferð í láti til þinna*
*falleg englasál fylgi þér.*
*Fór frá í Paradís hinna*
*ferðalag í eilífð sem er*
*rósaljós í engladal hels,*
*Herra í kærleik hérna.*

*Í kalli er kærleiks gjöf*
*kyrrsett er rósin í sorg.*
*Flýgur fugl, horfir í höf*
*ferðast víða um borg,*
*rós engladals frá gröf,*
*Jesú vill bænörva þig.*

*Vökult flug fugls í höf,*
*ferðlag ástvins á skýi.*
*vonvísi, ekkert meiðir,*
*vænting staðurinn nýi.*
*Rósrof í engladal hels.*
*Herra, kærleikur þeirra.*

*Endastöð í eilífð sé þín*
*í ósk að gæfa sé kærri*
*að fugl fangi þarfa sýn*
*frá himni er engill nærri*
*í klíði látinn frá Paradís,*
*Jesú vill bænheyra þig.*

*(Höf. Jóna Rúna Kvaran)*

***„Kærleikur kom, sá og gjörsigraði."***


**Vinnum fyrir öll tryggingafélögin**
**Útvegum bifreið meðan á viðgerð stendur**

**Bílaréttingar & sprautun Sævars**
Skútuvogi 12h - 104 Rvík - Sími 568-9620 - bilaretting.is

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

**Kræsingar fyrir öll tækifæri**





Skírnartertur, útskriftartertur, tækifæristertur, barnatertur, fermingatertur og kransakökur. Snittur, brauð og brauðtertur.

Sveinsbakarí

Skipholti 50 b, og Arnarbakka • sími 557-2600

Sveinsbakari • www.sveinsbakari.is

Gullkistan

Sérverslun með kvensilfur

Bjóðum eldri munsturgerðir

Önnumst allar viðgerðir, hreinsun og gyllingar.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.



Gullkistan

Frakkastíg 10 - Sími: 551 3160




REYKJAVÍKUR BLÓM

Borgartún 23, Reykjavík / Sími: 561 1300 / Opið: mán.-fös. 10-18, lau. 11-18

Þú getur líka pantað á netinu - www.reykjavikurblom.is




Ynja

Ynja undirfataverslun Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík
sími 544 4088

GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár

Einkarekið apótek

Nú einnig netapótek: Appotek.is

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut

Opið kl. 9-18 virka daga | Sími 568 0990 | gardsapotek.is | appotek.is

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



# Sungið fyrir sætum í Langholtskirkju

Kvenfélag Langholtssóknar, sóknarnefndin, Listafélag Langholtskirkju og Magnús Ragnarsson organisti eru nú að undirbúa Listahátíðina „Sungið fyrir sætum" sem verður haldin 18. mars nk. í Langholtskirkju. Á þessu ári eru 65 ár síðan Kirkjukór Langholtskirkju var stofnaður en kirkjan er annáluð fyrir góðan hljómburð og hafa fjölmargir listamenn, kórar jafnt sem einleikarar og einsöngvarar, haldið þar tónleika. Um það bil ein milljón áheyrenda hefur notið tónlistarinnar í kirkjunni á rúmlega 40 tónleikum á ári að meðaltali.

Nú er svo komið, að algjör nauðsyn er orðin á að bólstra og yfirdekkja sæti kirkjunnar og hafa 12 kórar, Karlakór Reykjavíkur, Kvennakórinn Katla, Fóstbræður, Vox Feminae, Söngsveitin Ægisif, Graduale Nobile, Góðir Grannar og Blásarakvartett Lýðveldisins, Fílharmónían, Óperukórinn, Karlakór Kópavogs og Kór Langholtskirkju og nokkrir einstakir listamenn, t.d. Björn Thoroddsen, KK, Bubbi, Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari, Þóra Einarsdóttir og Valgerður Guðnadóttir, þegar samþykkt að koma fram og taka þátt í þessu fjáröflunarátaki. Sunnudaginn 18. mars verða tvennir tónleikar í kirkjunni, kl.17 og kl. 20. Á hvorum tónleikunum fyrir sig koma sex kórar fram og á milli kóratriðanna koma einstakir listamenn fram til að "brúa bilið".

## Syngjandi kirkja!

Allt frá upphafi hefur tónlist og kórastarf verið miðpunktur safnaðarstarfsins í Langholtskirkju og veturinn 2017-2018 eru félagar í kórum kirkjunnar 222 talsins. Kór Langholtskirkju er einn metnaðarfyllsti kirkjukór landsins og hefur frá stofnun árið 1953 getið sér gott orð. Þekktustu kórverk kirkjutónlistarsögunnar og ný og eldri íslensk verk hafa verið meðal þeirra ótal verkefna sem kórinn hefur tekist á við, auk þess sem mörg tónskáld hafa samið verk sérstaklega fyrir kórinn. Jón Stefánsson er flestum kunnur fyrir það einstaka frumkvöðlastarf sem hann vann á sviði tónlistar á Íslandi og naut Langholtskirkja starfskrafta hans í rúm 50 ár, en Jón lést árið 2016. Kór Langholtskirkju er nú skipaður 32 úrvalssöngvurum sem allir eru söngmenntaðir og listrænn stjórnandi tónlistarstarfsins í Langholtskirkju er Magnús Ragnarsson organisti.

Metnaðarfullt tónlistarstarf fyrir börn og unglinga hefur ekki síður sett svip sinn á starf Langholtskirkju. Kórskóli Langholtskirkju var stofnaður haustið 1991 með það að markmiði að veita börnum og unglingum staðgóða tónlistarmenntun, markvissa þjálfun raddar og heyrnar með þátttöku í kórstarfi. Nú skiptist Kórskóli Langholtskirkju í þrjá kóra: Krúttakórinn 4-7 ára, Graduale Liberi 7-10 ára og Graduale Futuri 10-14 ára. Að auki eru starfræktir kórarnir Gradualekór Langholtskirkju sem er unglingakór fyrir aldurs hópinn 14-18 og kvennakórinn Graduale Nobili, sem er sjálfstætt starfandi kór 18 ára og eldri. Miklar kröfur eru gerðar til kórfélaga en margar stúlknanna eru langt komnar í tónlistarnámi. Verkefnaval kóranna spanna verk frá barokktónlist til erfiðra nútímaverka.

## 65 ára afmæli Kvenfélagsins

Kvenfélag Langholtssóknar verður með kökusölu sunnudaginn 11. mars, í tilefni 65 ára afmælis Kvenfélagsins en það var stofnað 12. mars 1953, og til að hita upp fyrir Listahátíðina „Sungið fyrir sætum" og selja miða. Kökusalan verður í anda fröken Hnallþóru, ráðskonu hjá Jóni Prímus í Kristnihaldi undir Jökli, bók Halldórs Laxness. Þar verður fjölmennt sætabrauð á boðstólnum enda eru konur í Kvenfélagi Langholtssóknar sammála fröken Hnallþóru um að ekkert undir 17 sortum sé boðlegt fyrir góða gesti.





# Ahhh... í Tjarnarbíói

Það er skammt stórra högga á milli hjá leikhópnum RaTaTam. Í síðustu uppfærslu hópsins var umfjöllunarefnið heimilisofbeldi en nú er það ástin í öllum sínum margflóknu myndum. Í kynningu hópsins er sýningin kynnt sem ljóðrænn, fyndinn og kynþokkafullur kabarett um vegi og vegleysur ástarinnar og er engu logið í þeirri fullyrðingu. Verkið sem ber heitið Ahh... er sýnt í Tjarnarbíói og er byggt á ástarljóðum og prósatextum Elísabetar Jökulsdóttur en leikstjóri er Charlotte Bøving.

Leikararnir Albert Halldórsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Halldóra Rut Baldursdóttir og Laufey Elíasdóttir halda uppi fullum dampi alla sýninguna, með leik, söng og dansi auk þess að leika undir á hljóðfæri og sýna sirkustakta í rauðum klæðisborðum sem hanga niður úr loftinu og eru nánst eina leikmynd verksins. En einskis er þó að sakna og í leikmynd og búningum Þórunnar Maríu Jónsdóttur er rauði liturinn ráðandi enda fer vel á því þar sem hann er litur ástarinnar. Helgi Svavar Helgason sér um tónlistarstjórn, Arnar Ingvarsson um ljósahönnun og Hildur Magnúsdóttir um hreyfingar.

Það er ástæða til að hvetja alla leikhúsunnendur til að drífa sig á þessa bráðfjörugu sýningu þar sem leikararnir fara á kostum í túlkun á ljúfsárum ástartextum Elísabetar Jökulsdóttur.












# MINNISSTÆTT FÓLK – Móðir mín-Rúna Guðmundsdóttir

Mig langar til að minnast einstaklings sem að mínu mati var frábær. Svo ótrúlega góð, falleg, gáfuð og sérstök, í raun afburðamanneskja sem gat gert nánast allt, bæði til hugar og handar. Þetta var hún móðir mín, Rúna Guðmundsdóttir. Faðir hennar húsgagnasmíðameistari og bæjarfulltrúi til 16 ára og allt hennar fólk var meira og minna mjög sérstakt. Hún var komin af Bergsætt en þaðan eru einir mestu listamenn þjóðarinnar, málarar, skáld, söngvarar, smiðir, fiskimenn, bændur og líka óreglumenn. Það má segja að allt Kjalarnesið hafið verið blóðskylt henni mömmu og þangað var hún send í sveit. Þar var bærinn Lykkja og þaðan voru mestu ræturnar. Þar bjuggu systkin, ótrúlega furðuleg og sérvitur, einkennilega gerð, þannig að vera í sveit hjá slíku fólk fyrir afburða-einstakling hlýtur að hafa verið mikil raun. En hún lét sig hafa það og var í nokkur ár vistuð á viðlíka slóðum.

**Æskan og hæfileikarnir**

Mamma var fædd 2.október árið 1923 og lést 7.janúar árið 1997. Hún hét fullu nafni Guðbjörg Rúna, en var alltaf kölluð Rúna. Þetta Rúnu-nafn hefur nú gengið í erfðir í fjórar kynslóðir í beinan kvenlegg. Móðir mín átti mjög fjölskrúðuga æsku og lagðist í lömunarveiki mjög ung og óttuðust margir að hún myndi látast. En hún reis upp og átti eftir margflókið líf. Hún var skemmtileg, undurfalleg, með kolsvart liðað hár, bogadregnar augnabrúnir, himinblá augu, tvo djúpa spékoppa og hökuskarð. Í barnæsku var einn besti vinur Rúnu hinn frægi kúluvarpari Gunnar Huseby, sem mamma kallaði alla tíð Bassa. Gunnar reyndist okkur öllum sérlega góður. Í uppvexti mömmu komu mjög snemma fram listrænir hæfileikar sem mátti finna og sjá í mögnuðum hannyrðum. Ég er með langan klukkustreng sem hannaður var alfarið af henni sjálfri. Ásgeir Bjarnþórsson listmálari sagði við mömmu mína að hún gæti orðið besti portrett-málari á Íslandi. Steingrímur St.Th.Sigurðsson listmálari var góðvinur Rúnu og hann sagði um hana að hún hefði verið eins konar dýrlingur. Hún tók alltaf á móti þeim sem þurftu á að halda og gjarnan mætti fólk í kaffi til hennar til þess að fá leiðsögn og fyrirbænir.



Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir

Þegar mamma var gagnrýnd fyrir að vera með allt þetta lið stöðugt inná gafli hjá sér, vitnaði hún gjarnan í þessa vísu:

*Er rangt að hlúa að særðri rós?*
*Er rangt að kveikja í myrkri ljós?*
*Er rangt að veita öðrum yl?*
*Er rangt að geta fundið til?*
*(höf. ókunnugur)*

**Hörkukona og móðir af Guðs náð**

Ein stærsta ógæfa í lífi móður minnar var að hún virtist laða að sér andstæðu sína. Hún hafði eðlislæga samkennd með fólki og dró óaðvitandi að sér menn sem misnotuðu góðmennsku hennar og höfðu mjög slæm áhrif á fjölskyldulíf okkar allra. En móðir mín var 100% reglusöm, notaði aldrei vín eða tóbak og lifði mjög grandvöru og heilbrigðu lífi. Hún var Húsmæðraskólagengin og lagði gífurlega mikið upp úr hreinlæti og vandvirkni í öllu. Við vorum mjög mörg systkini mín og alltaf fullt af aukabörnum því að hún hreinlega unni börnum. Hún til að mynda ól upp tvö barnabörn auk þess að fóstra mörg önnur. Mamma lét mig lesa ógrynni bóka og hlusta á öll útvarpsleikrit og flest það sem var fréttnæmt í útvarpi. Hún fór með okkur krakkana í risagöngutúra og bæði tíndum við ber og blóm á leiðinni. Hún rakaði hey á bóndabæ sem var skammt frá heimili mínu og sinnti flestu því sem viðkom bæði húshaldi og öðru sem til féll utandyra. Hún var fyrsti kvenmaðurinn sem ég þekkti, sem átti hjól og hjólaði um alla Reykjavík. Hjólið smíðaði afi minn og var það mun stærra flest hjól en mamma var efnismikil og stór, svo að henni veitti ekkert af. Á þessu hjóli reiddi hún okkur systkinin á víxl og elskuðum við að sitja fyrir aftan hana og þeysast áfram. Þegar hún var yngri miklaði hún það ekki fyrir sér að róa sjálf á bát til að veiða fisk, og það tel ég að hafi nú ekki verið algengt að kvenfólk gerði.

**Við mæðgurnar**

Rúna var mjög pjöttuð, alltaf skreytt gulli eða silfri, fallega greidd og mjög fínt klædd, og sást aldrei á almannafæri öðruvísi en að vera vel til höfð. Ég undrast mest hvernig hún fór að því að sinna börnunum sínum eins vel og raun bar vitni miðað við þá hrikalegu erfiðleika sem hún stóð frammi fyrir. Hún átti nokkur stormasöm og erfið ástarsambönd, og stóð oft frammi fyrir að ala börn upp ein og í fátækt, og þá skoraðist hún ekki undan að taka þeirri vinnu sem í boði var, þótt mörg störfin væru erfið. Það voru margir sem hneyksluðust og slúðruðu um dóttur bæjarfulltrúans og þá svaraði hún svona fyrir sig:

*Dómari Jón þú dæmir mig.*
*Dómurinn þinn er skæður.*
*Dómarinn sá mun dæma þig*
*sem dómunum öllum ræður.*

(Látra-Björg)

Ég og mamma vorum mjög miklir vinir og bárum til dæmis út blöð saman eldsnemma á hverjum morgni. Jóna Rúna, af því að hún var að vaxa, varð oft dálítið þreytt um miðjan daginn, og þá bara dreif mútta hana upp í rúm og lét hana hvíla sig í um klukkutíma og lesa. Þegar ég svo fullorðnaðist, fórum við mamma mikið út saman og keyrðum á milli staða, því þó að mamma mín væri ein fyrsta konan til að taka ökupróf á Íslandi, hjá löggu sem hún þekkti, þá gerði hún lítið af því að keyra síðustu árin.

**Siðferðislegt uppeldi**

Fyrir nokkrum árum var ég á tali við bróður minn og hann sagði við mig: „Jóna, það er svo furðulegt, ef ég geri eitthvað rangt þá fer ég



Rúna litla

alltaf að hugsa til baka, aðallega um bænirnar hennar mömmu. Þegar ég hugsa um þetta þá hætti ég oftast við að gera ranga hluti og langar ekki til þess." Svona sáði hún fræjum heiðarleika, góðmennsku og annarra mannkosta í börnin sín. Rúna var afar bænheit og hafði alltaf við hendina risatalnaband sem hún notaði grimmt. Hún trúði staðfastlega á guðlega forsjá og svo mikil var trú hennar að ef eitthvað kom upp sem hún réði ekki við, þá jókst bænheyrslan og öll börnin hennar voru krossuð og signuð í bak og fyrir. Við vorum svo lítil að við héldum vart höfði þegar Rúna byrjaði að kenna okkur bænir. Við vorum látin fara með Faðir vorið og enda svo á langri klásúlu sem lá meðal annars í því að við myndum aldrei drekka brennivín, aldrei reykja sígarettur, aldrei taka það sem við áttum ekki, alltaf vera góð við þá sem minna máttu sín, eiga sem best samskipti við aðra og rétta þeim hjálparhönd sem þurfandi voru. Þetta sögðum við á hverju einasta kvöldi alla okkar æsku og uppvöxt og það er nokkuð ljóst að það sem bróðir minn sagði hafði sömu áhrif á mig, mig langar ekki að gera rangt af því að mamma mín elskaði mig svo heitt að ósjálfrátt eru öll hennar orð og óskir lög í mínum huga.

*Jóna Rúna Kvaran*



Rúna á fermingardaginn

*Kveðja*

*Fallin er hjartans fögur rós*
*og föl er kalda bráin.*
*Hún sem var mitt lífsins ljós*
*ljúfust allra er dáin.*

*Drjúpa hljóðlát tregatár*
*og tómið fyllir allt.*
*Ekkert sefar hjartasárin*
*í sálu andar kalt.*

*Þögul sorg í sál mér næðir*
*sár og vonarmyrk.*
*En Drottinn ætíð af gæsku græðir*
*og gefur trúarstyrk.*

*Hnípinn vinur harmi sleginn*
*hugann lætur reika.*
*Kannski er hún hinum megin*
*í heilögum veruleika.*

*Þú ert laus frá lífsins þrautum*
*og liðin jarðarganga.*
*En áfram lifir á andans brautum*
*ævidaga langa.*

*Heimur bjartur bíður þar*
*og bráðum kem ég líka.*
*Þá verður allt sem áður var*
*ef veröld finnum slíka.*

*Drottinn verndar dag og nótt*
*á dularvegi nýjum.*
*Aftur færðu aukinn þrótt*
*í eilífð ofar skýjum.*

*Þú alltaf verður einstök rós*
*elsku vinan góða.*
*Í krafti trúar kveiki ljós*
*og kveðju sendi hljóða.*

*Ort af: Jónu Rúnu Kvaran*

Sérsaumur, búningasaumur, viðgerðir og breytingar



SKRADDARINN Á HORNINU

Ármúli 40, gengið inn bakvið • 108 Reykjavík • sími 899-2808
Er á Facebook þar sem þið getið haft samband. Sveigjanlegur opnunartími

# Fjölbreytt þjónusta **í 65 ár**



Fyrirtækjaþjónusta



Gluggatjöld og áklæði



Úlpur, kápur og frakkar



Almennur þvottur



Hreinsun og pressun



Dúkaþvottur og dúkaleiga

FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 65 ÁR

EFNALAUGIN

BJÖRG

HÁALEITISBRAUT

STOFNAÐ 1953

Háaleitisbraut 58–60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • www.facebook.com/efnalauginbjorg • Sími: 553 1380



# Náttúra Íslands í Perlunni

Starfsemin í Perlunni sem setur svip sinn á Öskjuhlíðina hefur tekið stakkaskiptum frá því sem áður var en þann 2. júlí 2017 var opnuð þar sýningin Jöklar og íshellir, sem var fyrsta skrefið til að búa til náttúrusafn í byggingunni, í tönkunum og í glerkúplinum. Við fengum Margréti Th. Jónsdóttur jarðfræðing og aðstoðarframkvæmdastjóra Perlunnar til að segja okkur frá starfseminni.

Hugmyndin er að færa náttúru Íslands inn í Perluna, segir Margrét. Við sjáum það fyrir okkur að í framtíðinni verðum við náttúrufræðslumiðstöð fyrir Íslendinga og fyrir skólana en í samningi okkar við Reykjavíkurborg er gert ráð fyrir að við tökum á móti skólabörnum og við erum að byrja á því nú í febrúar. Þann fyrsta maí opnum við næsta fasa á sýningunni en hann heitir Land, strönd og haf og þar leggjum við áherslu á hvernig Ísland varð til, sýnum eldfjöllin og flekahreyfingarnar, jarðhitann og jarðskjálftana. Við verðum með upplifunarherbergi, það verða skjáir á veggjunum sem tala saman, það verður dimmt og læti þar inni og við erum búin að vera að skrifa jarðsöguna sem fólk gengur svo í gegnum.

Sýningarnar í Perlunni eru unnar í nánu samstarfi við fremstu vísindamenn í sínu fagi, og eru byggðar á nýjustu þekkingu í náttúru- og raunvísindum, og meðal samstarfsmanna eru Helgi Björnsson jöklafræðingur, Þóra Ellen Þórhallsdóttir doktor í grasafræði, Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur og Árni Hjartarson jarðfræðingur. Einnig hafa listamenn eins og Andri Snær Magnason rithöfundur, Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari, hönnuður og Ragnhildur Gísladóttir tónskáld og tónlistarkona tekið virkan þátt í verkefninu og sett sitt mark á það. Og það eru margir forvitnilegir hlutir í bígerð.

Það er vísindaráð hjá okkur, segir Margrét, og það valdi tvennt til að fjalla sérstaklega um, annað er Mývatn en hitt er Eyjafjörður. Það verða allar upplýsingar um einstakt vistkerfi Mývatns, um kúluskítinn og dýralífið og við verðum með strýturnar í Eyjafirði og upplýsingar um Akureyri. Á einn vegginn ætlum við að setja Látrabjarg, 10 metra hátt og á því verður fullt af fuglum en á gólfinu verða kíkjar þar sem þú getur í sýndarveruleika séð sögur í klettunum sem þú ert að kíkja á. Síðan verður hér fiskabúr sem er í rauninni risaskjár og við erum búin að láta mynda sjóinn í kringum Ísland þannig að þú getur séð fiska og hvali synda framhjá þér og annað sem er í íslenska sjónum.



Við inngang Jöklasýningarinnar eru tilvitnanir í ýmsa listamenn um hvaða áhrif jöklar hafa haft á þá sem listamenn og eru það bæði hljóð og mynddæmi. Síðan er gengið í gegnum íshelli sem búið er að gera í einum heitavatnstankinum. Ísgöngin eru um 100 metra löng, í þau fóru 350 tonn af snjó og í ísnum eru öskulög frá síðasta gosi í Eyjafjallajökli. Allt er því gert til að láta hellinn líta sem eðlilegast út og í honum eru m.a. jökulsprunga og svelgur sem myndast þegar vatn bráðnar í ísnum og hljóðin eru þau sömu og eru í íshellum. Á annari hæð fyrir ofan íshellinn er hægt að fræðast um jökla á gagnvirkan hátt, skoða lífríki jökla í smásjá og sjá hvernig umfang jökla mun breytast fram til ársins 2200. Í lokinn geta svo sýningargestir skráð athugasemdir á sérstakan vegg.



Margrét Th. Jónsdóttir í íshellinum. Hægra megin við hana má sjá hvernig öskulög eftir eldgos eru í Vatnajökli

Þetta er ótrúlega skemmtilegur veggur, segir Margrét. Það voru margir efins um hann í byrjun en þetta er lifandi athugasemdaveggur þar sem gestirnir skrifa eitthvað um sýninguna og um jökla. Það koma margar athugasemdir sem er beint til Donalds Trump um að hann ætti að koma á sýninguna og að hnattræn hlýnun sé raunveruleg.

Allt sem við gerum hérna er gert í samvinnu við Ingimund sem teiknaði Perluna og hann hefur hannað nýja hæð í húsið en á henni mun Náttúruminjasafnið opna 1. desember. En í september ætlum við að opna fyrsta stjörnuver á Íslandi í einum tankinum. Þar erum við líka að vinna með perlur í náttúru Íslands og norðurljósaefni sem verður frábær viðbót við allt hitt. Hér reynum við að vera með nýja nálgun í safnaumhverfi, hér er ekki allt í glerkössum heldur er þetta lifandi, samt er þetta fræðsluefni en ekki bara upplifun heldur blanda af hvorutveggja. Fyrir utan safnastarfsemina er hægt að fara á kaffihúsið Kaffitár sem býður upp á rjúkandi kaffi og meðlæti eða á veitingastaðinn Út í bláinn sem býður upp á veitingar í glænýju veitingahúsi á fimmtu hæðinni. En það er fyllsta ástæða til að kíkja í Perluna á næstunni.












GÓÐ VERÐ
Í FEBRÚAR
Iceland
FULFIL 55 G
229
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
4.164 KR/KG
GRANDIOSA
5 TEG.
499
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
868 - 1.040 KR/KG
GRANDIOSA
GLUTENFRI 590 G
699
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
1.185 KR/KG
LARA 100 G
99
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
990 KR/KG
SPORT
LUNCH 50 G
99
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
1.980 KR/KG
TOPPUR
SÍTRÓNU 500 ML
99
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
198 KR/L
NAKED
450 ML
399
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
887 KR/L
MAARUD
FLÖGUR
280/290 G
399
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
1.425/1.376 KR/KG
ALPRO 1L
229
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
229 KR/L
CULT RAW
500 ML
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
398 KR/L
CULT 250 ML
149
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
596 KR/L
AVA
500 ML
129
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
258 KR/L
NATURE
VALLEY
210 G 3 TEG.
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
948 KR/KG
JACOBS
PÍTUBRAUÐ
400 G
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
498 KR/KG
HAUST
HAFRAKEX
225 G
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR KR/STK
884 KR/KG
Netgíró
OPIÐ
24
TÍMA

## Listamaður mánaðarins

# Gísli Rúnar Jónsson






**Gísli Rúnar Jónsson hefur komið við sögu helstu leiklistarstofnana landsins sem leikari, leikstjóri, leikskáld og þýðandi. Hann hefur gert handrit að útvarps- og sjónvarpsþáttum og ritað nokkrar bækur, þeirra á meðal leiklistarannálinn „Ég drepst þar sem mér sýnist - Gísli Rúnar & Grínarar hringsviðsins segja sögur úr sviðsljósinu (& skugga þess)" og einnig þýtt fáeinar erlendar bækur til útgáfu. Við hittum Gísla Rúnar á kaffihúsi og byrjuðum á að fræðast um uppvöxtinn í Laugarásnum.**

Ég ólst upp á Selvogsgrunninum, segir Gísli Rúnar, sem er í miðju Snobbhill í Reykjavík en Laugarásvegurinn, Kleifarvegurinn, Vesturbrúnin og Selvogsgrunnurinn var kallað Snobbhill. Þarna kynntist ég reyndar alveg gríðarlega vönduðu og góðu fólki en ég segi stundum að faðir minn hafi verið eins og blökkumaðurinn í hverfinu, hann var ekki eins bjargálna og hinir og bjó í kjallara en hann sá vel fyrir okkur. Hinir voru allir toppmenn í þjóðfélaginu, forstjóri Strætó, forstjóri SÍS, forstjóri Eimskipafélagsins og svo framvegis.

En maður leit á þetta sem eitt stórt heildstætt hverfi, Laugarnesið, Kleppsholtið og Vogana. Ég var í Laugarlækjarskóla en ég þekkti krakka í Langholts- og Vogaskóla. Ég var svo áhugasamur um svokallaða listamenn, þó maður noti það orð lítið í dag því mér finnst það hafa orðið svo mikið gengissig á merkingunni og tala frekar um skapandi fólk, og ég komst að því hvaða listamenn bjuggu í hverfinu, það var eins og „fetish" fyrir einhverju. Það var til dæmis Sigurjón Ólafsson myndhöggvari, hann bjó niðrí Laugarnesi og Gestur Þorgrímsson myndhöggvari bjó á Laugarásvegi og ég spjallaði oft lengi við hann þegar hann var höggva út í grjót einhverjar brjóstmyndir af skólastjórum úti á landi sem höfðu verið pantaðar hjá honum.

Ómar Ragnarsson bjó uppi á Austurbrún og þá var hann skemmtikraftur en vann hjá Hitaveitunni á daginn og hann spilaði stundum fótbolta við okkur strákana í hádeginu. Við vorum svo „starstruck" að við gátum ekkert þegar hann var með en hann kom alltaf með vekjaraklukku og stillti hana og setti á bakvið markið. Svo þegar hún hringdi þurfti hann að fara aftur að vinna hjá Hitaveitunni. Bessi Bjarna bjó í Skipasundinu og hann var mitt átrúnaðargoð og ég ákvað þegar ég var fjögra ára að ég vildi verða eins og hann þó ég hafi reyndar aldrei líkst honum né nokkur annar. Ég var svo hrifinn af honum að ég sat um hann.

Faðir minn vildi að ég gerðist lögmaður eða læknir því ég ætti auðvelt með að læra og hann kallaði þennan áhuga minn á listum óeðlið og bað mig í öllum bænum að venja mig af þessari ónáttúru. En hverfið var í byggingu og það sem ég fékk ekki að gera heima hjá mér gerði ég annarsstaðar og tróð upp í húsgrunnum, bílskúrum, í kjallaratröppum og á óbyggðum svæðum sem þá var nóg af. Mér fannst vera skortur á leikurum þannig að ég var iðulega að leika á móti sjálfum mér og ég komst fljótlega upp á lag með að leika Kasper, Jasper og Jónatan, alla þrjá og stundum Sörensen rakara líka. Og Skugga-Svein og Ketil skræk lék ég báða eins og ekkert væri.

**En hvenær fór að færast alvara í leikinn?**
Mér var alltaf alvara en það var eitt sem var að brjótast í mér. Ég var svona sæmilega drátthagur og foreldrar mínir vildu frekar styðja mig í því en ég tók ákvörðun þegar ég var fimmtán ára. Ég vissi að ég gat farið í leiklistarskóla Ævars Kvaran án þess að taka inntökupróf en ég hafði áttað mig á öðru sem ég ákvað þá að glíma við en það er að ég var með Tourette heilkenni og áráttuþröskun eins og það heitir í dag. Ég er með mikla kæki og mikla áráttuþröskun sem gerir mér stundum ókleift að komast út um dyr og ég hugsaði með mér að ef ég ætlaði að verða leikari þá gætu ekki allir karakterarnir sem ég léki verið með Tourette. Skugga-Sveinn getur ekki verið með Tourette og Ketill skrækur getur ekki verið með spotta aftan úr sér, sem var ein af ranghugmyndunum sem ég var með. Ég vissi að þetta voru ranghugmyndir því Tourette er ekki geðsjúkdómur heldur taugasjúkdómur þó í raun sé lítið vitað um hann. Svo ég ákvað að æfa mig.

Ég æfði mig á hverjum degi í heilt ár fyrir framan spegil að ráða við sjúkdóminn. Ég var með frekar milda útgáfu af Tourette og blótaði ekki ósjálfrátt eins og sumir gera og þegar ég mætti loks til Ævars Kvaran gat ég flutt eintal í fyrsta tíma úr Júlíusi Sesar eftir Shakespeare í þýðingu Matthíasar án þess að lyfta nasavæng. En svo þurfti ég að fara á klósettið á eftir til að fá útrás. En þarna æfðist ég í þessu og alltaf þegar ég fór upp á svið þá slökkti ég á þessu. Þeir sem eru með mikið Tourette munu eflaust brosa og segja: Gerpið er ekki með Tourette fyrst hann getur ráðið við það. En þetta var mikið hjá mér á sínum tíma.

**Stefndirðu alltaf að því að verða gamanleikari?**
Nei ég hafði ekki endilega fókusinn á gamanleik. Ég sá fyrir mér að ég yrði það sem á ensku er kallað character actor en Íslendingar kalla það skapgerðarleikari sem nær því reyndar ekki alveg, en ég sá fyrir mér að ég myndi gera þetta alltsaman. Ég hafði aldrei áhuga á að leika rómantískar rullur eftir Shakespeare en samt hafði ég einstaka unun af honum og las hann allan eins og hann lagði sig í þýðingum Steingríms, Matthíasar og Helga Hálfa. Ég hafði ekki áhuga á að leika Rómeó og Hamlet, frekar Falstaff og kannski Lé konung.

Þegar ég var svona sjö ára þá var ég lagður í einelti fyrir þessar glennur og kallaður Gísli glenna og þegar fólk sá mig verða fastan við ljósastaur þá hélt það að ég væri geðbilaður. En einn góðan veðurdag þá fékk ég kvalarana til að hlæja með mér en ekki að mér. Þeir höfðu hlegið að því hvað ég gat verið asnalegur og glennt mig mikið en þegar ég fann leið til að láta þá hlæja með mér þá snerust vopnin í höndunum á þeim.

Ég gat ekki komið öllum til að hlæja en kannski 80% af þeim sem urðu á vegi mínum sem er ekki slæmt á góðum degi og þannig varð þessi gamanleikari til. En svo vorum við Júlli Brjáns, Randver og fleiri búnir að vera að rembast við þetta í nokkur ár, þangað til ég var 19 ára en þá slógum við Júlli í gegn á einni nóttu. Það var fyrir algera tilviljun eða röð af atvikum en við vorum allt í einu komnir upp í sjónvarp í búninga og búnir að gera einhverja snöggsoðna karaktera sem féllu vel að tíðarandanum en þetta voru Kaffibrúsakarlarnir.

En hugsaðu þér hvað maður óttast dóm fólks og gagnrýnenda. Við vorum svo hræddir um að fólk yrði leitt á þessu að þegar við vorum búnir að vera eitt ár í sjónvarpinu vildum við ekki vera lengur þó við hefðum getað það. Við héldum að fólk yrði brjálað því við vorum allsstaðar, við lékum í nokkrum sjónvarpsauglýsingum og ég ákvað að leika aldrei oftar í sjónvarpsauglýsingum og gerði það aldrei aftur og tapaði mikið á því. Okkur fannst að við værum að ofbjóða fólki og hættum sem var auðvitað alger vitleysa. Við vorum einn vetur í sjónvarpinu og sumarið eftir vorum við að skemmta og svo bara lokuðum við. Ég var svo andsnúinn þessum karakter og næstu ár var fólk að kalla á eftir mér frasa af plötunni sem við gerðum og þetta snerist svo öfugt í okkur Júlla að ég henti búningnum og sé alltaf eftir því en þar með var ég búinn að henda þessum karli.

**Hvað fórstu svo að gera þegar þú varst laus við Kaffibrúsakarlinn?**
Ég fór að setja upp leikrit úti á landi og í menntaskólum og fór í leiklistarskóla. Það var enginn leiklistarskóli til í landinu um þessar mundir svo áhugafólk stofnaði skóla. En það kom upp skoðanamismunur um hvort þetta ætti að vera heilsdagsskóli eins og ég vildi og fleiri eða hvort þetta ætti að vera kvöldskóli en þá fannst okkur skólinn vera kominn á sama stig og skólar Þjóðleikhússins og Leikfélags Reykjavíkur höfðu verið áratugum saman. Þeir voru kvöld og helgarskólar og ég hafði verið hjá Ævari og mig langaði í alvörunám. Þá slitum við okkur frá og stofnuðum SÁL-skólann en ári eða tveimur seinna var ríkisleiklistarskólinn stofnaður og þangað fór ég og var síðan rekinn, aðallega fyrir að vera bilaður á geði sem ég hef sjálfsagt verið. Þá fór ég bara að leika á fullu, í Alþýðuleikhúsinu og út um allt og svo varð ekkert lát á því nema annars lagið þegar hafði safnast upp í mér óyndi en þá fór ég og leikstýrði nokkrum verkum. Eftir það varð ég aftur tilbúinn til að koma og leika en það var það sem mig fyrst og fremst langaði til að gera. Það sem kveikir þessa leiklistarbakteríu er það að maður vill sýna fólki hvað maður getur.

**Þú hefur leikið jöfnum höndum í sjónvarpi og leikhúsi.**
Jájá ég gerði það, ég lék á sviði, í sjónvarpsleikritum, gamanþáttaröðum og áramótaskaupum en í mjög fáum kvikmyndum. Ég lék í Stellu í orlofi, það var tveggja daga verk en flugstjórinn sem ég lék hefur haldið nafni mínu á lofti ásamt Kaffibrúsakörlunum og Heilsubælinu. Mér finnst það alltaf jafnskrítið en maður er bara þakk-



látur fyrir það. Það koma alltaf nýjar kynslóðir og börn þekkja mig bara fyrir þetta „Ertu ekki flugstjórinn?" annars hefðu þau ekki hugmynd um hver maður er.

**Þú lætur ekki nægja að leika og leikstýra, þú hefur líka skrifað mikið af leiktexta og þýtt leikrit.**

Maður varð að byrja að skrifa. Þegar við Kaffibrúsakarlarnir byrjuðum í sjónvarpinu þá fórum við í Mad Magazine í leit að bröndurum, til að fara ekki í Sjómannablaðið eða Búnaðarblaðið, en síðan urðum við bara að fara að semja. Neyðin kennir naktri konu að spinna og maður varð fljótlega orðinn höfundur eigin efnis og svo gat maður ekki hugsað sér að hafa það öðruvísi.

Síðan eru það þýðingarnar sem veita mér mesta ánægju í dag og hafa gert í mörg ár. Það er þannig að ég er alltaf að skipta mér að öllu, hvort sem það eru leikmunir, búningar eða eitthvað, þá er ég að skipta mér að því sem mér kemur ekki við. Ég hjó eftir því í útvarpsleikritum sem ég var að leika í að allir karakterarnir, hvort sem leikritið var enskt, finnskt eða færeyskt þá höfðu allar persónurnar sama málsnið í sama leikritinu, óháð stétt og stöðu. Það var vegna þess að þýðendurnir höfðu það ósjálfrátt fyrir sið, vegna þess að tíminn var lítill og þetta er illa launað, að ljá öllum persónunum sitt eigið málsnið. Þá fór ég að glugga í frumgerðir leikritanna og varð ennþá meira óþolandi fyrir bragðið og fór að laga þetta aðeins til. Það endaði með því ég var í leikriti og æfingatímabilið var nýhafið og ég sagði að ég væri búinn að lesa leikritið og að mér fyndist tæpast standa steinn yfir steini í þýðingunni. Þá fóru leikstjórinn og leikhússtjórinn á stúfanna og komust að því að eitthvað hafði verið kastað til höndum við þýðinguna þannig að ég við annan mann var settur í næturvinnu í viku við að þýða leikritið upp á nýtt. Upp úr þessu byrjaði þýðingavinna mín og ég uppgötvaði að ég hafði gríðarlega mikla ánægju af henni. Ég kalla hana reyndar heimfærslu eða íslenskun því í raun er þetta að enduryrkja verkin. Maður er að greiða götu höfundarins yfir í annað tungumál en maður má ekki verða svo hofmóðugur að maður fari að hjálpa honum eða gera hann betri.

**Þú ert líka afkastamikið limruskáld, er limran sérstakt áhugamál þitt?**

Þetta er breskur bragarháttur og það er ekki vitað hver bjó hann til en líklega hafa margir komið að því. Limruna rekur upp á Íslandsstrendur með mönnum sem voru að læra í enskumælandi löndum þar á meðal Jóhann S. Hannesson skólameistari á Laugarvatni sem var mikill ensku og íslenskumaður, gríðarlega flinkur og orðhagur. Hann er mín fyrirmynd en síðan koma Þorsteinn Valdimarsson, Jónas Árnason og Kristján Karlsson, en Jóhann fer algerlega eftir forminu og ég féll fyrir þessu þegar ég sá þetta fyrst hjá honum.

Ég fór að yrkja limrur og setja á Facebook vegginn minn, ég fór í limrukast og orti um 100 limrur á 3-4 mánuðum og þær eru mjög snúnar en samt fannst mér þetta frekar snautlegt eitt sér. Þetta var eins og „ég át hafragraut í morgun" staða eins og margir finna sig knúna til að segja manni á Facebook svo að mér fannst það þurfa að vera mynd með. Þannig að ég fór að finna myndir og úr því varð konsept að myndskreytingu bókar því fólk var alltaf að spyrja mig hvenær bókin kæmi. Ég minntist á þetta við útgefanda og hann var til í að gefa út slíka bók en ég er búinn að vera að fresta henni í fjögur ár.





**Það hefur lítið sést til þín á leiksviði undanfarin misseri.**

Ég gekk út um bakdyr Borgarleikhússins 1999 en þá var ég í farsa sem ég þýddi og heimfærði, Sex í sveit, en hann hafði gengið í þrjú ár, lengur en nokkurt annað stykki hjá Leikfélaginu. Ég var búinn að fá nóg og ákvað að ég myndi hvorki koma bakdyramegin eða framdyramegin inn í leikhús aftur. Það var ekki út af farsanum og ég var að leika með úrvalsfólki eins og Eddu Björgvins og Dóru Geirharðs og fleirum heldur var þetta margra ára uppsafnaður vandi en ég er sérvitringur og hundleiðinlegur og rekst illa í flokki. Ég gat ekki litið á þetta sem vandamál annara heldur var þetta mitt vandamál sem ég yrði að fást við í eigin ranni og rassi þannig að ég ákvað að hætta og ég hef staðið við það í 18 ár. Ég hef tvívegis komið út úr skápnum sem leikari og í bæði skiptin til að byggja á fornri frægð en það var þegar við Júlli áttum 30 og 40 ára leikafmæli en þá vorum við með sýningar með Kaffibrúsakörlunum. Síðan hef ég leikstýrt tvisvar en það var bara af því að mig vantaði pening en síðan hef ég þindarlaust reynt að afsanna eigin kenningu um að það sé ekki hægt að lifa af listinni heldur bara drepast af henni.

**Limrur eftir Gísla Rúnar Jónsson**

**Andlát gluggagægis**
Þau Gimmi og Gugga gistu
á Grund, tilað hugga Systu
- er jarðsunginn þar
- Jónatan var
í japanskri gluggakistu.

**Klippt & skorið**
Rakhnífinn listrænn hann
Rósmundur
rakarameistari dró sundur.
- Nú heist og her
- er Kristófer
sem Rósmundur risti og hjó
sundur.

**Nosy Parker**
„My profile has cons, it has pros
and plainly all told, I suppose
as far as it goes,
the lowest of lows
is my nose is too close to my
toes."

**Innkuls**
- með sveppum
Armæða Úrsúlu Dungal
var útvortis viðkvæm - og fungal
en innvortis samt
var upplagið rammt
og álíka hlýlegt og túnkal.

**Innlit**
- með gægjugræjum
Þeir sáu til gluggagægis
er gluggana fægði með mæis-
olíu-fægi
svo fullvel hann sæi
innum glugga hjá Gylfa Ægis.

**Dansstúdíó Kidda transmiðils - góðkynja annríki**
Hjá Kristni kúnstin um dans-
kennd er uns Kristinn fellur í
trans, end'er
lagskiptur listinn
hjá Kristni því Kristinn
hét Kristín um hríð - enda trans-
gender.











MOROCCANOIL
Hársnyrtistofa
DÓRA
Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langholtsvegi 128 • Sími 568 5775

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA
SENDIBÍLASTÖÐIN
SÍMI 568 5000

Speglar
Innrömmun
Glersala
Erlendar Ó. Ólafssonar
GLERIÐJA
Opið mánud. - föstud. kl. 8-18 og laugard. kl. 10-16
Laugarnesvegi 52 • 105 Reykjavík
Mikið úrval af plakötum!



| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Krossgátugerð Bjarni sími: 845 2510 | byrja | gjóta | 4 eins | | megin | 2 eins | | lík | vandvirkir |
| | | | | akkinn | | | | | | | | | |
| | | | | 8 | | | | | | | árföður | | |
| | | | | fallega | | | | | | samið / agnúast | 7 | | |
| Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð | | skrimta | bilun | | | litaða / upphaf | | | | | kvendýr | | |
| húsgögn | | | | | | | | | þreyta / gjamm | | | | |
| hátíð | | | | óðagot | þurfalingar | | | | | | | bergmála | |
| strand-staður | | | | | | | andvarp / gnauðar | | | | tæmdri | | tré |
| bæta | | | | | hljómföll | 2 eins | | | mann / baslinu | | | | |
| | | auli | vinna / einar til | | | | | | | hast / 2 eins | | | |
| árföður | | | | | | illkvitni / húrruðu | | | | | | | |
| miskunn | | | | umgjörðin / ágeng | 3 | | | | | | | aftur | kúvenda |
| | | | | | | | | | | útkjálki / happ | | | 2 |
| | stallurinn / flennuna | | | | | | bjáninn / upptrekkt | | | | | | |
| páfagaukur | | | | | hremmi / hamla | | 1 | tjónið | spriklað | | strax / fuglar | | |
| utan | | | bátaskýlinu / hreina | | | | | | | | | álpast | |
| farfa | | | | | | mykja / gnauð | | | | áttund / lána | | | eins um a |
| | 4 | öttu / borðandi | | 5 | | | póldrur | 6 | | | | | |
| kemst | | | | 2 eins | | | starfið | | | | | | |
| skilugar | | | | | | | | | púkar | | | | |

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834 KONDITORI






HAPPA ÞRENNAN Skemmtilegt að skafa

NÚ ER RÆMA
ERMI VAKUR
T KREM NM
TAR OT ÓK
SÓÐAR ÓLUND F
ÆR RÆSTAR ÆRA
TÓLIÐ AN L L
ULL NAL ATALI
RELLA Á A IÐ
G I AFSIÐIS
SAFNAÐI SALTA
N ÓA AÐAL L S
JÁRNI UNA ASK
ÓM NÆRING TU
KAKAN DATAR
ANN ATAÐIR F
R ÁS ÆT AFLA
LÓAN LAGAR AU
FRYSA ÁT ORM

KRUMMINN A SKJANUM

**Lausnarorð: KRUMMINN Á SKJÁNUM**

**Verðlaunahafar:**

Gjafabréf frá Garðsapóteki ***Steingerður Einarsdóttir***

Klipping frá Greiðunni ***Ingibjörg Jóhannsdóttir***

Áttu fleiri uppskriftir pabbi frá Óðinsauga ***Kristín María Andresdóttir***

Dagbók frá Varmá bókaútgáfu ***Birna G. Friðriksdóttir, Hilmar Ólafsson***

Happaþrenna HHÍ ***Bryndís Guðmundsdóttir***

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

Dregið verður úr réttum lausnum 10. mars n.k.

# VERÐLAUNAKROSSGÁTA

1. verðlaun - Gjafabref frá Ynju Glæsibæ
2. verðlaun - Kaka ársins frá Bernhöftsbakaríi.
3. verðlaun - Náttbirta kilja frá Uglu4. verðlaun - Happaþrenna HHÍ
5. verðlaun - Ég drepst þar sem mér sýnist bók frá Tindi

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir
Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík

Nafn: ..........

Heimili: ..........

Kennitala: ..........

Símanúmer: ..........







*Stórsniðugu Náttkjólarnir og náttfötinn frá Vanity Fair*

*Henta konum á öllum aldri.*
*Til í fleiri litum.*
*Koma í stað snúningslaks.*
*Hentugt fyrir gigtarsjúklinga.*

***Verið velkomin til okkar í Glæsibæ***

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

*Ynja • Glæsibæ • sími 544 4088 • www.ynja.is*

# „Músíkantar fá rauðan dregil“

## segir Óli Stolz í prentsmiðjunni Guðjónó


Ólafur Stolzenwald við hljóðfæri prentsmiðjunnar og fyrir aftan hann eru gamlar prentvélar

Upp úr kreppunni á fyrri hluta síðustu aldar varð Rauðarárholtið að athafnasvæði en þá voru stofnuð fyrirtæki á holtinu sem var utan Hringbrautar og því í útjaðri Reykjavíkur á þessum tíma. Þarna voru fyrirtæki eins og Hampiðjan, Ísaga, Ljómi, VÍR og Ofnasmiðjan og þarna var m.a. steinsmiðja, trésmiðja, fatagerð og skógerð. Lítil merki sjást nú um þessa athafnasemi og gömlu verksmiðjuhúsin hafa verið að víkja fyrir rísandi íbúabyggð á holtinu. Eitt hús stendur þó enn en það er hús Kexverksmiðjunar Esju í Þverholtinu en þar er nú aðsetur prentsmiðjunnar GuðjónÓ. Þar sem tíðindamaður blaðsins keypti brotakex út um lúgu sem ungur sveinn er nú rekin vistvæn prentsmiðja og ég hitti Ólaf Stolzenwald einn eigenda fyrirtækisins til að fræðast um það.

Þetta hús er byggt 1938 sem kexverksmiðja, segir Ólafur, og hérna við hliðina á húsinu er ennþá skúr þar sem eigandi verksmiðjunnar, Sæmundur Ólafsson var með hrúta. Nafnið á kremkexi, Sæmundur í sparifötunum er komið frá honum. Okkar forveri, Guðjón Ó. Guðjónsson, byrjaði að prenta 1926 í Vestmannaeyjum en síðan var hann á Hallveigarstíg og á Langholtsvegi en þetta hús er innréttað sem prentsmiðja um 1980.

Ég byrjaði hérna 1986 og við erum þrír sem eigum þetta en auk mín eru það Sigurður Þorláksson og Þórleifur V. Friðriksson sem er uppalinn Holtari. Við tókum við þessu búi 1992 og við erum kúltúrsinnaðir og styðjum menninguna og stundum er hérna eins og í félagsmiðstöð því hingað kemur mikið af fólki.

**Hvað prentið þið helst?**
Það er svona almenn prentun, allt frá umslögum upp í bækur og tímarit. Guðjón var mikið í bókaútgáfu, gaf sennilega út eina hundrað titla og við höfum gefið út eina og eina bók en annars er þetta almenn prentsmiðja.

**Þið auglýsið ykkur sem vistvæna prentsmiðju, í hverju felst það?**
Í kringum aldamótin kom hingað Þjóðverji sem smitaði okkur dálítið en hann hafði rekið prentsmiðju í Þýskalandi eingöngu með endurunninn pappír og var að prófa olíur og eitt og annað til að keyra prentvélarnar, jarðolíur og jurtaefni og hafði þá stefnu að minnka efnin og keyra þetta á vistvænan hátt. Þannig við fengum áhuga á að prófa og urðum fyrsta prentsmiðjan til að fá Svaninn, umhverfismerki Norðurlandanna árið 2000 þannig að við erum komin með langa sögu sem umhverfisvænt fyrirtæki. Í dag erum við að keyra á pappír sem að 90% kemur úr sjálfbærum skógum þannig að eitt svona fyrirtæki getur lagt heilmikið að mörkum fyrir umhverfið.

**Hvað vinna margir hérna?**
Hérna vinna tíu í dag. Það eru smáþrengingar í prentiðnaðinum og við fórum úr 24 starfsmönnum, sem við vorum með þegar ávísanaframleiðsla var hér á níunda áratugnum, niður í 10 en þar kemur líka bættur vélakostur til. Þegar gengið er að hoppa til og frá þá grípa menn gæsina og fara að flytja inn vöruna þannig að það er hætta á að handverk og iðnaður geti hreinlega horfið úr landinu, ekki bara prentiðnaðurinn. Það er nánast allt flutt inn frá Asíu og löndum þar sem verðlag er öðruvísi. En þessi bókaþjóð á að prenta bækurnar sínar hérna heima, hvernig sem við förum að því.

**Þú ert líka tónlistarmaður, hvernig blanda er að vera músikant og prentari?**
Það hefur einhvern vegin loðað við þennan geira að mikil músík hefur fylgt honum í gegnum tíðina t.d. Haukur Morthens og fleiri. Það var auðvelt að setja saman níu manna Big Band og allir prentlærðir þegar Prentarafélagið eða Félag bókagerðarmanna varð hundrað ára. Þetta virðist loða við stéttina og á árum áður var mikið af tónlistarmönnum í prentiðnaði. Það fer vel saman og það er píanó í kjallaranum hjá okkur og menn grípa stundum í það. Það eru þrír tónlistarmenn í húsinu af þessum tíu og það er ágætt hlutfall.

Við höfum styrkt menninguna töluvert og teljum að með því séum við að sýna samfélagslega ábyrgð þó svo ekki allir telji að menningin falli undir það. Ég lít svo á að við séum að leggja til samfélagsins ef við aðstoðum lítinn leikhóp eða ljóðskáld sem þarf að fá fyrstu bókina sína nánast fyrir ekki neitt, einhverja sem eru að stíga fyrstu skrefin. En músíkantar fá auðvitað rauðan dregil hjá okkur.


Tryggvi Ólafsson listmálari og starfsmaður GuðjónÓ skoða eftirprentanir af verkum Tryggva



ÓDÝR
Gleraugu með glampa- og rispuvörn
Verð 19.900 kr
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Bætt blóðflæði
Betri heilsa
Superbeets eykur nitric oxide

Læknar og hjartasamtök mæla með nitrate ríkum rauðrófum eins og Superbeets til að fyrirbyggja æðasjúkdóma

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi
Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

Fatalitir í miklu úrvali

ÞORSTEINN BERGMANN
Hraunbæ 102 • Sími 567 2867

*Bókin Mannlíf við Sund eftir Þorgrím Gestsson er ómetanleg sagnfræðileg heimild um lífið í Laugarnesi og Reykjavík frá landnámi til okkar daga. Hverfisblaðið hefur fengið leyfi til að birta brot úr köflum bókarinnar í næstu tölublöðum. Kunnum við höfundi bestu þakkir fyrir enda er bókin fróðleg og stórskemmtileg aflestrar.*



Við Vatnagarða var reist fyrsta flughöfn landsins haustið 1930 en saga hennar varð ekki löng.

## Flughöfn við Vatnagarða

**Hér segir frá íslenskum, enskum, frönskum og þýskum sjóflugvélum á Alþingishátíð 1930 og stuttri sögu flughafnar Flugfélags Íslands við Sundin blá.**

„Það var mikið um að vera úti á Sundunum sumarið 1930. Stærsti herflugbátur Englands renndi sér niður á ytri höfnina 24. júní og með honum nokkrir foringjar úr lofther Englendinga, komnir hingað í virðingarskyni vegna Alþingishátíðarinnar. Súlan og Veiðibjallan, sjóflugvélar Flugfélags Íslands, sem nokkrir íslenskir flugáhugamenn undir forystu doktors Alexanders Jóhannessonar höfðu stofnað tveimur árum áður, fluttu tugi farþega til hátíðarinnar á Þingvelli og frönsk flugvél af herskipinu Suffren sveimaði yfir hátíðasvæðinu. Þýska loftfarið Zeppelin greifi sigldi yfir Reykjavík og 19.ágúst lenti þýski flugkappinn Wolfgang von Gronau úti fyrir Reykjavík á leið sinni til Grænlands.

Um haustið var óvenjumikil umferð um þann nýnefnda Kleppsveg, bílar voru í förum fram og til baka með fólk og flutninga og íbúarnir í þorpinu við Laugarnesveg ræddu fjálglega saman um flug. Þau miklu tíðindi höfðu gerst að Flugfélagsmenn höfðu fengið leyfi bæjaryfirvalda til að gera fyrstu flughöfn landsins inni í Vatnagörðum. Þeir höfðu óskað eftir því um sumarið að Reykjavíkurhöfn gerði rennibraut og flugskýli við Örfirisey fyrir flugvélar sínar en hafnarnefndin taldi óhugsandi að framtíðarflughöfn gæti verið þar, réttara væri að þessi mannvirki yrðu reist þar sem þau gætu staðið til framtíðar. Nokkru síðar var ákveðið að gera flughöfn inni í Vatnagörðum og þegar um haustið var hafist handa um að gera dráttarbraut og viðgerðarpall og loks var reist flugskýli sem keypt var í hlutum erlendis frá. Á sjávarkambinum ofan við flugskýlið var byggt íbúðarhús fyrir flugvörð og skrifstofu flugfélagsins. Fram að þessu höfðu flugvélarnar lagst upp að Steinbryggjunni undan Eimskipafélagshúsinu en eftir að nýja flughöfnin var tekin í notkun voru hafðar fastar bílferðir fyrir farþega inn í Vatnagarða. Flughöfn var þó ekki lengi í Vatnagörðum því Flugfélag Íslands varð gjaldþrota þegar árið eftir og allri starfsemi þarna inn frá hætt."

**Mannlíf við Sund, Íslenska bókaútgáfan ehf., 1998, bls. 359.**

**Mannlíf við Sund**
Ómetanleg heimild um lífið í Laugarnesi og Reykjavík frá landnámi til okkar daga
Fæst í betri bókaverslunum
Bókin fæst einnig hjá höfundi í síma 849-9399






**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
*Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing*
Áratuga reynsla við útfararþjónustu

# Sundahöfn og Vatnagarðar

**Hafnarsaga Reykjavíkur er ekki löng en lokið var við gerð hafnargarðanna í Reykjavíkurhöfn árið 1917. Tíu árum fyrr hafði Milljónafélagið hafið hafnargerð í Viðey en hún lagðist af með þorpinu sem var í Viðey. Einnig var Einar Benediktsson og fleiri með áform um skipahöfn í Nauthólsvík og skipalægi í tjörninni kom til tals en ekkert varð úr þeim áformum. Í Vatnagörðum þar sem styttst var til Viðeyjar yfir sundið var ágæt lending og um tíma var þar aðallendingastaður sjóflugvéla í Reykjavík. Nú er landslag gerbreytt við Viðeyjarsund, þar hefur verið gerð stórskipahöfn og miklar landfyllingar. Hér eru nokkrar myndir frá gamalli tíð en einnig nýjar myndir sem teknar eru frá svipuðum sjónarhornum eftir því sem við varð komið vegna bygginga og lokaðra svæða.**




Ítalski flugliðsforinginn Balbo ásamt mönnum sínum í Vatnagörðum en hann stjórnaði hópflugi 24 ítalskra flugvéla yfir Atlantshaf árið 1933 og millilentu vélarnar í Vatnagörðum. Á 7. áratugnum var hafist handa við hafnargerð á Viðeyjarsundi og á þessari mynd Leifs Þorsteinssonar sést Vatnajökull sem var fyrsta skipið sem lagði að í Sundarhöfn 14. júlí 1968




Vatnagarðar snemma á síðustu öld. Í þessari vík höfðu margir trillukarlar aðstöðu allt fram á sjöunda áratuginn en þá urðu Vatnagarðarnir athafnasvæði fyrirtækisins Björgunar. Björgun rak sanddæluskip sem dældu upp sandi af hafsbotni og nú er víkin horfin undir landfyllingar




Inn af víkinni var lítil tjörn þar sem börn hverfisins sigldu á flekum á sumrin en hlupu á skautum á veturnar. Fyllt var upp í þessa tjörn með sandi af hafsbotni. Þarna er nú athafnasvæði Eimskips




Vatnagarðarnir um miðja síðustu öld. Blokkirnar á Laugarásnum blasa við og fyrir neðan þær er flugskýlið sem var í Vatnagörðunum. Nýja myndin er tekin frá svipuðum stað og sýnir athafnasvæði Eimskips




Balbo-kampur var herskálahverfi sem stóð fyrir neðan Kleppsveginn en þessar skemmur eru nú á svipuðum stað




# Fréttir frá Víkingi

**2. flokk Víkings boðið á Mercedes Benz Junior Cup**
Það var 12 manna hópur leikmanna úr 2. fl. karla, ásamt þjálfurum og fylgdarliði sem hélt til Þýskalands í byrjun janúar til að taka þátt á Mercedes Benz Junior Cup 2018. Mótið, sem er boðsmót í 6-manna battafótbolta, hefur verið haldið árlega síðan 1991. Á þessu móti hafa margir af fremstu leikmönnum heimsins í dag leikið, en frá upphafi hafa 107 leikmenn tekið þátt sem seinna hafa orðið landsliðsmenn. Má þar m.a. nefna leikmenn eins og Mesut Özil, Manuel Neuer, Leroy Sané, Marcus Rashford og Jordi Cruyff.

Lagt var af stað úr Víkinni snemma á fimmtudagsmorgninum 4. janúar og flogið til Frankfurt, þar sem rúta þýska landsliðsins, die Mannschaft, beið liðsins á flugvellinum. Með rútunni var haldið til Stuttgart þar sem Mercedes Benz safnið var skoðað og þaðan haldið til Sindelfingen, þar sem mótið fór fram. Tekin var stutt æfing á vellinum um kvöldið og línurnar lagðar fyrir leiki næsta dags.

Víkingar drógust í riðil með Herthu Berlin, Grasshopper Club Zurich og VfB Stuttgart. Í hinum riðlinum voru svo Bayern Munchen, 1. FC Köln TSG 1899 Hoffenheim og Panathinakos.

**Víkingar eina liðið til að taka stig af sigurvegurum mótsins**
Víkingar fengu þann heiður að spila opnunarleik mótsins á móti Hertha Berlin. Bjarki Björn Gunnarsson tók svo heiðurinn aðeins lengra með því að skora fyrsta mark mótsins rétt fyrir lok fyrri hálfleiks, draumabyrjun. Strax í byrjun seinni hálfleiks jöfnuðu hins vegar leikmenn Hertha Berlin. Þegar um 40 sekúndur voru eftir af leiknum fengu Þjóðverjarnir svo víti en Emil Andri gerði sér lítið fyrir og varði spyrnuna. Víkingar óðu upp í sókn og voru óheppnir í tvígang að ná ekki að skora sigurmarkið.

Í lok móts stóð Hertha Berlin uppi sem sigurvegari, með fullt hús ef undan er skilinn leikur þeirra gegn Víkingi.

Á eftir fylgdu töp á móti Grasshopper 4-0 (0-0), Stuttgart 3-0 (1-0) og Hoffenheim 5-1 (2-1). Óþarflega stór töp í leikjum sem höfðu verið jafnir lengst af. Augljóst var að reynsluleysi og ferðaþreyta var aðeins farin að vefjast fyrir mönnum.



**Framtíðin björt í Víkinni – Hugarfar sigurvegara verður til**
Miðað við úrslit dagsins var ljóst að Víkingur myndi mæta Panathinakos, sem unnið höfðu bæði 1. FC Köln og Bayern Munchen, í fyrri leik morgundagsins og svo keppa um 7. Sæti. Um kvöldið var kvöldverður á hótelinu. Strákarnir höfðu mjög gaman af því að íslenska liðið sæti þarna við hlið Bayern Munchen. Smátt og smátt rann upp fyrir þeim að andstæðingar þeirra væru í rauninni bara strákar eins og þeir. Víkingar mættu svo mun ákveðnari til leiks seinni daginn og spiluðu agaðan varnarleik. Grikkirnir áttu í miklum vandræðum með að brjóta vörn Víkinga á bak aftur og þegar á leið fór það að fara í taugarnar á þeim. Hinn hárfagri Sölvi Þrándarson kom svo Víkingum yfir þegar um tvær mínútur voru eftir og Bjarki Kristjánsson innsiglaði svo sigurinn á lokamínútunni.

Í leiknum um 7. sætið mættu Víkingar svo Grasshopper öðru sinni. Þjálfarar Grasshopper voru greinilega meðvitaðir um hversu sterk íslenska vörnin var orðin og leikskipulag þeirra því að liggja aftar og fá strákana til að spila framar. Það tók Örvar Eggertsson ekki nema 30 sekúndum að skora fyrsta mark leiksins. Svisslendingarnir skoruðu svo í tvígang eftir einbeitingarleysi í aukaspyrnum og leiddu í hálfleik. Sigfús Kjalar Árnson jafnaði leikinn með góðu skoti um miðbik seinni hálfleiks. Þegar örfáar sekúndur voru eftir af leiknum og allt stefndi í vítaspyrnukeppni komst Örvar einn í gegn og setti boltann í hornið með tánni. Lokastaða 3-2 og fullkominn seinni dagur.




**Manuel Neuer og Emil Andri þeir bestu**
Emil Andri Auðunsson, markmaður Víkinga, var snemma móts farinn að vekja eftirtekt fyrir frammistöðu sína og var hann að loknu móti valinn besti markmaður mótsins og fer hann þar á lista með Manuel Neuer og Kevin Trapp sem áður höfðu hlotið þessa nafnbót. Eftir mótið voru strákarnir sannfærðir um það að ef þeir fengju annað tækifæri til að taka þessu móti þá yrði árangurinn betri. Reynslan sem þeir fengu út úr þessu móti mun án nokkurs vafa hjálpa þeim gífurlega í þeim verkefnum sem þeir munu takast á í framtíðinni.







Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

DÝRALÆKNASTOFA DAGFINNS

www.dagfinnur.is

Opið 8:30-17:00
Bílastæði á lóðinni
Skólavörðustíg 25A verið velkomin




POTTAGALDRAR

Krydd fyrir framandi matargerð

ÁN ALLRA AUKAEFNA

**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Umsækjandi: Með oddi og egg ehf. Hverfablað: Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir**

**Kennitala: 481106 2300**

**Heimilisfang: Sundlaugavegur 7**

**Netfang: marg@heimsnet.is**

**Símanúmer: 822 9688**

**Póstnúmer: 105**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Már Guðlaugsson**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 1511643909**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Sundlaugavegur 7**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 105 Reykjavík**

**Netfang ábyrgðaraðila: marg@heimsnet.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 822 9688**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Útgefandi, Ritstjóri, Ábyrgaðarmaður**

**Upphæð sem sótt er um: 500.000**

**Banki: 515**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 2300**

**Heiti verkefnis: Úgáfa hverfablaðs**

**Lýsing á verkefni: Blaðaútgáfa í 14.000 eitökum. Vinna við skrif (blaðamennska) Hönnun og frágangur til prentsmiðju. Prentun og dreifing.**

**Hverjir hafa helst hag af styrknum? Íbúar hverfanna sem fá blaðið inn um póstlúguna, jafnt konur og karlar, og þeir sem fjallað er um bæði konur og karlar.**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Nær eingöngu karlar

Fleiri karlar en konur

Bæði kynin jafnt

Fleiri konur en karlar

Nær eingöngu konur

**Hverjir munu vinna að verkefninu? Konur og karlar koma að jafnaði nokkuð jafnt að vinnu við blaðið**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Aðallega karlar

Aðallega konur

Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**
**Fyrirtækið er smátt í sniðum, aðeins einn fastur starfsmaður, en reksturinn byggist á samstarfi við nokkra aðila jafnt konur og karla.**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? (Mannréttindastefnu má finna hér: Mér sýnist að verkefnið falli vel að Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að öllu leitir.**

thttp://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_3.pdf)

**Fjármögnun:**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

-
-
-

**Aðrar upplýsingar:**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**

# Styrkumsókn vegna útgáfu á hverfablaðinu „Miðborg & Hlíðar"

Undirritaður Már Guðlaugsson kt. 151164 3909 f.h. Með oddi og egg ehf. kt. 481106 2300 sæki hér með um styrk til borgarráðs.

**Styrkumsækjandi:**

**Nafn:** Með oddi og egg ehf. **Kennitala:** 481106 2300
**Heimilisfang:** Sundlaugavegur 7, 105 Reykjavík **Símanúmer:** 568 8862
**Netfang:** marg@heimsnet.is **Farsími:** 822 9688
**Reikningsupplýsingar:** 515 – 26 – 2300

**Forráðamaður/tengiliður:**

**Nafn:** Már Guðlaugsson **Kennitala:** 151164 3909
**Heimilisfang:** Sundlaugavegur 7. 105 Reykjavík **Farsími:** 822 9688

Í nóvember 2012 var útgáfan styrkt af hverfaráðum Miðborgar og Hlíða um 300.000 kr, þannig að hægt væri að koma blaðinu á koppinn.

Blaðið hóf svo göngu sína í byrjun desember 2012 og kom svo út níu sinnum 2013 og hefur komið út 9 - 10 sinnum á ári allar götur síðan

Árið 2013 var útgáfan styrkt af borgarráði um 350.000 kr.

Árið 2014 var útgáfan styrkt af borgarráði um 400.000 kr.

Árið 2015 var útgáfan styrkt af borgarráði um 400.000 kr.

Árið 2016 var útgáfan styrkt af borgarráði um 400.000 kr.

Árið 2017 var útgáfan styrkt af borgarráði um 400.000 kr.

Blaðið er gefið út í dagblaðsbroti og dreift í 10.000 eintökum

Virðingarfyllst
Fyrir hönd Með oddi og egg ehf.
Kennitala: 4811062300

Reykjavík 19. mars 2018
Már Guðlaugsson
Kennitala 1511643909

# Greinargerð um ráðstöfun styrkfjár

**Styrkþegi: Með oddi og egg ehf**

**Kennitala: 481106-2300**

**Sími: 822 9688**

**Netfang: marg@heimsnet.is**

**Heiti verkefnis: Hverfablað Miðborg og Hlíðar**

**Tímasetning: 01.01.2018 – 31.12.2018**

| | |
|---|---|
| **Prentkostnaður og dreifing:** | **- 4.400.000.-** |
| **Textagerð:** | **- 1.400.000.-** |
| **Umbrot:** | **- 1.200.000.-** |
| **Sala auglýsinga:** | **- 1.300.000.-** |
| **Aðrir styrki:** | **0.-** |

---

| | |
|---|---|
| **Eigin fjáröflun auglýsingasala:** | **7.600.000** |

**Stutt frásögn um verkefnið:**

**Útgáfa á hverfablaði í Miðborg og Hlíðum, tíðni útgáfu er 10. tbl. á ári**

**Meðfylgjandi er er eitt tölublað af útgáfunni.**

**Dags. 19. 03. 2018** **Undirskrift: Már Guðlaugsson**

**Kennitala: 151164-3909**

Greinargerðir vegna styrkja til menningarmála sendist á netfangið: menning@reykjavik.is

Greinargerðir vegna styrkja í öðrum málaflokkum sendist á netfangið: styrkir@reykjavik.is

Fasteignasalan
GARÐUR
562-1200

**Fasteignasalan í þínu hverfi**

„Við leggjum metnað í að koma eigninni þinni á framfæri og leggjum ríka áherslu á persónuleg og heiðarleg vinnubrögð"


Sveinbjörn Halldorsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 892-2916
sveinbjorn@fastgardur.is


Halldór Freyr Sveinbjörnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími: 693-2916
halldor@fastgardur.is

Skipholt 5 • 105 Reykjvík • www.fastgardur.is • Sími 562 1200

HVERFISBLAÐIÐ

# Miðborg & Hlíðar

BLAÐINU ER DREIFT FRÍTT | 2. TBL ★ 7. ÁRG. | FEBRÚAR 2018




Landssamband bakarameistara efnir árlega til keppni um Köku ársins og sá sem varð hlutskarpastur að þessu sinni er Sigurður Már Guðjónsson, bakarameistari og eigandi Bernhöftsbakarís sem hér sést ásamt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Köku ársins 2018.

*Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljosmyndari.com*

SKAUTA HÖLLIN
LAUGARDAL
Gaman á skautum!



Gerið hagstæð magninnkaup!
Úrval af sparkössum og tilboðum
Upplýsingar ákjothollin.is
Skipholti 70 sími 553 1270
Háaleitisbraut 58-60 sími 553 8844

HAFIÐ
FISKVERSLUN
Hlíðasmára 8, Spönginni 13 og nú einnig Skipholti 70 facebook


Slökum á í heita pottinum
ÍTR

NAUTHÓLL

BRUNCH
ALLAR HELGAR
Laugardaga & Sunnudaga
www.nautholl.is
nautholl@nautholl.is | Sími 599 6660



**Miðborg & Hlíðar**
Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík

Ritstjóri/Framkvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is

Pennar: Benóný Ægisson netfang: benaegis@simnet.is
Hildur Gunnarsdóttir • hildur.arna.gunnarsdottir@gmail.com

Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

Kíktu á bókasafnið í

**vetrarfríinu**

Það verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir krakka í Borgarbókasafninu í vetrarfríinu.



Kynntu þér dagskrána nánar á
borgarbokasafn.is

www.borgarbokasafn.is | borgarbokasafn@borgarbokasafn.is |

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

Fylgstu með okkur á



# Ahhh... í Tjarnarbíói

Það er skammt stórra högga á milli hjá leikhópnum RaTaTam. Í síðustu uppfærslu hópsins var umfjöllunarefnið heimilisofbeldi en nú er það ástin í öllum sínum margflóknu myndum. Í kynningu hópsins er sýningin kynnt sem ljóðrænn, fyndinn og kynþokkafullur kabarett um vegi og vegleysur ástarinnar og er engu logið í þeirri fullyrðingu. Verkið sem ber heitið Ahh... er sýnt í Tjarnarbíói og er byggt á ástarljóðum og prósatextum Elísabetar Jökulsdóttur en leikstjóri er Charlotte Bøving.

Leikararnir Albert Halldórsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Halldóra Rut Baldursdóttir og Laufey Elíasdóttir halda uppi fullum dampi alla sýninguna, með leik, söng og dansi auk þess að leika undir á hljóðfæri og sýna sirkustakta í rauðum klæðisborðum sem hanga niður úr loftinu og eru nánst eina leikmynd verksins. En einskis er þó að sakna og í leikmynd og búningum Þórunnar Maríu Jónsdóttur er rauði liturinn ráðandi enda fer vel á því þar sem hann er litur ástarinnar. Helgi Svavar Helgason sér um tónlistarstjórn, Arnar Ingvarsson um ljósahönnun og Hildur Magnúsdóttir um hreyfingar.

Það er ástæða til að hvetja alla leikhúsunnendur til að drífa sig á þessa bráðfjörugu sýningu þar sem leikararnir fara á kostum í túlkun á ljúfsárum ástartextum Elísabetar Jökulsdóttur.

VIÐ BJÓÐUM NÝ BÖRN VELKOMIN!



**BARNASKÓLI HJALLASTEFNUNNAR Í REYKJAVÍK AUGLÝSIR NOKKUR LAUS PLÁSS Í 5 ÁRA OG 1.BEKK HAUSTIÐ 2018**

Barnaskólinn er sjálfstætt rekinn skóli sem starfar á grundvelli jafnréttis, umburðarlyndis og virðingar fyrir einstaklingnum.

Skólinn er einn af fjórum grunnskólum Hjallastefnunnar ehf. og eru lykilhugtök okkar m.a. virðing, agi, sjálfstraust, kærleikur og frumkvæði. Við leggjum mikið upp úr einstaklingsmiðuðu námi í litlum barnahópum þar sem áherslan er á styrkleika barnanna og að þeim líði vel.

Frekari upplýsingar veita skólastýrur skólans, Ragnhildur Ásgeirsdóttir ragnhildur@hjalli.is og Linda Björk Sigmundsdóttir lindabjork@hjalli.is.

UMSÓKNAREYÐUBLÖÐ MÁ FINNA Á HEIMASÍÐU SKÓLANS:
http://bskrvk.hjalli.is/Umsoknir/skolaumsokn

**Þú færð hálkusaltið hjá okkur**
**5kg og 25kg pokar**




SALTKAUP
Salt - Umbúðir - íbætiefni

Saltkaup ehf | Cuxhavengata 1 | 220 Hafnarfjörður | Sími 560 4300 | saltkaup.is

# Fróðir foreldrar




Það var góður fyrirlestur á vegum Fróðra foreldra 7. febrúar sl. í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fróðir foreldrar er samstarfsverkefni foreldrafélaga grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og ungmennaráða hverfanna.

**Markmið Fróðra foreldra er:**
*- Að rödd foreldra og ungmenna innan skólasamfélags hverfanna heyrist*
*- Að virkja samtakamátt foreldra sem mikilvægan þátt í forvörnum í uppeldi barna*
*- Að nýta mannauð hverfanna og tengja við nærsamfélagið*
*- Að standa fyrir fræðslukvöldum byggðum á óskum og hugmyndum forelda í hverfunum*

Að þessu sinni var umfjöllunarefnið hagnýtar uppeldisaðferðir og bar yfirskriftina „af hverju lætur þú svona"? Það voru þau Vanda Sigurgeirsdóttir sem sagði okkur frá hvernig uppeldisaðferðir stuðla að leiðtogafærni, Wilhelm Norðfjörð, sem svaraði spurningunni „Er hægt að ala upp barn án þess að skamma það", Guðni Gunnarsson sagði frá mætti hugans við að styrkja og treysta börnunum okkar og Pálmar Ragnarsson fór yfir það hvernig við gætum orðið betri íþrótta- og tómstundaforeldrar. Einnig var sýnt kynningarmyndband frá Sjónarhóli.

Líkt og áður var vel mætt og ánægjulegt hvað foreldrar/forráðamenn og aðrir mæta vel á þessi erindi sem snúa að uppeldi barna okkar. Fundarstjóri að þessu sinni var Katrín Jakobsdóttir. Við sem komum að þessu samstarfsverkefni viljum minna á að næsta fræðsla verður 7. mars n.k. í Ráðhúsi Reykjavíkur.

*Einnig minnum við á heimasíðu Fróðra foreldra, www.reykjavik.is/frodir*

# Háskaleikar í bókasafni

Borgarbókasafnið stóð fyrir háskaleikum fyrir hugaða krakka á Safnanótt í Grófarhúsi. Í myrkrinu leynast margar kynjaverur og vættir sem vöknuðu til lífsins á Safnanótt. Þær fóru á kreik þegar dimma tók og leyndust í skúmaskotum á öllum hæðum. Kjarkmiklum krökkum var boðið að koma og taka þátt í háskaleikunum og fara um húsið og takast á við voðalegar áskoranir þar á meðal þennan óárennilega draug.



# Vinsælt að fara á skauta í Laugardalnum



Skautahöllin í Laugardal er staðsett við Múlaveg 1, við hlið Húsdýra- og Fjölskyldugarðsins. Skauthöllin er daglega opin fyrir almenning og er mjög hentugt að halda þar uppá afmæli og fleiri merkisatburði. Almenningstímar hafa verið mjög vel sóttir í vetur, sérstaklega í kringum jól og áramót og vetrarfrí grunnskólanna.

Margir skólar og foreldrafélög skipuleggja árlega ferðir með nemendur á skauta til að brjóta upp skólastarfið og hrista hópinn saman. Hægt er að bóka tíma fyrir hópa í gegnum netfangið skautaholl@skautaholl.is.

Hjálmar og hjálpargrindur eru lánaðar án endurgjalds fyrir gesti og hægt er að leigja skauta gegn vægu gjaldi. Nánari upplýsingar um verð og opnunartíma má finna á skautaholl.is.




GÓLF-
MOTTUR
við innganginn
borga sig

CORAL®
Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

KJARAN
GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

Plötulopi • Léttlopi • Einband • Rennilásar • Tölur



Handprjónasambandið
Skólavörðustig 19
Borgartúni 31
Sími 552 1890

Tölur • Rennilásar • Einband • Léttlopi • Plötulopi

Lágt lyfjaverð alla daga vikunnar í Suðurveri.

Opið: Mán. til fös. 08 - 20 Lau. 10 - 18 Sun. 13 - 18




FARMASiA

Suðurveri
Stigahlíð 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek

Full búð af nýjum vörum á frábæru verði





Margrét Th. Jónsdóttir í íshellinum. Hægra megin við hana má sjá hvernig öskulög eftir eldgos eru í Vatnajökli

# Náttúra Íslands í Perlunni

Starfsemin í Perlunni sem setur svip sinn á Öskjuhlíðina hefur tekið stakkaskiptum frá því sem áður var en þann 2. júlí 2017 var opnuð þar sýningin Jöklar og íshellir, sem var fyrsta skrefið til að búa til náttúrusafn í byggingunni, í tönkunum og í glerkúplinum. Við fengum Margréti Th. Jónsdóttur jarðfræðing og aðstoðarframkvæmdastjóra Perlunnar til að segja okkur frá starfseminni.

Hugmyndin er að færa náttúru Íslands inn í Perluna, segir Margrét. Við sjáum það fyrir okkur að í framtíðinni verðum við náttúrufræðslumiðstöð fyrir Íslendinga og fyrir skólana en í samningi okkar við Reykjavíkurborg er gert ráð fyrir að við tökum á móti skólabörnum og við erum að byrja á því nú í febrúar. Þann fyrsta maí opnum við næsta fasa á sýningunni en hann heitir Land, strönd og haf og þar leggjum við áherslu á hvernig Ísland varð til, sýnum eldfjöllin og flekahreyfingarnar, jarðhitann og jarðskjálftana. Við verðum með upplifunarherbergi, það verða skjáir á veggjunum sem tala saman, það verður dimmt og læti þar inni og við erum búin að vera að skrifa jarðsöguna sem fólk gengur svo í gegnum.

Sýningarnar í Perlunni eru unnar í nánu samstarfi við fremstu vísindamenn í sínu fagi, og eru byggðar á nýjustu þekkingu í náttúru- og raunvísindum, og meðal samstarfsmanna eru Helgi Björnsson jöklafræðingur, Þóra Ellen Þórhallsdóttir doktor í grasafræði, Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur og Árni Hjartarson jarðfræðingur. Einnig hafa listamenn eins og Andri Snær Magnason rithöfundur, Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari, hönnuður og Ragnhildur Gísladóttir tónskáld og tónlistarkona tekið virkan þátt í verkefninu og sett sitt mark á það. Og það eru margir forvitnilegir hlutir í bígerð.

Það er vísindaráð hjá okkur, segir Margrét, og það valdi tvennt til að fjalla sérstaklega um, annað er Mývatn en hitt er Eyjafjörður. Það verða allar upplýsingar um einstakt vistkerfi Mývatns, um kúluskítinn og dýralífið og við verðum með strýturnar í Eyjafirði og upplýsingar um Akureyri. Á einn vegginn ætlum við að setja Látrabjarg, 10 metra hátt og á því verður fullt af fuglum en á gólfinu verða kíkjar þar sem þú getur í sýndarveruleika séð sögur í klettunum sem þú ert að kíkja á. Síðan verður hér fiskabúr sem er í rauninni risaskjár og við erum búin að láta mynda sjóinn í kringum Ísland þannig að þú getur séð fiska og hvali synda framhjá þér og annað sem er í íslenska sjónum.

Við inngang Jöklasýningarinnar eru tilvitnanir í ýmsa listamenn um hvaða áhrif jöklar hafa haft á þá sem listamenn og eru það bæði hljóð og mynddæmi. Síðan er gengið í gegnum íshelli sem búið er að gera í einum heitavatnstankinum. Ísgöngin eru um 100 metra löng, í þau fóru 350 tonn af snjó og í ísnum eru öskulög frá síðasta gosi í Eyjafjallajökli. Allt er því gert til að láta hellinn líta sem eðlilegast út og í honum eru m.a. jökulsprunga og svelgur sem myndast þegar vatn bráðnar í ísnum og hljóðin eru þau sömu og eru í íshellum. Á annari hæð fyrir ofan íshellinn er hægt að fræðast um jökla á gagnvirkan hátt, skoða lífríki jökla í smásjá og sjá hvernig umfang jökla mun breytast fram til ársins 2200. Í lokinn geta svo sýningargestir skráð athugasemdir á sérstakan vegg.



Þetta er ótrúlega skemmtilegur veggur, segir Margrét. Það voru margir efins um hann í byrjun en þetta er lifandi athugasemdaveggur þar sem gestirnir skrifa eitthvað um sýninguna og um jökla. Það koma margar athugasemdir sem er beint til Donalds Trump um að hann ætti að koma á sýninguna og að hnattræn hlýnun sé raunveruleg.

Allt sem við gerum hérna er gert í samvinnu við Ingimund sem teiknaði Perluna og hann hefur hannað nýja hæð í húsið en á henni mun Náttúruminjasafnið opna 1. desember. En í september ætlum við að opna fyrsta stjörnuver á Íslandi í einum tankinum. Þar erum við líka að vinna með perlur í náttúru Íslands og norðurljósaefni sem verður frábær viðbót við allt hitt. Hér reynum við að vera með nýja nálgun í safnaumhverfi, hér er ekki allt í glerkössum heldur er þetta lifandi, samt er þetta fræðsluefni en ekki bara upplifun heldur blanda af hvorutveggja. Fyrir utan safnastarfsemina er hægt að fara á kaffihúsið Kaffitár sem býður upp á rjúkandi kaffi og meðlæti eða á veitingastaðinn Út í bláinn sem býður upp á veitingar í glænýju veitingahúsi á fimmtu hæðinni. En það er fyllsta ástæða til að kíkja í Perluna á næstunni.












# HEILSUEFLING
# FORVARNIR
# HAMINGJA

**VESTURBÆR - MIÐBORG - HLÍÐAR**

**Í stefnu Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í forvörnum og heilsueflingu í hverfunum er lögð áhersla á fjölskylduvænt og heilsueflandi samfélag þar sem öll börn hafi jöfn tækifæri, tileinki sér heilbrigðan lífsstíl, líði vel og hafi sterka sjálfsmynd.**

**Hlúa þarf að umhverfi barna og unglinga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi. Leiðarljós hverfanna er að börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni.**

**Mikilvægur hluti af heilsueflingu og forvörnum er að fræða uppalendur um þau málefni sem er í gangi hverju sinni og að veita samræmda þjónustu við íbúa hverfanna í þeirra nærumhverfi.**

# Vítamín í Valsheimilinu



Borgarstjóri og fleiri fylgjast með æsispennandi boccia-leik

Vítamín í Valsheimilinu er verkefni fyrir heldri borgara og er heilsuefling og hreyfing í Valsheimilinu að Hlíðarenda alla fimmtudagsmorgna frá kl. 10:00-11:15. Boðið er upp á margskonar hreyfingu, göngu inni og úti á uppituðu svæði, stöðvaþjálfun, boccia og hópþjálfun. Það er ókeypis og öllum opið að taka þátt og fólki gefst kostur á að taka rútu í Valsheimilið frá félagsmiðstöðinni í Bólstaðahlíð og félagsmiðstöðinni Vitatorgi. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kíkti í heimsókn á dögunum og horfði á boccia-leik og hverfisblaðið notaði tækifærið til að spyrja hann um hvernig honum lítist á verkefnið.

Það er alveg ótrúlega gaman að sjá þetta, segir Dagur. Það er verið að nýta húsnæðið og innviði íþróttafélaganna betur með því að opna fyrir eldra fólki. Það var ein af tillögunum sem hópur undir forystu Ellerts B. Schram fyrrverandi forseta ÍSÍ og núverandi formanns Félags eldri borgara gerði um heilsueflingu aldraðra. Frá því að þær tillögur voru samþykktar hafa allavega fimm félög í Reykjavík byrjað með starf með eldri borgurum. Þetta er því að fara af stað víða og alveg frábært að sjá þetta virka.

**Hvaða gildi heldurðu að þetta hafi fyrir fólkið?**
Hreyfing skiptir mjög miklu máli fyrir alla aldurshópa ekki síst fyrir þá sem eru komnir á efri ár. En ég held að félagslegi þátturinn sé ekki síður mikilvægur. Ekki síst fyrir þá sem eru ekki að nýta sér sundlaugarnar, því það er auðvitað lykilþáttur hjá mjög mörgu eldra fólki, en koma frekar hingað og tekur kaffibollann sinn hér. Ég geri ekki minna úr félagslega þættinum en hreyfingunni þó hún sé kveikjan að þessu.

Þau Þorsteinn Húnfjörð Valson, sem er yfirleitt kallaður Húni og Þóra Egilsdóttir sem búa á Vitatorgi voru mætt í Vítamínið í Valsheimilinu. Þorsteinn er fyrrum bakari á Blönduósi en Þóra rak fiskbúðina á Freyjugötu ásamt eiginmanni sínum um árabil og er þeirra sárt saknað í miðbænum. Við spurðum þau hvernig þeim lítist á verkefnið.

Bara mjög vel, segir Þóra, en það mætti vera betur sótt. Þetta er mjög skemmtilegur hópur sem er hérna.

Ég er sammála því, segir Húni. Það þarf að koma þessu fólki sem býr í eldri borgara íbúðum og er rólfært í svona hreyfingu.

**Hvað er það sem þið gerið hérna?**
Það er nú ýmislegt. Við löbbum hérna vítt og breitt um húsið og ef það er gott veður þá löbbum við úti, hring eftir hring og gerum allskonar æfingar.

Svo er búið að kynna okkur fyrir qigong, segir Þóra, það fóru þrír tímar í það og var mjög skemmtilegt. Þetta er gömul kínversk jafnvægislist og ótrúlega góð hreyfing.

**Hvað fáið þið svo út úr þessu?**
Öll hreyfing er góð fyrir eldri borgara, segir Húni, ég er orðinn það fullorðinn að ég finn það að ég er ómögulegur ef ég hreyfi mig ekki. En það eru svo margir sem ég þekki að hjaðna niður af hreyfingaleysi. Og félagsskaðurinn er mjög góður.

Hann er nauðsynlegur, bætir Þóra við, því manni hættir til að einangra sig þegar maður fer af vinnumarkaðinum og þá er gott að drífa sig í þetta. Svo er ýmislegt úti á Vitatorgi sem fólk getur tekið þátt í, eins og handavinna og dans.

Dansinn er fastur liður einusinni í viku, segir Húni, lágmark og stundum förum við á aðra staði og dönsum. En það er fullt af fólki sem getur hreyft sig en það bara hefur sig ekki af stað.

Það þarf kannski tvo til, segir Þóra, en við Húni erum með sambýlisfólk okkar hjá okkur og þá förum við saman. Ég held að það sé hættara við ef fólk er eitt að það dragi sig í hlé. En við hvetjum alla til að drífa sig.

Við náðum líka tali af Gunnari Erni Arnarsyni íþróttafulltrúa Vals og spurðum hann um verkefnið.

Þetta er samstarfsverkefni milli okkar og þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu, segir Gunnar Örn, og við erum búin að vera í nánu samstarfi við Sigríði Arndísi sem fyrst kom að máli við okkur um þetta. Okkur fannst þetta kjörin leið til að fá fólk á þessum aldri aftur inn í félagið því það er ekki mikið um að það sé að stunda íþróttir. Fólk tekur vel í þetta þó það séu fáir í dag út af veðrinu. Svo erum við hérna með nemendur úr íþróttadeildinni í Háskólanum í Reykjavík sem taka líka þátt í þessu verkefni



Þóra og Húni láta sig ekki vanta í Vítamín í Valsheimilinu


Vissir þú að við bjóðum upp á **lyfjaskömmtun?**

- Ekkert **skömmtunargjald**
- Inniheldur öll lyf og bætiefni eftir þínum þörfum
- Aðstoðum við endurnýjun á lyfseðlum
- Ókeypis heimsendingar til nágranna*
- Veitum aðstoð við að færa lyfjaskömmtun til Borgar Apóteks



**Kynntu þér lyfjaskömmtun hjá næsta starfsmanni**

*Hafið samband við starfsfólk fyrir nánari upplýsingar

Borgar Apótek

ÍT ferðir

BOBBY CHARLTON SOCCER AND SPORTS ACADEMY BCSS ACADEMY

**Byrjaðu eins og David Beckham og Jóhann Berg**

**Knattspyrnuskóli Bobby Charlton**
30. júlí til 6. ágúst 2018
Verð aðeins kr. 225.000 (m.v. gengi ISK vs. GBP 8. feb. 2018)

**Innifalið í verði:**
Flug til MAN, flugv.skattar, flugv.akstur, hótelgisting, fullt fæði (þrjár máltíðir),
Bobby Charlton skólinn, skoðunarferð á leikvang,
Tívolíferð og íslensk fararstjórn.
Sjá upplýsingar á www.itferdir.is og www.bcssa.co.uk

**ÍT ferðir – sími 588 9900 – hopar@itferdir.is**



**Fermingartilboð á studio myndatöku**







SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670


# Þankar Jónu Rúnu



**Vorið**

Mig langar til að ræða vorið. Það er einkennilegt hvernig veðrið hefur verið í vetur, það hefur gengið upp og niður, og heldur farið niður á við undanfarið. Slíkt getur stundum truflað okkur en einstaka sinnum hefur veðrið glatt okkur líka. Sólin er að haldast lengur á lofti með hverjum deginum og gott að staldra við gluggann og láta sér líða vel og dreyma um að vorið sé að koma og sumarið í kjölfarið, blómin að spretta, grasið að gróa og jafnvel ferðalög framundan. Allt sem getur glatt okkur og gefið okkur trú á aukinn tilgang þess sem er framundan og skemmtilegt, er alveg nauðsynlegt svona í stormasömum febrúarmánuði.

Þessa stundina er töluvert mikið um vandræðagang varðandi flensuna. Ég hef verið svo óheppin að fá minn skammt af henni, og sjúkrahúsin hafa líka fengið hlutdeild í henni. Þegar ég skrifa þetta hefur hún tekið sinn toll af tilveru okkar margra, og er það miður, en vonandi gengur hún fljótt yfir.

**Ellilífeyrisþega á þing?**

Enn þurfa ellilífeyrisþegar og öryrkjar að berjast fyrir tilverurétti sínum og er ég mjög ósátt við það því að tilvera þeirra hefur í raun ekkert breyst, peningar vaxa ekki á trjánum og enda síst í vösum þessa fólks sem hvað minnst má sín í þjóðfélaginu. Það hefur sýnt sig um allan heim að það fólk sem hefur haft mest áhrif á tilveru okkar í dag, er eldra fólkið sem lagði grunninn að því sem við göngum að sem vísu, og því er til skammar að það fái svona lítið fé til að framfleyta sér. Eins er þeim sem hafa misst heilsuna og vinnugetu, gert ómögulegt að framfleyta sér nema með aðstoð. Síðan skil ég ekki þá hugmynd þingmanna að vilja að 16 ára börn fái kosningarétt. Ættum við ekki að fá ellilífeyrisþegana á þing til að stöðva svona framkvæmdir og leyfa börnunum að vera börn dálítið lengur? Börn hafa upp til hópa lítinn áhuga á þessum sjúka heimi stjórnmála og það ætti að halda þeim frjálsum frá þessum einkennilega kosningaveruleika sem við Íslendingar búum við.

**Drungalegur janúar**

Ef maður lítur í kringum sig og hugsar um janúarmánuð, þá verður manni eiginlega orðavant þegar hugsað er um fráfall nokkurra drengja. Af hverju sviptu nokkrir piltar sig lífinu svona skyndilega? Er þetta tilviljun eða faraldur? Þegar ég lít meira en sextíu ár aftur í tímann og kíki á mitt uppeldi, þá eru ákveðnir hlutir mér hugstæðir sem gætu komið að gagni við nærveru við ungt fólk í dag, og gæti ef til vill dregið úr líkum á að ungt fólk væri að svipta sig lífinu. Ég var ásamt systkinum mínum, alin upp við mikinn kærleika þar sem að við vorum föðmuð, látin fara með bænir, látin lesa, farið með okkur í göngutúra, talað við okkur, eldaður góður matur handa okkur og svo margt annað. Við áttum ekki mikið af fötum, dóti eða efnislegum hlutum, í samanburði við það sem ungt fólk á í dag, en við áttum nærveru fullorðinna, á allt annarri forsendu en viðgengst gjarnan í dag. Það er lögð svo mikil áhersla á kapphlaup við vindinn, og það er ekki af því að það þurfi að vera þannig. Í mörgum tilvikum er þetta kapphlaup eftir peningum ekki af því að fólk sækist eftir því, heldur að kröfur nútímans eru svo óheyrilegar og samanburður við aðra óþægilegur. Allir vilja fara í utanlandsferðir, eiga stór hús og falleg föt, og margt af þessu er í raun tilgangslaust og einskis virði. Vonandi stefnir þetta land í að verða alvöru velferðarsamfélag þar sem hlúð er að börnum og ungmennum og fólk verður samstillt í að fylgjast með þeim og vaka yfir þeim.

*Jóna Rúna Kvaran, www.jonaruna.com*



*Í hel trega eilífðra tára*
*í tilveru genginna orða.*
*Fugl heljar í fánýti sára*
*er flaug á væng í roða*
*rósar í engladal fráfalls,*
*Herra kærleika blessar.*

*Fall í fang heljar í kæru*
*ofin ástúð í nánd þinna.*
*Félagi farinn í dal hinna,*
*á fund Paradísa væru vina,*
*rós lifir í engladal Guðs,*
*Jesú horfir í hlýju á þig.*

*Frá í ferð í láti til þinna*
*falleg englasál fylgi þér.*
*Fór frá í Paradís hinna*
*ferðalag í eilífð sem er*
*rósaljós í engladal hels,*
*Herra í kærleik hérna.*

*Í kalli er kærleiks gjöf*
*kyrrsett er rósin i sorg.*
*Flýgur fugl, horfir í höf*
*ferðast víða um borg,*
*rós engladals frá gröf,*
*Jesú vill bænörva þig.*

*Vökult flug fugls í höf,*
*ferðlag ástvins á skýi.*
*vonvísi, ekkert meiðir,*
*vænting staðurinn nýi.*
*Rósrof í engladal hels.*
*Herra, kærleikur þeirra.*

*Endastöð í eilífð sé þín*
*í ósk að gæfa sé kærri*
*að fugl fangi þarfa sýn*
*frá himni er engill nærri*
*í kliði látinn frá Paradís,*
*Jesú vill bænheyra þig.*

*(Höf. Jóna Rúna Kvaran)*

***„Kærleikur kom, sá og gjörsigraði."***


**Vinnum fyrir öll tryggingafélögin**
**Útvegum bifreið meðan á viðgerð stendur**



BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

**Bílaréttingar & sprautun Sævars**
Skútuvogi 12h - 104 Rvík - Sími 568-9620 - bilaretting.is

**Kræsingar fyrir öll tækifæri**





Skírnartertur, útskriftartertur, tækifæristertur, barnatertur, fermingatertur og kransakökur. Snittur, brauð og brauðtertur.

Sveinsbakarí

Skipholti 50 b, og Arnarbakka • sími 557-2600 Sveinsbakari • www.sveinsbakari.is




REYKJAVÍKUR BLÓM

Borgartún 23, Reykjavík / Sími: 561 1300 / Opið: mán.-fös. 10-18, lau. 11-18

Þú getur líka pantað á netinu - www.reykjavikurblom.is

GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár

Einkarekið apótek

Nú einnig netapótek: Appotek.is

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut

Opið kl. 9-18 virka daga | Sími 568 0990 | gardsapotek.is | appotek.is

Gullkistan

*Sérverslun með kvensilfur*

*Bjóðum eldri munsturgerðir*

Önnumst allar viðgerðir, hreinsun og gyllingar.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.



Gullkistan

Frakkastíg 10 - Sími: 551 3160




Ynja

Ynja undirfataverslun Glæsibæ
Álfheimum 74, 104 Reykjavík
sími 544 4088

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

# Fjölmiðlalæsi hjá Tjörninni





Krakkarnir í frístundaheimilum Tjarnarinnar voru með fjölmiðlalæsisviku 5.-9. febrúar þar sem markmiðið var að virkja krakkana í að vera gagnrýnin og meðvituð um það stanslausa áreiti fjölmiðla og markaðsafla sem þau verða fyrir á degi hverjum.

Margir kynnu að hafa efasemdir um að hægt væri að fjalla um flókin málefni sem fjölmiðla og markaðsöfl við svona ung börn, en það eru bara þeir sem vita ekki hversu miklir snillingar krakkarnir og starfsmennirnir okkar eru. Krakkarnir ræddu hvað fjölmiðlar eru, hvort þeir séu upplýsandi (t.d. fréttir og fræðirit), stjórnandi (t.d.auglýsingar) eða afþreying (t.d. kvikmyndir og tölvuleikir) eða allt af þessu og sköpuðust áhugaverðar og lærðar umræður um þetta í öllum hornum frístundaheimilanna. Einnig var rætt um mátt samfélagsmiðla, hvert gildi þeirra væri og hvort mögulega væri stjórnandi þáttur þeirra meiri en margir áttuðu sig á. Voru krakkarnir alveg að tengja við þetta því þó svo þau hafi ekki aldur til að vera á samfélagsmiðlunum enn þá eru þau mjög meðvituð um þá og oft óbeinir þátttakendur á þeim í gegnum eldri systkini og foreldra.

Fjölbreytt og aldursviðeigandi verkefni voru í boði fyrir krakkana sem voru með fréttaklúbba, bjuggu til auglýsingar, fóru í logo spurningarkeppnir og ratleiki, tóku viðtöl, horfðu á auglýsingamyndbönd og myndbönd sem sýndu veruleikann að baki auglýsingunum og svo framvegis. Skemmst er frá því að segja að krakkarnir helltu sér af krafti í verkefnið og fræddust heilmikið um eðli fjölmiðla og markaðssetningar sem beint er að börnum á þessari viku.

Við lögðum okkur einnig fram við að virkja foreldra með okkur í vinnunni og hvöttum þá til að ræða þessi mál við krakkana heima fyrir. Meðal annars sendum við öllum foreldrum póst með upplýsingum um hvað við værum að gera með krökkunum og komum með ábendingar um hvernig þeir gætu tekið málefnið fyrir heima fyrir, svo sem með því að skoða hvar vörur sem beint er að börnum eru staðsettar næst þegar fjölskyldan fór að versla í matinn. Er sykraða morgunkornið í efstu hillunni eða í augnhæð barna og er dísæta kexið með krúttlegum teiknimyndafigúrum sem krakkarnir þekkja úr teiknimyndum neðarlega í hillunum eða ofarlega? Einnig bentum við foreldrum á að skoða auglýsingar í blöðum og sjónvarpi sem birtast fyrir öskudag út frá því sjónarhorni hvort verið sé að nota kynjaða markaðssetningu á búningum fyrir börn, eru strákar í álfakjólum og stelpur í ofurhetjubúningum einhvers staðar í auglýsingunum o.s.frv. eða eru markaðsöflin að halda kynjuðum staðalmyndum að börnunum.

Skemmst er frá því að segja að vikan heppnaðist stórkostlega og allir komu meðvitaðri og fróðari út úr henni.

*Steinunn Gretarsdóttir*
*Deildarstjóri barnasviðs*



# Frá Dómkirkjunni

Það er margt í boði í safnaðarstarfi Dómkirkjunnar og um að gera að fylgjast með á fésbókinni eða á domkirkjan.is

„Stund í tali og tónum" með Gunnari Kvaran sellóleikara og Hauki Guðlaugssyni í Dómkirkjunni var ákaflega vel heppnuð og gefandi. Þar talaði Gunnar m.a. um trúariðkun, mátt bænarinnar, manngildi og mennsku. Hann minnti á mátt manneskjunnar til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og undirstrikaði hvað manneskjur eru dýrmætar og því er svo mikilvægt að þeim takist að nýta líf sitt á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þeir Haukur Guðlaugsson léku fallega tónlist eftir Bach, Pablo Casals og Schubert á milli hugleiðinga

Með hækkandi sól efnum við til samtals um trú, kirkju og samfélag í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar nú á föstunni.

7. mars mun dr. Magnús Þorkell Bernharðsson fjalla um islam í samtímanum og tengist það bók hans sem mun koma út um það leyti. 14. mars fjallar dr. Sigurður Skúli Ólafsson um altarissakramentið og ber fyrirlesturinn yfirskriftina: „Að sættast við Guð, náungann og valdið. Altarisganga á Íslandi á lærdómsöld."

21. mars fjallar sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup emeritus um samband ríkis og kirkju í sögu og samtíð.

Dagskrá hefst alla dagana kl. 18:00 með fyrirlestri frummælenda, þá verður gert hlé og veitingar seldar við vægu verði og að því loknu verða umræður. Stefnt er að því að dagskránni verði lokið 20:30. Allir eru hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir. Prjónakvöld verður mánudaginn 26. febrúar kl. 19. Skemmtileg samvera kaffi og súpa.

Velkomin í Dómkirkjuna, þar er dýrmætt helgihald og gott og gefandi safnaðarstarf!






Það besta fyrir bílinn þinn!
Notum allra bestu lakk og vínilvarnir sem völ er á
Tilboð
Þvottur og teflonbón
20% afsláttur
gegn afhendingu þessarrar auglýsingar




Ármúli 17a - 108 Reykjavík - S: 568 4310

# Íbúafundur í Hlíðunum

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, bauð til opins íbúafundar á Kjarvalsstöðum fimmtudaginn 1. febrúar um málefni Hlíða en hverfin innan borgarhlutans eru Norðurmýri, Hlemmur, Holt, Hlíðar og Öskjuhlíð. Þar sem tíðindamaður blaðsins komst ekki á fundinn báðum við Margréti M. Norðdahl formann Hverfisráðs Hlíða og fundarstjóra á fundinum um að segja frá því sem fjallað var um og hvað bar hæst á fundinum?

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fór yfir þjónustu borgarinnar, þróun hverfisins, fyrirhugaðar framkvæmdir og aðra upp byggingu, segir Margrét. Frá smáum yfir í stærri atriði sem varða íbúa í hverfinu, nærþjónustu, skólana, leikvellina, uppbyggingu, aðgerðir til að sporna við loft og hljóðmengun og bæta öryggi, lýðheilsuverkefni og margt fleira.

Hann kynnti einnig tillögur um þróunarmöguleika byggðar og umhverfis ef Miklabraut færi í stokk að hluta. En stokkur fyrir bílaumferð um Miklubraut frá Snorrabraut og austur fyrir Kringlu hefur verið til skoðunar og bendir frummat til þess að það sé fýsilegur kostur. Sú vinna hefur verið í gangi í tengslum við hverfisskipulag. Hugmyndum um stokkinn var fagnað með dynjandi lófataki enda er það eitt af stóru málunum í hverfinu að sporna við loftmengun, hljóðmengun og bæta öryggi gangandi vegfarenda. Miklabrautin klýfur hverfið í sundur og með þessu myndu hverfishlutar sameinast og við fengjum rými sem mætti nýta betur og á skemmtilegri hátt en undir beljandi bílaumferð.

**Borgarlína**
Þorsteinn R. Hermannsson samgöngustjóri Reykjavíkur (og Hlíðabúi), sagði frá Borgarlínu en línan hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og því var mjög gott að fá þessa yfirferð hjá Þorsteini. Það skiptir okkur í Hlíðum miklu máli að möguleikar þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum séu auknir og fjöldi þeirra sem ferðast með fjölbreyttari hætti en með einkabíl aukist. Það má finna góðar upplýsingar um Borgarlínuna inni á borgarlinan.is.

Borgarlína er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að bregðast við fyrirsjáanlega auknum umferðarþunga á næstu 25 árum. Skipulagning Borgarlínu er lykilverkefni í þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Með henni er stuðlað að því að fjölgun íbúa og ferðamanna næstu áratugi hafi ekki þau áhrif á umferð að tafir í henni margfaldist. Borgarlína eykur afköst almenningssamgangna, sérstaklega á svæðum þar sem byggð er þétt eða hægt er að þétta hana. Með því að nútímavæða almenningssamgöngur minnkar þörf margra fyrir einkabíl og fjölgun þeirra á götunum verður minni en ella. Borgarlína mun greiða fyrir umferð og stytta ferðatíma allra, líka þeirra sem kjósa að ferðast á einkabílum.

**Heilsuefling**
Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sögðu m.a. frá heilsueflandi verkefnum í hverfinu þám. frábæru verkefni fyrir heldri borgara sem heitir Vítamín í Valsheimilinu og er heilsuefling og hreyfing í Valsheimilinu að Hlíðarenda alla fimmtudagsmorgna frá kl. 10:00-11:15. Þetta er ókeypis og öllum opið. Boðið er upp á margskonar hreyfingu, göngu inni og úti á uppituðu svæði, stöðvaþjálfun, boccia og hópþjálfun.

Fólki gefst kostur á að taka rútu í Valsheimilið frá félagsmiðstöðinni í Bólstaðahlíð og félagsmiðstöðinni Vitatorgi. Verkefnið er frábært dæmi um gott samstarf í hverfinu þar sem ólíkir aðilar koma og vinna saman og þjónustan er samþætt notendum í hag.

**Hvernig var mætingin og var fólk áhugasamt?**
Það var frábær mæting, 150 manns í salnum og sami fjöldi að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á netinu. Það er kraftur í íbúum í hverfinu og fólk er áhugasamt um nærumhverfi sitt og lætur til sín taka. Hugmyndum um stokkinn var fagnað með dynjandi lófataki enda er það eitt af stóru málunum í hverfinu að sporna við loftmengun, hljóðmengun og bæta öryggi gangandi vegfarenda.

Það voru þó nokkrar umræður eftir fundinn og mikið spurt útí borgarlínu og fyrirkomulag við hana, aðgengi og fleira sem skiptir fólk máli. Eftir fundinn komu mörg að máli við mig og lýstu yfir ánægju með umfjöllun á fundinum, hann þótti uppbyggilegur og málefnalegur, sömuleiðis komu jákvæðar athugasemdir inn á hverfishópa á facebook.

Við spurðum Karl Thoroddsen formann Íbúasamtaka 3. hverfis, Holta, Norðurmýrar og Hlíða einnig um hvað var fjallað og hvað bar hæst á fundinum?
Það var var farið almennt yfir þjónustu og fyrirhugaða uppbyggingu í hverfinu, segir Karl. Það sem bar þó hæst voru samgöngumálin. Borgarlínan og mögulegur stokkur undir Miklubraut. Fyrir fundinn fundaði borgarstjóri með Hverfisráði og Íbúasamtökum og þar fórum við yfir ýmislegt tengt hverfinu, uppbyggingu, hljóðvarnir, skólalóðir, umferðaöryggi og margt fleira sem brennur á okkur íbúum í hverfinu og mikilvægt er að fara yfir reglulega.

**Hvernig var mætingin og var fólk áhugasamt?**
Það var mjög góð mæting á Kjarvalstöðum, vel yfir 100 manns og mikið af embættismönnum frá borginni. Fólk var sérstaklega áhugasamt um samgöngumálin og samkvæmt handauppréttingu þá er mikill stuðningur við Miklubraut í stokk og meirihluti studdi síðan uppsetningu Borgarlínu til að minnka bílaumferð. Fyrir utan Kjarvalstaði voru síðan 50-60 bílar og eitt reiðhjól.

**Var samhljómur hjá íbúum um hvað þyrfti að gera?**
Einu umræðurnar sem sköpuðust voru um Borgarlínuna. Það sem var helst bent á var að hún leysi ekki bráðavanda samgöngumála í Reykjavík heldur sé framtíðarmúsík.

PRENTUN, LJÓSRITUN, SKÖNNUN, PLÖSTUN, BOÐSKORT, NAFNSPJÖLD OG TEIKNINGAPRENTUN
PRENTA
Borgartúni 24 • 105 Reykjavík • Sími 553 3200
prenta@prenta.is • www.prenta.is

35 ára
Gjafakort fyrir þá sem þér þykir vænt um
GRÍMSBÆ VIÐ BÚSTAÐAVEG
SÍMI 553 1262
ÁRSÓL
Snyrtivöruverslun
Snyrtistofa

Smur- og hjólbarðaþjónusta
Alhliða bílaviðgerðir og viðhald
SMURÞJÓNUSTA - SAMNINGAR VIÐ ÖLL HELSTU BÍLAUMBOÐ



Smurstöðin KLÖPP
VIÐ VEGMÚLA S. 553 0440
Opið kl. 8-18 virka daga




verðlistinn
Suðurlandsbraut 30 • 108 Reykjavík • 553 3755

# MINNISSTÆTT FÓLK – Móðir mín-Rúna Guðmundsdóttir

Mig langar til að minnast einstaklings sem að mínu mati var frábær. Svo ótrúlega góð, falleg, gáfuð og sérstök, í raun afburðamanneskja sem gat gert nánast allt, bæði til hugar og handar. Þetta var hún móðir mín, Rúna Guðmundsdóttir. Faðir hennar húsgagnasmíðameistari og bæjarfulltrúi til 16 ára og allt hennar fólk var meira og minna mjög sérstakt. Hún var komin af Bergsætt en þaðan eru einir mestu listamenn þjóðarinnar, málarar, skáld, söngvarar, smiðir, fiskimenn, bændur og líka óreglumenn. Það má segja að allt Kjalarnesið hafið verið blóðskylt henni mömmu og þangað var hún send í sveit. Þar var bærinn Lykkja og þaðan voru mesturæturnar. Þar bjuggu systkin, ótrúlega furðuleg og sérvitur, einkennilega gerð, þannig að vera í sveit hjá slíku fólk fyrir afburða-einstakling hlýtur að hafa verið mikil raun. En hún lét sig hafa það og var í nokkur ár vistuð á viðlíka slóðum.



Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir

**Æskan og hæfileikarnir**

Mamma var fædd 2.október árið 1923 og lést 7.janúar árið 1997. Hún hét fullu nafni Guðbjörg Rúna, en var alltaf kölluð Rúna. Þetta Rúnu-nafn hefur nú gengið í erfðir í fjórar kynslóðir í beinan kvenlegg. Móðir mín átti mjög fjölskrúðuga æsku og lagðist í lömunarveiki mjög ung og óttuðust margir að hún myndi látast. En hún reis upp og átti eftir margflókið líf. Hún var skemmtileg, undurfalleg, með kolsvart liðað hár, bogadregnar augnabrúnir, himinblá augu, tvo djúpa spékoppa og hökuskarð. Í barnæsku var einn besti vinur Rúnu hinn frægi kúluvarpari Gunnar Huseby, sem mamma kallaði alla tíð Bassa. Gunnar reyndist okkur öllum sérlega góður. Í uppvexti mömmu komu mjög snemma fram listrænir hæfileikar sem mátti finna og sjá í mögnuðum hannyrðum. Ég er með langan klukkustreng sem hannaður var alfarið af henni sjálfri. Ásgeir Bjarnþórsson listmálari sagði við mömmu mína að hún gæti orðið besti portrett-málari á Íslandi. Steingrímur St.Th.Sigurðsson listmálari var góðvinur Rúnu og hann sagði um hana að hún hefði verið eins konar dýrlingur. Hún tók alltaf á móti þeim sem þurftu á að halda og gjarnan mætti fólk í kaffi til hennar til þess að fá leiðsögn og fyrirbænir.

Þegar mamma var gagnrýnd fyrir að vera með allt þetta lið stöðugt inná gafli hjá sér, vitnaði hún gjarnan í þessa vísu:

*Er rangt að hlúa að særðri rós?*
*Er rangt að kveikja í myrkri ljós?*
*Er rangt að veita öðrum yl?*
*Er rangt að geta fundið til?*
*(höf. ókunnugur)*

**Hörkukona og móðir af Guðs náð**

Ein stærsta ógæfa í lífi móður minnar var að hún virtist laða að sér andstæðu sína. Hún hafði eðlislæga samkennd með fólki og dró óaðvitandi að sér menn sem misnotuðu góðmennsku hennar og höfðu mjög slæm áhrif á fjölskyldulíf okkar allra. En móðir mín var 100% reglusöm, notaði aldrei vín eða tóbak og lifði mjög grandvöru og heilbrigðu lífi. Hún var Húsmæðraskólagengin og lagði gífurlega mikið upp úr hreinlæti og vandvirkni í öllu. Við vorum mjög mörg systkini mín og alltaf fullt af aukabörnum því að hún hreinlega unni börnum. Hún til að mynda ól upp tvö barnabörn auk þess að fóstra mörg önnur. Mamma lét mig lesa ógrynni bóka og hlusta á öll útvarpsleikrit og flest það sem var fréttnæmt í útvarpi. Hún fór með okkur krakkana í risagöngutúra og bæði tíndum við ber og blóm á leiðinni. Hún rakaði hey á bóndabæ sem var skammt frá heimili mínu og sinnti flestu því sem viðkom bæði húshaldi og öðru sem til féll utandyra. Hún var fyrsti kvenmaðurinn sem ég þekkti, sem átti hjól og hjólaði um alla Reykjavík. Hjólið smíðaði afi minn og var það mun stærra flest hjól en mamma var efnismikil og stór, svo að henni veitti ekkert af. Á þessu hjóli reiddi hún okkur systkinin á víxl og elskuðum við að sitja fyrir aftan hana og þeysast áfram. Þegar hún var yngri mikl-aði hún það ekki fyrir sér að róa sjálf á bát til að veiða fisk, og það tel ég að hafi nú ekki verið algengt að kvenfólk gerði.

**Við mæðgurnar**

Rúna var mjög pjöttuð, alltaf skreytt gulli eða silfri, fallega greidd og mjög fínt klædd, og sást aldrei á almannafæri öðruvísi en að vera vel til höfð. Ég undrast mest hvernig hún fór að því að sinna börnunum sínum eins vel og raun bar vitni miðað við þá hrikalegu erfiðleika sem hún stóð frammi fyrir. Hún átti nokkur stormasöm og erfið ástarsambönd, og stóð oft frammi fyrir að ala börn upp ein og í fátækt, og þá skoraðist hún ekki undan að taka þeirri vinnu sem í boði var, þótt mörg störfin væru erfið. Það voru margir sem hneyksluðust og slúðruðu um dóttur bæjarfulltrúans og þá svaraði hún svona fyrir sig:

*Dómari Jón þú dæmir mig.*
*Dómurinn þinn er skæður.*
*Dómarinn sá mun dæma þig*
*sem dómunum öllum ræður.*
(Látra-Björg)

Ég og mamma vorum mjög miklir vinir og bárum til dæmis út blöð saman eldsnemma á hverjum morgni. Jóna Rúna, af því að hún var að vaxa, varð oft dálítið þreytt um miðjan daginn, og þá bara dreif mútta hana upp í rúm og lét hana hvíla sig í um klukkutíma og lesa. Þegar ég svo fullorðnaðist, fórum við mamma mikið út saman og keyrðum á milli staða, því þó að mamma mín væri ein fyrsta konan til að taka ökupróf á Íslandi, hjá löggu sem hún þekkti, þá gerði hún lítið af því að keyra síðustu árin.

**Siðferðislegt uppeldi**

Fyrir nokkrum árum var ég á tali við bróður minn og hann sagði við mig: „Jóna, það er svo furðulegt, ef ég geri eitthvað rangt þá fer ég



Rúna litla

alltaf að hugsa til baka, aðallega um bænirnar hennar mömmu. Þegar ég hugsa um þetta þá hætti ég oftast við að gera ranga hluti og langar ekki til þess." Svona sáði hún fræjum heiðarleika, góðmennsku og annarra mannkosta í börnin sín. Rúna var afar bænheit og hafði alltaf við hendina risatalnaband sem hún notaði grimmt. Hún trúði staðfastlega á guðlega forsjá og svo mikil var trú hennar að ef eitthvað kom upp sem hún réði ekki við, þá jókst bænheyrslan og öll börnin hennar voru krossuð og signuð í bak og fyrir. Við vorum svo lítil að við héldum vart höfði þegar Rúna byrjaði að kenna okkur bænir. Við vorum látin fara með Faðir vorið og enda svo á langri klásúlu sem lá meðal annars í því að við myndum aldrei drekka brennivín, aldrei reykja sígarettur, aldrei taka það sem við áttum ekki, alltaf vera góð við þá sem minna máttu sín, eiga sem best samskipti við aðra og rétta þeim hjálparhönd sem þurfandi voru. Þetta sögðum við á hverju einasta kvöldi alla okkar æsku og uppvöxt og það er nokkuð ljóst að það sem bróðir minn sagði hafði sömu áhrif á mig, mig langar ekki að gera rangt af því að mamma mín elskaði mig svo heitt að ósjálfrátt eru öll hennar orð og óskir lög í mínum huga.

*Jóna Rúna Kvaran*



Rúna á fermingardaginn

*Kveðja*

*Fallin er hjartans fögur rós*
*og föl er kalda bráin.*
*Hún sem var mitt lífsins ljós*
*ljúfust allra er dáin.*

*Drjúpa hljóðlát tregatár*
*og tómið fyllir allt.*
*Ekkert sefar hjartasárin*
*í sálu andar kalt.*

*Þögul sorg í sál mér næðir*
*sár og vonarmyrk.*
*En Drottinn ætíð af gæsku græðir*
*og gefur trúarstyrk.*

*Hnípinn vinur harmi sleginn*
*hugann lætur reika.*
*Kannski er hún hinum megin*
*í heilögum veruleika.*

*Þú ert laus frá lífsins þrautum*
*og liðin jarðarganga.*
*En áfram lifir á andans brautum*
*ævidaga langa.*

*Heimur bjartur bíður þar*
*og bráðum kem ég líka.*
*Þá verður allt sem áður var*
*ef veröld finnum slíka.*

*Drottinn verndar dag og nótt*
*á dularvegi nýjum.*
*Aftur færðu aukinn þrótt*
*í eilífð ofar skýjum.*

*Þú alltaf verður einstök rós*
*elsku vinan góða.*
*Í krafti trúar kveiki ljós*
*og kveðju sendi hljóða.*

*Ort af: Jónu Rúnu Kvaran*

**Sérsaumur, búningasaumur, viðgerðir og breytingar**



SKRADDARINN
Á HORNINU

Ármúli 40, gengið inn bakvið • 108 Reykjavík • sími 899-2808
Er á Facebook þar sem þið getið haft samband. Sveigjanlegur opnunartími

# Fjölbreytt þjónusta **í 65 ár**




FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 65 ÁR

EFNALAUGIN

BJÖRG

HÁALEITISBRAUT

STOFNAÐ 1953

Háaleitisbraut 58–60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • www.facebook.com/efnalauginbjorg • Sími: 553 1380




BERNHÖFTSBAKARÍ
STOFNAÐ 1834
KONDITORI




HAPPA ÞRENNAN
Skemmtilegt að skafa






**Lausnarorð: UGLUSPEGILL**

**Verðlaunahafar:**

Gjafabréf frá Garðsapóteki
*Helgi Þorvaldsson*

Klipping frá Greiðunni
*Jón Elíasson*

Áttu fleiri uppskriftir pabbi frá Óðinsauga
*Ívar Kolbeinsson*

Dagbók frá Varmá bókaútgáfu
*Sigríður Friðriksdóttir*
*HerdísGunnlaugsdóttir*

| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | |

Dregið verður úr réttum lausnum 10. mars n.k.

# VERÐLAUNAKROSSGÁTA

**1.verðlaun - Gjafabref frá Ynju Glæsibæ**
**2. verðlaun - Kaka ársins frá Bernhöftsbakaríi.**
**3. verðlaun - Náttbirta kilja frá Uglu**
**4. verðlaun - Happaþrenna HHÍ**

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Miðborg & Hlíðar
Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík

Nafn: ............................................

Heimili: ............................................

Kennitala: ............................................

Símanúmer: ............................................







*Stórsniðugu Náttkjólarnir og náttfötinn frá Vanity Fair*

*Henta konum á öllum aldri.*
*Til í fleiri litum.*
*Koma í stað snúningslaks.*
*Hentugt fyrir gigtarsjúklinga.*

*Verið velkomin til okkar í Glæsibæ*

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Ynja • Glæsibæ • sími 544 4088 • www.ynja.is

# „Músíkantar fá rauðan dregil"

## segir Óli Stolz í prentsmiðjunni Guðjónó



Ólafur Stolzenwald við hljóðfæri prentsmiðjunnar og fyrir aftan hann eru gamlar prentvélar

Upp úr kreppunni á fyrri hluta síðustu aldar varð Rauðarárholtið að athafnasvæði en þá voru stofnuð fyrirtæki á holtinu sem var utan Hringbrautar og því í útjaðri Reykjavíkur á þessum tíma. Þarna voru fyrirtæki eins og Hampiðjan, Ísaga, Ljómi, VÍR og Ofnasmiðjan og þarna var m.a. steinsmiðja, trésmiðja, fatagerð og skógerð. Lítil merki sjást nú um þessa athafnasemi og gömlu verksmiðjuhúsin hafa verið að víkja fyrir rísandi íbúabyggð á holtinu. Eitt hús stendur þó enn en það er hús Kexverksmiðjunar Esju í Þverholtinu en þar er nú aðsetur prentsmiðjunnar GuðjónÓ. Þar sem tíðindamaður blaðsins keypti brotakex út um lúgu sem ungur sveinn er nú rekin vistvæn prentsmiðja og ég hitti Ólaf Stolzenwald einn eigenda fyrirtækisins til að fræðast um það.

Þetta hús er byggt 1938 sem kexverksmiðja, segir Ólafur, og hérna við hliðina á húsinu er ennþá skúr þar sem eigandi verksmiðjunnar, Sæmundur Ólafsson var með hrúta. Nafnið á kremkexi, Sæmundur í sparifötunum er komið frá honum. Okkar forveri, Guðjón Ó. Guðjónsson, byrjaði að prenta 1926 í Vestmannaeyjum en síðan var hann á Hallveigarstíg og á Langholtsvegi en þetta hús er innréttað sem prentsmiðja um 1980.

Ég byrjaði hérna 1986 og við erum þrír sem eigum þetta en auk mín eru það Sigurður Þorláksson og Þórleifur V. Friðriksson sem er uppalinn Holtari. Við tókum við þessu búi 1992 og við erum kúltúrsinnaðir og styðjum menninguna og stundum er hérna eins og í félagsmiðstöð því hingað kemur mikið af fólki.

**Hvað prentið þið helst?**
Það er svona almenn prentun, allt frá umslögum upp í bækur og tímarit. Guðjón var mikið í bókaútgáfu, gaf sennilega út eina hundrað titla og við höfum gefið út eina og eina bók en annars er þetta almenn prentsmiðja.

**Þið auglýsið ykkur sem vistvæna prentsmiðju, í hverju felst það?**
Í kringum aldamótin kom hingað Þjóðverji sem smitaði okkur dálítið en hann hafði rekið prentsmiðju í Þýskalandi eingöngu með endurunninn pappír og var að prófa olíur og eitt og annað til að keyra prentvélarnar, jarðolíur og jurtaefni og hafði þá stefnu að minnka efnin og keyra þetta á vistvænan hátt. Þannig við fengum áhuga á að prófa og urðum fyrsta prentsmiðjan til að fá Svaninn, umhverfismerki Norðurlandanna árið 2000 þannig að við erum komin með langa sögu sem umhverfisvænt fyrirtæki. Í dag erum við að keyra á pappír sem að 90% kemur úr sjálfbærum skógum þannig að eitt svona fyrirtæki getur lagt heilmikið að mörkum fyrir umhverfið.

**Hvað vinna margir hérna?**
Hérna vinna tíu í dag. Það eru smáþrengingar í prentiðnaðinum og við fórum úr 24 starfsmönnum, sem við vorum með þegar ávísanaframleiðsla var hér á níunda áratugnum, niður í 10 en þar kemur líka bættur vélakostur til. Þegar gengið er að hoppa til og frá þá grípa menn gæsina og fara að flytja inn vöruna þannig að það er hætta á að handverk og iðnaður geti hreinlega horfið úr landinu, ekki bara prentiðnaðurinn. Það er nánast allt flutt inn frá Asíu og löndum þar sem verðlag er öðruvísi. En þessi bókaþjóð á að prenta bækurnar sínar hérna heima, hvernig sem við förum að því.

**Þú ert líka tónlistarmaður, hvernig blanda er að vera músikant og prentari?**
Það hefur einhvern vegin loðað við þennan geira að mikil músík hefur fylgt honum í gegnum tíðina t.d. Haukur Morthens og fleiri. Það var auðvelt að setja saman níu manna Big Band og allir prentlærðir þegar Prentarafélagið eða Félag bókagerðarmanna varð hundrað ára. Þetta virðist loða við stéttina og á árum áður var mikið af tónlistarmönnum í prentiðnaði. Það fer vel saman og það er píanó í kjallaranum hjá okkur og menn grípa stundum í það. Það eru þrír tónlistarmenn í húsinu af þessum tíu og það er ágætt hlutfall.

Við höfum styrkt menninguna töluvert og teljum að með þvi séum við að sýna samfélagslega ábyrgð þó svo ekki allir telji að menningin falli undir það. Ég lít svo á að við séum að leggja til samfélagsins ef við aðstoðum lítinn leikhóp eða ljóðskáld sem þarf að fá fyrstu bókina sína nánast fyrir ekki neitt, einhverja sem eru að stíga fyrstu skrefin. En músíkantar fá auðvitað rauðan dregil hjá okkur.



Tryggvi Ólafsson listmálari og starfsmaður GuðjónÓ skoða eftirprentanir af verkum Tryggva













# Hafnarstræti fyrr og nú

**Hafnarstræti er líklega næst elsta gata í Reykjavík. Aðalstræti er elst gatna og lá frá Víkurbænum til sjávar en Hafnarstræti, eða Kaðlara eða Reipslagarabrautin eða Strandgatan, verður til þegar hús kaupmanna og Innréttinganna fara að rísa á sjávarkambinum við víkina á 18. öld. Þessvegna liggur Hafnarstræti í boga því það fylgir strandlengjunni eins og hún var frá fornu fari en neðan við húsin voru trébryggjur kaupmanna og var vörum róið í land frá skipum sem lágu úti á legunni meðan engin höfn var í Reykjavík.**




Eldri myndin er tekin um 1900 og á henni sést að mikil athafnasemi hefur verið í götunni. Á nýrri myndinn getur að líta heillegustu götumynd eldri húsa í Hafnarstræti en timburhúsin nr. 16 og 18 var byrjað að reisa um árið 1800 og nr. 18 sem áður hýsti m.a. Hótel Alexöndru en er nú aðsetur Sambands íslenskra myndlistarmanna hefur lítið breyst. Á horni Hafnarstrætis og Pósthússtrætis er hlaðið hús sem var reist sem barnaskóli 1882, þjónaði síðar sem pósthús og lögreglustöð en nú er það aðsetur Hins Hússins.




Hafnarstræti 4 skartaði útskornum drekum þegar það var reist árið 1907 en nú er það skrautlaust eins og sést á nýrri myndinni. Handan götunnar er svo Fálkahúsið en það hýsti konungsfálka áður en þeir voru sendir til Danmerkur þar sem þeir voru tamdir. Fálkahúsið var fyrsta húsið sem reis við norðanvert Hafnarstræti en elsti hluti þess er frá 1868.




Hús kaupmanna sem risu á 18. öld við Hafnarstræti voru flest tvílyft með háu risi eins og Enska verslunin sem var númer 8. Það var rifið 1902 og byggt þrílyft hús í staðinn en það brann í miðbæjarbrunanum 1915 og þá fóru steinhúsin sem nú eru allsráðandi í götumyndinni að rísa.





Hafnarstræti austanvert í kringum aldamótin 1900. Flest öll húsin norðanmegin eru nú horfin og einungis Hafnarstræti nr. 15 og 17 standa enn en nr. 17 eru mikið breytt. Þar sem steinhús Rammagerðarinnar var áður er nú risið nýtt hús sem í daglegu tali er kallað „straujárnið" og hefur Lyfja opnað lyfjabúð í húsinu.




Þessar myndir eru teknar úr glugga á turninum á Nathan & Olsenhúsinu í Austurstræti sem nú hýsir Hótel Apótek. Myndirnar eru teknar með 100 ára millibili en á þeirri eldri sjást húsin í Hafnarstræti neðst á myndinni og vinstramegin eru húsin nr. 15 og 17 sem enn standa og sjórinn nær næstum að húsunum norðanmegin við götuna. Á nýrri myndinn rétt grillir í ris húsanna en norðan við þau rísa stórhýsi sem byggð eru á landfyllingum.



## Þorgerður heiðursborgari

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sæmdi Þorgerði Ingólfsdóttur, tónlistarkennara og kórstjóra, heiðursborgaranafnbót Reykjavíkurborgar við hátíðlega athöfn í Höfða þann 31. janúar s.l. Þorgerður á langan tónlistarferil að baki en hún stundaði tónlistarnám á Íslandi, í Bandaríkjunum, Austurríki, Bretlandi, Ísrael, Noregi og Sviss.

Þorgerður stofnaði Kór Menntaskólans við Hamrahlíð árið 1967 og framhaldskór hans, Hamrahlíðarkórinn, árið 1982. Undir stjórn Þorgerðar hafa kórarnir notið gríðarlegra vinsælda, haldið fjölda tónleika hér heima og erlendis og hlotið margvísleg verðlaun, viðurkenningar og lofsamlega dóma. Þúsundir ungmenna hafa hlotið tónlistaruppeldi í Hamrahlíðarkórunum og fjöldi landsþekktra tónlistarmanna og hljómsveita hafa haft þar viðkomu og má þar nefna Sigríði Thorlacius, Björk Guðmundsdóttur, Kristinn Sigmundsson, Egil Ólafsson og Valgeir Guðjónsson, og hljómsveitirnar Spilverk þjóðanna, Hjaltalín og Moses Hightower.

Á myndinni er Þorgerður Ingólfsdóttir, heiðursborgari Reykjavíkur, Knut Arne Ödegard eiginmaður hennar og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.



## Draugar í Hinu Húsinu

Draugar fortíðar gengu ljósum logum um Hitt Húsið og nágrenni á Safnanótt. Hitt húsið er í tveimur húsum, annarsvegar gamla pósthúsinu en hinsvegar í fyrrum lögreglustöð. Í kjallara lögreglustöðvarinnar voru fangaklefar og þar gengur aftur ýmist ógæfufólk sem losnar ekki úr þeirri prísund sem jarðlífið er.

# Fréttir frá Val



## Húsfyllir á fyrirlestri um markmiðs-setningu íþróttamanna



Fyrsti fyrirlesturinn í fyrirlestraröð Valsleiðarinnar 2018 fór fram í 30. janúar þegar Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri KVAN og mikill Valsari fór yfir markmiðasetningu íþróttamanna. Það var frábær mæting, fullt út úr dyrum, og Jón gaf viðstöddum fjölmörg góð ráð um hvernig hægt er að setja sér markmið á mismunandi hátt og vinna út frá þeim. Frábær byrjun á fyrirlestraröð Valsleiðarinnar og stefnan er að halda fróðlega fyrirlestra með reglulegu millibili fyrir allt Valsfólk um sálfræði, styrktarþjálfun og næringu o.fl.

## Jóhann Emil Elíasson ráðinn yfirstyrktarþjálfari Vals



Knattspyrnufélagið Valur hefur ráðið Jóhann Emil Elíasson sem yfirstyrktarþjálfara félagsins. Jói mun sinna yfirumsjón og þjálfun allra deilda félagsins. Ennfremur mun Jói hafa yfirumsjón með tækjasal, sinna mælingum, séræfingum, og koma að fræðslu.  Ekki þarf að fjölyrða hversu mikil fengur það er fyrir Val að hafa svo öflugann og sérhæfðann styrktarþjálfara fyrir félagið, í fullu starfi.

Jói er fæddur og uppalinn í Keflavík og lék knattspyrnu með Keflavík alla yngri flokka, spilaði með Reyni Sandgerði, Þrótti Vogum og Ými í meistaraflokki. Hann byrjaði að starfa sem einkaþjálfari 1996 í Lífsstíl í Keflavík og hefur unnið með íþróttafólki, íþróttaliðum og almenningi síðan þá.
Jói útskrifaðist frá KHÍ 2002 með B.Sc. í íþróttafræðum. Hann starfaði sem íþrótta-& sundkennari árin 2002-2016 í Keflavík & Álftanesi, en hann stofnaði Spörtu heilsurækt um mitt ár 2013. Hann hóf störf sem styrktarþjálfari mfl. karla í knattspyrnu hjá Val í nóvember 2016 og hefur skilað mjög góðu starfi þar. Það er frábært að við getum notið krafta hans fyrir allt félagið og bjóðum við Jóa velkominn í okkar öfluga lið.

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd og Breiðhöfða, Lyf og heilsa; Granda, Kringlu og Austurveri, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup og Krabbameinsfélagið.

Sif höfuðhandklæði

elfursif@internet.is gsm 660 8860

Nánar um sölustaði á facebook

DÝRALÆKNASTOFA DAGFINNS

www.dagfinnur.is

Opið 8:30-17:00
Bílastæði á lóðinni
Skólavörðustíg 25A verið velkomin

ÁN MSG




POTTAGALDRAR

Krydd fyrir framandi matargerð

ÁN ALLRA AUKAEFNA

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2






Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.

Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**
9-18:30 virka daga
10-16:00 laugardaga

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**Umsókn um styrk úr Borgarsjóði**

**Umsækjandi: Með oddi og egg ehf. Hverfablað: Miðborg & Hlíðar**

**Kennitala: 481106 2300**

**Heimilisfang: Sundlaugavegur 7**

**Netfang: marg@heimsnet.is**

**Símanúmer: 822 9688**

**Póstnúmer: 105**

**Staður: Reykjavík**

**Nafn ábyrgðarmanns: Már Guðlaugsson**

**Kennitala ábyrgðarmanns: 1511643909**

**Heimilisfang ábyrgðaraðila: Sundlaugavegur 7**

**Póstnúmer ábyrgðaraðila: 105 Reykjavík**

**Netfang ábyrgðaraðila: marg@heimsnet.is**

**Símanúmer ábyrgðaraðila: 822 9688**

**Hlutverk ábyrgðaraðila: Útgefandi, Ritstjóri, Ábyrgaðarmaður**

**Upphæð sem sótt er um: 500.000**

**Banki: 515**

**Höfuðbók: 26**

**Reikningsnúmer: 2300**

**Heiti verkefnis: Úgáfa hverfablaðs**

**Lýsing á verkefni: Blaðaútgáfa í 14.000 eitökum. Vinna við skrif (blaðamennska) Hönnun og frágangur til prentsmiðju. Prentun og dreifing.**

**Hverjir hafa helst hag af styrknum? Íbúar hverfanna sem fá blaðið inn um póstlúguna, jafnt konur og karlar, og þeir sem fjallað er um bæði konur og karlar.**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Nær eingöngu karlar

Fleiri karlar en konur

Bæði kynin jafnt

Fleiri konur en karlar

Nær eingöngu konur

**Hverjir munu vinna að verkefninu? Konur og karlar koma að jafnaði nokkuð jafnt að vinnu við blaðið**

Hér þarf að koma fram hvort það séu:

Aðallega karlar

Aðallega konur

Bæði kynin jafnt

**Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)**

**Fyrirtækið er smátt í sniðum, aðeins einn fastur starfsmaður, en reksturinn byggist á samstarfi við nokkra aðila jafnt konur og karla.**

**Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? (Mannréttindastefnu má finna hér: Mér sýnist að verkefnið falli vel að Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að öllu leitir.**

thttp://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_3.pdf)

**Fjármögnun:**

**Verk- og tímaáætlun verkefnisins**

**Áætlaðir tekjuliðir og upphæðir**

**Áætlaðir útgjaldaliðir og upphæðir**

**Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?**

-
-
-

**Aðrar upplýsingar:**

**Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?**

**Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?**

**Annað sem umsækjandi vill taka fram**